



**Á vegferð til fortíðar?
Rússland undir stjórn Pútín**

Árman Snævarr

Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum

**Félagsvísindasvið
Júní 2015**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Á vegferð til fortíðar?
Rússland undir stjórn Pútíns

Ármann Snævarr

Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ármann Snævarr 2015

180181-4669

Reykjavík, Ísland 2015

Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að útskýra utanríkisstefnu Rússlands í dag. Aðstæður innan Rússlands er Vladímír Pútín tók við völdum verður kannaðar. Lítið verður á hvernig Pútín komst til valda og þær hugmyndir sem hafa mótað hann sem leiðtoga. Var það verður ljósi á áhrif þjóðernishyggju og þörf Rússa til að vera taldir stórveldi. Þau rök hafa verið sett fram af fræðimönnum að hegðun Rússa Vesturveldum um að kenna. Of mikil trú og áhersla á frjálslyndisstefnuna hafi framkallað fyrirsjáanleg viðbrögð af hálfu Rússa. Áherslum formgerðarraunhyggjunnar, og raunhyggju almennt hafi ekki verið beitt nægilega við greiningu á hegðun og viðbrögðum Rússa. Sannleiksgildi þessara röksemda verða kannaðar.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru að það hefur töluvert vægi að líta á hegðun Rússa með kenningargleraugum formgerðarraunhyggjunnar. Rússar virðast vera gríðarlega óöryggir með sig. Það er þó ekki hægt að kenna Vesturveldum bara um hegðun Rússa. Aukin áhrif þjóðernishyggju innan Rússlands hafa ýtt undir tilfiningu þeirra um að vera umkringgt ríki. Það mikilvægasta fyrir Pútín og valdahóp hans er að halda völdum í landinu og lögmæti valda þeirra er að miklu leiti tengt persónulegum vinsældum Pútín. Aukin óánægja innan landsins með stjórn Pútín kom þeim á óvart og hefur aukið persónulegt óöryggi þeirra. Hefur það haft mikil áhrif á utanríkisstefnu Rússlands í garð Úkraínu þar sem meira valdi hefur verið beitt gegn nágrönnum Rússa en áður.

Abstract

The objective of this thesis is to explain the foreign policy of Russia under the leadership of Vladimir Putin. The situation in Russia in the beginning of his leadership will be explored. His path to power and the ideas that have shaped him as a leader will be examined. Other factors that will be looked at are the influence of nationalism and the Russian need for being a powerful actor in world affairs. Some have argued that the behaviour of Russia is the fault of too much optimism in the power of liberalism by the Western world. The influence of structural realism and realism in general had not been given enough attention. The accuracy of this criticism will be explored.

The conclusion of this thesis is that structural realism does help to explain Russian foreign policy. Russia seems to be very insecure about its place in the world. However it is not enough simply to blame the West for the behaviour of Russia. The growing influence of nationalism in Russia has been influential in creating a mentality of Russians' feeling that they are being surrounded by hostile forces. The most important thing for Putin and his group of inner circle of associates and advisers is to stay in power. Their legitimacy is largely built on the personal popularity of Putin. Increased dissatisfaction with Putin came as a shock to them and has increased Putin's and his inner circle of associates and advisers' personal insecurity. These factors explain the robust reaction to events in Ukraine and why Russia has reacted with more force than in previous conflicts with its neighbours.

Formáli

Ástæðan fyrir því að þetta viðfangsefni var valið er mikill áhuga höfundar á Rússlandi. Saga landsins og menning er mjög heillandi viðfangsefni sem endalaust hægt er að rannsaka. Rússland er flókið land þar sem ólíkar áherslur hafa tekist á. Þó eru sumar áherslur sem virðast tengja saman mismunandi kynslóðir Rússa. Samskipti landsins við Vesturveldin hefur alltaf vakið áhuga höfundar frá því að hann sá Berlínarmúrinn á unga aldri. Frá þeim tíma hefur höfundur alltaf fundist áhugavert að kynna sér betur hvernig Rússar upplifa Vesturveldin. Einnig er Vladímír Pútín leiðtogi Rússland áhugaverð manneskja í augum höfundar. Því fannst höfundur það vera kjörið tækifæri að skoða hvernig hann komst til valda og hvernig hann hefur haft áhrif á utanríkisstefnu landsins.

Ritgerð þessi er metin til 30 ECTS eininga og er lokaverkefni í meistaranámi í alþjóðasamskiptum við Stjórnmaladeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn er Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúntkt við Stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands. Er ég henni þakklátur fyrir góða leiðsögn sem hún hefur veitt mér. Einnig vill ég þakka fjölskyldu minni allri fyrir ómetanlega aðstoð og hvatningu. Sérstaklega vill ég þakka eiginkonu minni Zeynep Sidal Snævarr sem hefur hvatt mig áfram og alltaf haft trú á mér.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Útdráttur..... | 3 |
| Abstract..... | 4 |
| Formáli..... | 5 |
| Inngangur..... | 8 |
| Fræðileg samantekt..... | 11 |
| Raunhyggja..... | 12 |
| Klassísk raunhyggja..... | 12 |
| Nútímaraunhyggja..... | 13 |
| Formgerðarraunhyggja..... | 15 |
| Sóknarsinnuð raunhyggja..... | 17 |
| Gagnrýni á raunhyggju..... | 18 |
| Frjálslyndisstefna..... | 19 |
| Hugsjónir frjálslyndisstefnunnar..... | 20 |
| Frjálslyndisstofnanahyggja..... | 22 |
| Lýðræði..... | 24 |
| Gagnrýni á frjálslyndisstefnu..... | 26 |
| Frjálslyndisstefna og raunhyggjan..... | 27 |
| Aðferðarfræði..... | 29 |
| Ríki í tilvistarkreppu..... | 31 |
| Björninn vaknar..... | 33 |
| Mikilvægi ímyndar og persónu Pútíns..... | 38 |
| Utanríkisstefna Pútíns..... | 40 |
| Von um betra samband..... | 43 |
| Drifkraftar Rússneskrar utanríkisstefnu..... | 45 |
| Þjóðernisríkishyggja..... | 47 |
| Fjármálakreppan 2008..... | 50 |
| Óróatímabilið..... | 52 |

| | |
|---------------------------------|----|
| Umsetið ríki..... | 55 |
| Þrengt að Rússum..... | 58 |
| ESB og stækkun til austurs..... | 61 |
| Áhrifasvæði Rússa | 62 |
| Georgía | 66 |
| Úkraína | 69 |
| Ólík kenningarleg gleraugu..... | 75 |
| Skiptar skoðanir | 76 |
| Niðurstöður | 82 |
| Heimildaskrá..... | 87 |

Inngangur

Ástandið í heiminum einkennist að mörgu leyti af óvissu. Þegar fylgst er með fjölmiðlum er ljóst að hættur leynast víða. Er þetta allt frá aðgerðum öfgahreyfinga eins og hins Íslamska ríki, til umhverfis- og efnahagshættu. Eitt sem fáir hefðu spáð fyrir um að myndi teljast til sérstakra áhættuþátta, fyrir um tuttugu árum síðan er á hvað vegferð Rússar eru í dag. Þegar blöðum dagsins er flett vaknar á stundum hugboð um að maður hafi gripið dagblað sem kom út á tímabili kalda stríðsins, en ekki á öðrum áratugi tuttugustu og fyrstu aldar.

Aðgerðir Rússa í garð nágretta sinna bæði með beinum hernaði og einnig ögrandi tilburðum t.d. í garð Norðurlandþjóða. hefur orðið þess valdandi að margir hafa áhyggjur af hegðun þeirra. Þá eru versnandi samskipti þeirra við Vesturveldi, ríki Norður-Atlantshafsbandalagsins (NATO) og Evrópusambandsins (ESB), mörgum áhyggjuefni, þó ekki séu allir sammála hverjum um er að kenna. Það er engum til hagsbóta að samband Rússa, NATO og ESB haldi áfram að versna eins og gerst hefur. ESB sem dæmi, stundar mikið viðskipti við Rússa og hefur samband þeirra á milli mikla þýðingu um framvindu efnahagsmála í álfunni. Landamæri NATO ríkja eru nú nærri Rússlandi, s.s. Pólanndi og telja Rússar sér stafa ógn af því.

Innan NATO er að finna ríki sem af sögulegum ástæðum stendur ógn af Rússum. Hegðun Rússa er ekki aðeins vandamál fyrir nágretta þeirra heldur einnig önnur ríki Evrópu. Þrátt fyrir að Ísland sé í töluverðri fjarlægð frá Rússlandi höfum við orðið vör við aukin umsvif þeirra í nálægð landsins. Þetta þekkja eldri kynslóðir vel, en þær yngri eru að upplifa í fyrsta skipti. Rússland er mikilvægt ríki fyrir okkur Íslendinga og mikilvægt að við séum vel upplýst um hvað útskýrir framferði Rússa. Þá eigum við aðild að NATO og erum nátengd ESB í gegnum samninginn um hið Evrópska efnahagsvæði. Málefni Norðurslóða eru okkur einnig mjög mikilvæg og eru Rússar mikilvægir aðilar í því sambandi. Það er því ljóst að slæmt samband Rússa og Vesturvelda er ekki málefni sem við Íslendingar getum leitt hjá okkur. Við erum því í raun ekki einangruð eyja í málefnum Rússlands og Vesturvelda frekar en öðrum alþjóðamálum.

Til þess að skilja betur umræðuna um hegðun Rússa verða áhrifamiklar kenningar í alþjóðasamskiptum hafðar til hliðsjónar. Eru það raunhyggja, sérstaklega formgerðarraunhyggjan og frjálslyndisstefnan. Í byrjun ritgerðarinnar verður fyrst fjallað um þær kenningar sem ritgerðin styðst við. Þessar ólíku nálganir á alþjóðastjórnámálum hafa átt í

áhugaverðum samræðum í langan tíma. Snýst sú rökræða um hvað skýri best hegðun ríkja og hvernig best er að rannsaka hana. Ekki eru allir á því að það skipti máli að greina sérstaklega það sem er að gerast innan ríkja. Það sem útskýri hegðun ríkja sé fremur alþjóðakerfið og þeir þættir sem einkenna það. Þessu mótmæla margir og telja að innanríkismál hafi mikið gildi til útskýringar. Til þess að skilja þessa rökræðu verður fjallað í upphafi ritgerðar um lykilatriði þessara kenninga. Markmiðið með því er að gera lesanda kleift að öðlast nægilegan skilning á þeim til þess að dæma sjálfur um hve vel þetta eigi við Rússland í dag. En með þetta markmið að leiðarljósi er nauðsynlegt að skoða hvað hefur verið að gerast innan Rússlands, sérstaklega frá því að Vladímír Pútín tók við stjórn. Með því verður hægt að sannreyna hvort það hafi nægjanlega mikið gildi til að útskýra hegðun ríkja að kanna ástand mála innan lands. Þá verður lesandi vonandi einnig betur í stakk búinn til að mynda sér sínar eigin sjálfstæðu skoðanir ótengt skoðunum höfundar. Margar ástæður hafa verið nefndar af hverju Rússar hegða sér líkt og þeir gera. Ekki er hægt að gera þeim öllum en í þessari ritgerð verður fjallað um nokkrar mikilvægar tilgátur til skýringar.

Þær rannsóknarspurningar sem liggja til grundvallar þessu verkefni eru:

- Hvað þættir útskýra hegðun Rússa í dag?
- Hvað liggur á bak við þá hegðun?

Þetta eru aðal viðfangefni þessarar ritgerðar. Undirspurningar til þess að hjálpa við að svara þessum spurningum eru :

- Útskýrir stefna Vesturvelda hegðun Rússa í alþjóðamálum ?
- Hvaða hlutverk, ef eitthvað, hefur persóna Vladímír Pútíns í hegðun Rússa?
- Hvaða vægi ef eitthvað hefur ástand mála innan Rússlands t.d. hlutverk Pútíns og óánægju með hann?

Til þess að svara þessum spurningum verður litið á rökræður fræðimanna um málefni Rússlands og áherslur formgerðarraunhyggjunnar og frjálslyndisstefnunnar. Til þess að lesandi geti myndað sé sína eigin skoðun verður útskýrt hvernig ástand mála var innan Rússlands við síðustu aldamót þegar Vladímír Pútín tók við. Bakgrunnur Pútíns og hvernig hann komst til valda verður útskýrður. Ekki er annað hægt en að líta aftur til sögu ríkja eins og Rússlands þegar reynt er að skilja hvað það er sem mótar hegðun þess. Því má flokka þessa ritgerð að ákveðnu leyti undir stjórnmálasögu. Litið verður á það hvernig Rússa sjá sitt hlutverk í samfélagi ríkja. Kannað verður hvað átt er við þegar talað er um nærsvæði Rússa og litið til nýlegra dæma um aðgerðir Rússa þar. Einnig verður hlutverk rússneskrar

þjóðernishygga í rússnesku samfélagi útskýrt og reynt að varpa ljósi á hve stórt hlutverk hún leikur í utanríkismálum.

Það er von höfundar að með þessari ritgerð bætist í þann sarp sem við Íslendingar getum leitað í til að auka þekkingu okkar á Rússlandi. Með því að rannsaka ítarlega ástand mála innan Rússlands verður betra hægt að skilja hvernig Rússar upplifa sinn stað í alþjóðasamfélaginu. Aukið samstarf Norðurlandþjóða á sviði öryggis- og varnarmála ýtir einnig undir mikilvægi þess að til sé góð nýleg þekking á íslensku um málefni Rússland. Nauðsynlegt er fyrir okkur Íslendinga að eiga gott safn upplýsinga um utanríkismál á íslensku. Þó það hafi reynt erfiðara að skrifa þessa ritgerð á íslensku en ensku, sem er tungumál allra heimilda sem stuðst er við í ritgerðinni, er það mér bæði ljúft og skylt að rita hana á íslensku.

Nauðsynlegt er að greina ríki og skilja hegðun þeirra. Það getur reynt góður eiginleiki að geta sett sig í spor annarra. Það á við um hegðun Rússa eins og flest annað að það eru tvær hliðar á hverju máli. Ljóst er að upplifun einstaklings sem býr í Rússlandi er ekki sú sama og þess sem býr á Íslandi. Þekking og skilningur gerir okkur betur í stakk búin til að taka mikilvægar ákvarðanir sem varða ekki aðeins hagsmuni okkar eigin borgara, heldur borgara annarra ríkja. Það að skilja aðgerðir ríkja og hvað liggur á bak við þær er ekki það sama og styðja þær. Það er hinsvegar einlæg trú mín að með því að skilja hvernig önnur ríki upplifa heiminn í kringum sig og sjálfan sig myndist betri grundvöllur til samvinnu ríkja í heimi, sem seint verður lýst sem einföldum eða einsleitnum.

Fræðileg samantekt

Ritgerðin er til meistaraþrófs í alþjóðasamskiptum. Sú fræðigrein er frekar ung. Hún kom í raun ekki fram sem sérstök fræðigrein fyrr en eftir lok fyrri heimstýrjaldar. Áður hafði hún tilheyrt öðrum fræðigreinum svo sem heimspeki, sögu og lögfræði. Enn þann dag í dag má finna arfleifð þessara fræðigreina í alþjóðasamskiptum. Það hefur í raun aldrei verið sátt um hvernig best er að rannsaka alþjóðasamskipti eða hvers eðlis þau í raun eru. Mörgum finnst erfitt af þeim sökum að ákveða hvað eigi að taka tillit til við rannsóknir í alþjóðasamskiptum; á að beina sjónum að einstöku ríkjum eða alþjóðakerfinu (Hollis og Smith 2009, 16). Er talað er um ríki í þessari rannsókn er átti við skilgreiningu Max Weber. Ríki samkvæmt Weber er samfélag manna á ákveðnu landsvæði þar sem ríkið hefur einkarétt á beitingu valds (Weber 1946, 83-84). Ef til vill er best að skilgreina alþjóðasamskipti sem fræðigrein sem fer inn á svið margra annarra fræðisviða. Hún hefur þó, síðan að hún varð til sem sérstök fræðigrein, farið í gegnum nokkur ólík skeið í sögu sinni. Það sem sameinar þó öll þessi skeið er viljinn til að gera byggja sterkari vísindalega grunn undir fræðigreinina (Hollis og Smith 2009, 16).

Það er auðvelt að verða ringlaður á því sem er að gerast í alþjóðamálum í dag. Hlutirnir breytast fljótt og stundum er erfitt að vita hvað snýr upp og hvað snýr niður. Það er einmitt þá sem mikilvægi kenninga og fræðilegrar nálgunar á flóknum viðfangsefnum er hvað mikilvægastur. Kenningum má líka við gleraugu sem við getum sett upp þegar við viljum sjá atburði heimsins með skýrari hætti. Engin ein gleraugu eða kenning er eins. Hægt er að sjá og upplifa sömu atburði og viðfangsefni með mjög ólíkum hætti allt eftir þeim gleraugum sem við notum. Það er því mikilvægt að hafa góðan kenningarlegan bakgrunn til að öðlast dýpri skilning á síbreytilegum heimi. Eins og sagt var hér að framan er aðal rannsóknarspurningin sem leitast er við að svara í þessari ritgerð: Hvað útskýrir hegðun Rússa? Tvær kenningar verða notaðar svo að hægt sé að nota þær sem gleraugu er fjallað er um Rússland síðar í ritgerð. Sú fyrri er raunhyggjukenning, nánar tiltekið formgerðarraunhyggja en sú seinni er frjálslyndiskenningin. Þetta eru tveir stærstu skólar alþjóðasamskipta og hafa mikil áhrif í dag.

Raunhyggja

Þegar talað er um raunhyggju er í reynd ekki verið að tala um eina vel skilgreinda kenningu. Hún er fremur fjölskylda mismunandi kenninga sem þó eiga ýmis undirstöðuatriði sameiginleg (Glaser 2013, 14). Greina má ákveðin atriði sem þeir sem aðhyllist hana eru sammála um. Þetta á við um ákveðnar forsendur sem þeir gefa sér og hugmyndir sem þeir deila (Dunne og Schmidt 2014, 91). Innan raunhyggjufjölskyldunnar er einnig að finna ýmis ágreiningsatriði. Ekki eru allir sammála um hvað það er sem ræður mestu í alþjóðasamskiptum. Sem dæmi um ágreiningsatriði má nefna í hvaða mæli mögulegt er að ríki starfi saman og um hvaða afleiðingar forsendur raunhyggjunnar leiða af sér (Glaser 2013, 14). Fylgjendur hennar telja engu að síður að innan hennar sé að finna bestu útskýringar á hinum stanslausu átökum sem eru í heiminum og hegðun ríkja (Dunne og Schmidt 2014, 91). Raunhyggjumenn telja sig geta beitt grundvallaratriðum hennar á hvaða tímabil sem er í sögu mannsins. Það skipti ekki máli til hvaða svæðis eða tímabils í sögu heimsins lítið er til. Raunhyggjuna sé alltaf hægt að nota sem greiningartæki til útskýringar (Dunne og Schmidt 2014, 94).

Með því að skoða mismunandi útgáfur af raunhyggjunni kemur í ljós þróun hennar sem hugmyndafræði. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hún byggir á mjög gömlum grunni. Það að fjalla um sögu raunhyggjunnar er of mikið verk og því mun umfjöllun um hana í þessari ritgerð einbeita sér af þeim áherslum sem komu fram á 20. öldinni.

Klassísk raunhyggja

Nútíma klassísk raunhyggju kom fram á fyrri hluta síðustu aldar (Elman og Jensen 2013, 17). Samkvæmt klassískri raunhyggju er hin endalaus sökn ríkja í völd og yfirráð hluti af mannlegu eðli. Það er áherslan á mannlegt eðli sem aðskilur klassíska raunhyggju frá mörgum öðrum tegundum raunhyggjunnar, eins og formgerðarraunhyggju sem síðar verður fjallað um. Hegðun ríkja er samkvæmt þessu einfaldlega birtingamynd mannlegs eðlis. Einkenni alþjóðastjórn mála eins og samkeppni, hræðsla og stríð eru til staðar vegna þess að

heimurinn er fullur af mannfólki (Dunne og Schmidt 2014, 95). Stríð koma til vegna þátta sem finna má innan ríkja. Á það t.d. við vegna árásargjarna leiðtoga eða stjórnkerfis sem veitir gráðugum hagsmunahópum áhrifavald yfir utanríkisstefnu ríkisins. Utanríkisstefna ríkisins myndast því stundum af hagsmunum fámenns valdahóps, sem dæmi. Það má því segja að ef slæmir atburðir gerast í alþjóðastjórnámálum er það oft vegna þess að slæmir leiðtogar eru við völd (Elman og Jensen 2013, 17).

Með því að kynna sér skrif klassískra raunhyggjumanna geta leiðtogar fengið ákveðna sýn á hvernig best er að hegða sér í alþjóðastjórnámálum. Mikilvægast er að hagsmunir ríkisins, sem er aðal gerandinn í heiminum séu varðir. Hagsmunum ríkisins er best borgið þegar ríkið er sem valdamest, og er það lykilatriði að auka völd þess á hverjum tíma. Leiðtoginn verður að hugsa rökrétt til að finna bestu leiðirnar fyrir ríkið til þess að lifa af. Á bak við þessa kenningu liggur ákveðin sýn á umhverfi ríkja. Hún er sú að ríkið sé hluti af heimi, sem einkennist af óvinveittu og ógnandi umhverfi. Almennt telja flestir raunhyggjumenn að öryggi ríkisins geti aldrei verið fullkomlega tryggt við þetta ástand. Þá er beiting valds lögmætt verkfæri sem leiðtogar mega styðjast við þegar þörf er á þó það geti leitt til átaka milli ríkja (Dunne og Schmidt 2014, 92).

Nútímarahunyggja

Nútímarahunyggja, mótaðist á millistríðsárunum. Raunhyggjusinnar telja að á því tímabili hafi ákveðin hugmyndafræði, sem þeir kalla hugsjónarhyggju og fellur undir frjálslyndisstefnuna, verið áhrifamest í alþjóðámálum. Að mati raunhyggjumanna voru aðilar sem aðhylltust hugsjónarhyggjuna of bjartsýnir. Kom þessi bjartsýni fram í ofur trú þeirra á getu mannsins til að koma í veg fyrir stríðsátök í heiminum. Hugsjónarhyggja átti ekki að hafa tekið nægilega mikið tillit til mikilvægra atriða í alþjóðasamskiptum. Raunhyggjusinnar bentu á sem dæmi hlutverk valds, að einstaklingar hugsu ekki rökrétt og að þjóðríki hafi ekki alltaf sameiginlega hagsmuni. Í upphafi skilgreindi raunhyggjan sig andspænis hugsjónarhyggjunni. Með henni kom áhersla á hagsmuni ríkja í stað hugmyndafræði eins og hugsjónarhyggju. Þá var ekki nauðsynlegt að stórveldi þyrftu að eiga sameiginleg gildi og trú til þess að geta lifað í sama heimi (Dunne og Schmidt 2014, 92).

Raunhyggjan telur að það sé ríkið sjálft sem sé mikilvægasta greiningareiningin í heiminum. Það séu þau sem ráði langmestu um hvernig heimurinn er og hvað gerist í honum.

Aðrir gerendur skipta mun minna máli og í sumum tilfellum ekki neinu (Dunne og Schmidt 2014, 93). Raunhyggjumenn telja að alþjóðastofnanir hafi lítið vægi við mótun umhverfi ríkja og hegðun þeirra (Glaser 2013, 15). Ríkið er birtingarmynd hins lögmæta vilja almennings og fer með stjórnun mála innan landamæra þess. Þetta er ekki raunin í heiminum þar sem ríkir stjórnleysi. Þegar talað er um stjórnleysi er meint að ekki er að finna eitthvað eitt miðstýrt yfirvald líkt og er innan fullvalda ríkis. Þessi ríki telja sig ekki þurfa að lúta valdi neins annars miðstýrðs valds eins og borgarra innan ríkja þurfa að gera (Dunne og Schmidt 2014, 93).

Hið litla vægi sem alþjóðastofnannir hafa í heiminum sést á því að engin sjálfstæð stofnun er til í heiminum sem sér um að reglum sé framfylgt. Engin sjálfstæð stofnun er til sem raunverulega hefur vald til að koma í veg fyrir stríð (Glaser 2013, 14). Vegna þess að ekkert miðstýrt yfirvald er til í heiminum verða ríki að treysta á sig sjálf. Annars ná þau ekki fram markmiðum sínum, né því mikilvægasta sem er það að lifa af. Ekki er hægt að treysta öðrum fyrir því verkefni. Skiptir engu hvort um er að ræða annað ríki eða alþjóðastofnun (Dunne og Schmidt 2014, 93). Afleiðing stjórnleysisins er áhersla raunhyggjumanna á hernaðargetu og vald (Glaser 2013, 14).

Skilgreina má vald með ákveðinni einföldun sem auðlindir sem ríki búa yfir til að byggja upp hernaðarmátt sinni. Með valdi ná ríki að koma sínum markmiðum og vilja fram. Þegar talað er um auðlindir er átt við þætti eins og fólksfjölda, efnahagslega getu og hversu tæknivætt það er. Stærð og hernaðargeta ríkja með nýjustu tækni ræður að mestu leyti því hve valdamikið það er. Mikilvægi hernaðarlegrar getu og valds ríkja sést einnig á því að ríki greina önnur ríki eftir því hversu öflug þau eru á þessum sviðum (Glaser 2013, 14-15). Það sem ríki verða að gera er að auka vald sitt. Ef litlu ríki stendur ógn af stærra ríki getur það myndað bandalag með öðrum ríkjum gegn því stóra. Getur þetta einnig átt við ef ríki stendur ógn af oddaveldi ríkja eða bandalagi ríkja. Þetta atriði er mjög mikilvægt í raunhyggju kenningum því að þarna kemur valdajafnvægið fram. Það er lykilatriði í hugsun raunhyggjumanna. Með þessu myndi komast á jafnvægi milli hópanna. Enginn hópur eða ríki verður því algjörlega ríkjandi afl í heiminum. Besta dæmið um þetta er það ástand sem myndaðist í kalda stríðinu. Þar voru tvær blokkir, NATO og Varsjárbandalagið, sem mynduðu valdajafnvægi í heiminum (Dunne og Schmidt 2014, 94).

Raunhyggjumenn telja að ekki séu til altæk siðferðisleg gildi og því sé ekki rökrétt fyrir leiðtoga að stjórnast af þeim í stað hagsmuna ríkja þeirra. Í raun sé mikilvægt til þess að ríkið lifi af að stjórnast ekki um of af siðferðilegum gildum í samskiptum sínum við önnur ríki

(Dunne og Schmidt 2014, 93). Það þýðir samt ekki að sama hugarfar ætti að ráða ríkjum við stjórnun innan ríkja. Vegna þess umhverfis sem ríki lifa í getur það verið nauðsynlegt fyrir leiðtoga að láta framkvæma óásættanleg hluti. Væru þetta allajafna hlutir sem ekki væri ásættanlegir að gera innan ríkisins. Einstaklingar innan samfélaga búa ekki við sama umhverfi og ríkin í alþjóðasamfélaginu. Ríkið sjálft er forsenda þess að siðferðisleg sjónarmið geti ráðið ríkjum innan samfélaga. Sama vald er ekki til í heiminum. Til þess að vernda þetta siðferðilega samfélag þarf stundum að grípa til ósiðferðilegra aðferða í samskiptum við önnur ríki (Dunne og Schmidt 2014, 93).

Formgerðarraunhyggja

Í formgerðarraunhyggju felst ákveðin sýn á hegðun ríkja. Helsti kenningasmiður hennar er Kenneth Waltz og kom hún fram undir lok áttunda áratugar síðustu aldar. Að mati Waltz hefur það lítið útskýringargildi við greiningu á hegðun ríkja í alþjóðasamskiptum að kanna ástand mála innan þeirra. Ef aðeins eða aðallega innri málefni ríkja eru könnuð svo sem markmið þeirra, málefnaþefna eða hvað þau gera þá hefur það mjög takmarkað gildi. Með slíkri könnun er rannsakandinn aðeins að lýsa því hvað er að gerast í ríkinu. Ef það er gert öðlast rannsakandinn takmarkaðan skilning á því af hverju stríð til dæmis raunverulega brjótast út. Waltz segir ekki að það að rannsaka ríki að innan hafi ekkert gildi heldur aðeins að það sé það lítið að það sé ekki þess virði. Samkvæmt honum er vandamálið við að einbeita sér að innanlandsmálum að endalaust er hægt að bæta við einhverjum breytum til útskýringar á hegðun ríkisins. Dómgreind rannsakandans og hans persónulegu skoðanir eru þá kannski líka farin að hafa of mikil áhrif á hvaða breytur teknar eru með við rannsóknina (Waltz 1986d, 52).

Rannsakandi þarf að reyna að aftengja sig við raunveruleikann að mati Waltz. Það þýðir að ef markmið rannsakandans er að öðlast skilning á alþjóðakerfinu og hegðun ríka þarf hann að undanskilja það sem hann sér og upplifir (Waltz 1986d, 56). Með kerfiskenningu, líkt og formgerðarraunhyggju, er verk rannsakandans einfaldað mikið. Samkvæmt henni hefur það mjög takmarkað gildi að rannsaka t.d. hverskonar stjórnmalaleiðtogar eru við völd, eða hvernig félagslegar eða efnahagslegar aðstæður innan ríkja eru. Þá eru þættir eins og menning eða ráðandi hugmyndafræði ekki heldur mikilvægir (Waltz 1986c, 71). Hegðun ríkja mótast

af alþjóðakerfinu með óbeinum hætti, með samskiptum og samkeppni við önnur ríki. Alþjóðakerfið verðlaunar ríki ef þau hegða sér á ákveðinn hátt og hefur þannig mótandi áhrif á þau (Waltz 1986d, 63).

Ólíkt alþjóðakerfinu eru ríki með ákveðið skipulag að innan sem einkennist af stigveldi og miðstýringu (Waltz 1986c, 81). Einkenni alþjóðakerfisins er einmitt andstæða þess því þar er skortur á reglum, skipulagi og þar ríkir stjórnleysi sem ekki er að finna innan ríkja (Waltz 1986c, 82). Alþjóðakerfið einkennist af baráttu um völd milli ríkja Af þessum sökum ásamt hlutfallslegri dreifingu valds, stunda ríki samkeppni um öryggi og heyja stríð við hvort annað. Formgerðarraunhyggjumenn telja að ástand mála í heiminum sé vegna þess hvernig alþjóðakerfið er en ekki vegna mannlegs eðlis, líkt og klassískir raunhyggjumenn telja (Dunne og Schmidt 2008, 98).

Vegna þessara hvernig alþjóðakerfið er þurfa ríki fyrst og fremst að treysta á sig sjálf er kemur að öryggi sínu og því að lifa af í stjórnlausum heimi (Waltz 1986a, 108). Þau ríki sem ekki hjálpa sér sjálf eða gera það ekki eins vel og önnur ríki munu líða fyrir það. Til þess að lifa af geta ríki beitt ýmsum aðgerðum. Þær varða bæði aðgerðir innan lands og utan. Hægt er að reyna að bæta efnahagslega stöðu ríkisins og setja meira fé í hernaðarmál. Einnig geta ríki reynt að styrkja sambönd sín við önnur ríki og þar með tryggt sig betur (Waltz 1986a, 117).

Ríki eru í eðli sínu eins. Þau standa frammi fyrir sömu verkefnum sem þau þurfa að takast á við. Af þeim sökum hefur það svo lítið að segja að rannsaka þau að innan. Svo lengi sem stjórnleysi ríki í alþjóðakerfinu þá er hegðun þeirra svipuð. Það sem aðgreinir þau helst er hlutfallsleg geta þeirra sem skýrir mismunandi möguleika þeirra til að ná sínu fram í alþjóðakerfinu (Waltz 1986c, 87). Með þessu er hægt að skilja af hverju stríð, friður, eða valdajafnvægi ríkir í heiminum. Ríki, og þá sérstaklega stórveldi, verða alltaf að vera meðvituð um breytingar í getu annarra ríkja til að beita valdi. Þetta útskýrir af hverju öll ríki lifa í ótta um að lifa af. Ríki sækjast eftir nægilega miklu valdi til þess að lifa af. Ríki reyna því að hámarka öryggi sitt, en ekki vald sitt, vegna þess að það getur leitt til viðbragða annarra ríkja ef það verður of valdsækið (Dunne og Schmidt 2008, 98-99). Dreifing valds hefur því mikið um að segja hvernig ríki hegða sér í alþjóðakerfinu (Waltz 1986c, 87).

Ríki verða einnig að vera meðvituð um breytingar sem kunna að verða í alþjóðakerfinu. Þau verða að vera meðvituð um hvernig best er að greina breytingar í því. Breytingar innan ríkja útskýra ekki breytingar í alþjóðakerfinu að mati formgerðarraunhyggjunnar. Þetta sést best er saga alþjóðakerfisins er skoðuð sem einkennist af stöðuleika. Með því er átt við að rannsakandi mun sjá sömu eða svipaða atburði endurtaka sig aftur og aftur (Waltz 1986d,

53). Það er mikilvægt að reyna að einfalda hlutina eins mikið og mögulegt er þegar kemur að því að rannsaka alþjóðakerfið. Með því getur rannsakandinn, eða ríki, áttað sig á því hvað það er sem skiptir mestu máli (Waltz 1986b, 37). Það að skoða ríki að innan hefur gildi en vegna þess að alþjóðakerfið er flókið þarf að einbeita sér að því, sem mikilvægast er vegna þess að ekki er hægt að skoða allt (Waltz 1986b, 35).

Eins og oft gerist þá fór formgerðarraunhyggjan, að þróa út frá sér aðrar áherslur sem þó flokkast ennþá innan hennar.

Sóknarsinnuð raunhyggja

John J. Mearsheimer er áhrifamikill fræðimaður sem tilheyrir formgerðarraunhyggjukenningskólanum. Vegna þeirra forsenda sem Mearsheimer gefur sér má flokka kenningu hans til raunhyggjuþjófskyldunnar. Eru þær forsendur t.d. stjórnleysi alþjóðakerfisins, og að valdamikil ríki búi alltaf yfir hernaðarlegri getu sem þau geta beitt hvort gegn öðru. Ríki geti aldrei verið fullkomlega örugg vegna óvissunnar um hvað önnur ríki ætli sér fyrir. Helsta markmið ríkja er að lifa af og ríki hegða sér í samræmi við það samkvæmt Mearsheimer (Mearsheimer 2001, 30-31). Af þessum sökum óttast stórveldi alltaf hvert annað og geta í raun aldrei fullkomlega treyst öðrum en sjálfum sér fyrir öryggi ríkisins. Til þess að tryggja öryggi sitt er best fyrir þau að reyna að hámarka hlutfallslegt vald sitt (Mearsheimer 2001, 32-36). Skoðanir Mearsheimer eru tengdar við það sem kallað er sóknarsinnuð raunhyggja. Er það kenning sem á sérstaklega vel við valdamikil ríki. Eins og auðvelt er að greina eru Mearsheimer og Waltz sammála um margt. Þá greinir hinsvegar á er kemur að hegðun ríkja og hve valdsækin þau eru. Mearsheimer telur alþjóðakerfið neyða í raun ríkin til þess að reyna að hámarka hlutfallsleg völd sín. Ríkin séu því valdsækin og þá á kostnað annarra ríkja. Waltz telur að ríki reyni að hámarka öryggi sitt en ekki vald sitt (Mearsheimer 2001, 21). Mearsheimer telur að það að reyna að hámarka völd sín á kostnað annarra sé nauðsynlegt til þess að hámarka öryggi ríkisins. Hann telur þó að það þurfi ekki sjálfkrafa að leiða til aukinnar áhættu á ófriði milli valdamikilla ríkja. Stórveldin muni alltaf meta sinn eigin hernaðarstyrk, hvort þau séu sterkari en ríkið sem þeir íhuga árás á, og hvernig önnur ríki munu bregðast við hernaðaraðgerðum þess. Þá reynir stórveldið alltaf að meta kostnað og tap við það að ráðast í hernaðaraðgerðir (Mearsheimer 2001, 37).

Til þess að hámarka vald sitt, bæði fjárhagslega og hernaðarlega, beiti ríki ýmsum ógeðfelldum aðferðum. Má þar nefna stríð, fjárkúgun og tilraunir til að stuðla að stríði milli annarra ríkja. Ef ríki vilja koma í veg fyrir stækkun annars ríkis geta þau gripið til þess að fá eitthvað þriðja ríki til að berjast gegn stækkun ríkisins eða breyta sjálfst valdajafnvæginu á svæðinu (Mearsheimer 2001, 156-162).

Í kenningu Mearsheimer felst skýring á því af hverju ríki, sérstaklega valdamikil ríki heyja stríð. Uppbygging alþjóðakerfisins er helsta orsök þess. Það sem er mikilvægast er hve mörg stórveldi eru í heiminum og hve valdamikil þau eru. Samkvæmt þessari kenningu er hætta á átökum milli stórvelda minnst þegar tvíþólakerfi er við lýði. Þegar innan kerfisins er aðeins að finna tvö stórveldi þá eru færri hættur á átökum. Minni líkur eru á því að ójafnvægi myndist. Í margþólakerfi eru meiri hættur á því að stríð brjótist út samkvæmt Mearsheimer. Það er þó munur á því hvernig margþólakerfi er. Ef of mikið ójafnvægi er í getu milli þóllanna er hætta á stríði milli stórvelda. Ef það er svipuð geta meðal þóllanna er minni hætta á stríði (Mearsheimer 2001, 337-346).

Lykilatriði er að ríki hugsa rökrétt og hegða sér eftir því. Þau vita hvenær þau eiga að taka áhættu og hvenær ekki. Þá hegða ríki sér mismunandi eftir því við hvern þau eru að eiga. Þau eflast gagnvart ríkjum sem eru hikandi eða veikburða en gefa frekar eftir gagnvart þeim sem eru sterkir og ákveðnir. Ríki nái því að verða oddaveldi, áhrifamesta ríkið á sínu yfirráðasvæði, bæði með því að vera skynsöm og hörð. Ef ríki telja sig hafa getu til að ná stöðu oddaveldis, munu þau reyna það að mati sóknarsinnaðra raunhyggjumanna. Oddaveldis staða sé raunhæft markmið en það að verða eina ráðandi afluð í heiminum sé það til dæmis ekki (Elman og Jensen 2013, 27).

Gagnrýni á raunhyggju

Áhrif raunhyggjunnar var hvað mest meðan kalda stríði geisaði. Áhrif hennar hafi minnkað mikið eftir að kalda stríðinu lauk. Raunhyggjumenn héldu því einatt fram að kenning þeirra væri byggð á mun sterkari vísindalegum grunni um hvernig heimurinn virkaði en aðrar kenningar. Var það grundvallaratriði í hugmyndum Waltz sem dæmi. Því varð hún fyrir miklum álitshnekki við endalok kalda stríðsins. Ástæðan fyrir því var að fáir raunhyggjumenn sáu fyrir hin friðsömu endalok kalda stríðsins. Skýringargildi hennar var því dregið mjög í efa (Dunne og Schmidt 2014, 94). Hvernig raunhyggjumenn skilgreina og

mæla vald og hvernig þeir beita því við greiningu hefur verið gagnrýnt. Það hafi ekki verið kannað nægilega né skilgreint með nægilega vönduðum hætti. Það að fullyrða bara að ríki sækist eftir valdi sé mjög hæpið og hafi takmarkað gildi til útskýringar á hegðun ríkja. Það að hafa vald og geta breytt hegðun annarra ríkja er tvennt ólíkt. Þegar raunhyggjumenn reyna svo að skilgreina vald með auðlindum hafi það einnig takmarkað gildi. Bent er á ýmis dæmi þar sem ríki sem hafa átt mikið af auðlindum hafa borið lægri hlut fyrir fátækari ríkjum (Dunne og Schmidt 2014, 101).

Gagnrýni á raunhyggjuna var hinsvegar ekki aðeins byggð á þessum sjónarmiðum. Eftir endalok kalda stríðsins hefur verið bent á að raunhyggjan átti erfitt með að útskýra t.d. öryggissamfélagið í Vestur-Evrópu sem var að mótast, aukið svæðisbundið samstarf í heiminum, íhlutun í innri málefni ríkja af mannúðarsjónarmiðum, og aukin átök innan ríkja, í staðinn fyrir milli ríkja. Áhrif hnattvæðingar á ríkið sem grunneiningu við greiningu alþjóðamála hefur einnig verið nefnt sem dæmi um galla raunhyggjunnar. Í dag telja margir að ríkið sé ekki jafn áhrifamikill gerandi í alþjóðamálum eins og raunhyggjumenn gefa sér (Dunne og Schmidt 2014, 94). Það er ekki nægjanlegt að einblína eins mikið á ríki sem gerendur í dag. Aðrir gerendur eins og alþjóðleg fyrirtæki, alþjóðastofnanir og þverþjóðleg samtök líkt Al Qaeda eru áhrifamiklir gerendur í heiminum. Í raun má segja að raunhyggjumenn reyni að einfalda heiminn of mikið. Það gerir það að verkum að þeir eigi erfitt með að sjá fyrir breytingar eins og þegar kalda stríðinu lauk (Dunne og Schmidt 2014, 101).

Nútíma raunhyggja er sprottin upp úr jarðvegi hugsjónarhyggjunnar sem var frjálsslyndiskening eins og minnst hefur verið á. Við endalok kalda stríðsins tók við tímabil bjartsýnis um batnandi heim. Frjálsslyndisstefna, líkt og hafði verið við endalok fyrri heimsstyrjaldar, varð aftur mjög áhrifamikill í alþjóðasamskiptum. Þannig má líkja kenningum í alþjóðasamskiptum við pendúl sem sveiflast fram og tilbaka. Með endalokum kalda stríðsins var aftur komið að frjálsslyndisstefnunni (Morgan 2013, 29).

Frjálsslyndisstefna

Frjálsslyndisstefnan er hugsjón um hvað góð stjórnun innan ríkja sem utan ætti að vera. (Dunne 2008, 111). Frjálsslyndisstefnan á rætur sínar að rekja til byltingar upplýsingarinnar.

Sérstaklega áhrifamiklir voru hugsuðir eins og John Locke og Immanuel Kant. Áhrifamesta tímabil frjálslyndisstefnunnar var sennilega á árunum eftir fyrri heimstyrjöld. Þá var áherslan á að breyta alþjóðastjórnámálum á þann veg að stríð myndi aldrei brjótast aftur út (Morgan 2013, 28). Með þessu kom sú trú að hægt væri að bæta ástand mála í heiminum. Það er einmitt ákveðið lykilatriði í frjálslyndisstefnunni, trúin á það að ástandið í heiminum geti batnað. Valdapolítík, sem er svo einkennandi að mati raunhyggjumanna, er að mati frjálslyndismanna afleiðing þeirra hugmynda sem að baki henni standa. Ef fólk trúir því sem raunhyggjumenn halda fram þá muni það hegða sér eftir þeirra áherslum. Heimurinn verði þannig eins og raunhyggjumenn telja að hann sé. Að mati þeirra sem frjálslyndir eru þá er ekkert sem segir að heimurinn þurfi að einkennast t.d. af stjórnleysi eða lítilli samvinnu ríkja (Dunne 2008, 110).

Er seinni heimstyrjöldin braust út var það mikið áfall fyrir stuðningsmenn frjálslyndisstefnunnar. Sú bjartsýni sem ríkt hafði var talin hafa haft neikvæð áhrif á alþjóðastjórnámál. Við endalok seinni heimstyrjaldarinnar tók svo tímabil kalda stríðsins við. Að mati margra fræðimanna var raunhyggjukenningin almennt talin eiga betur við það tímabil er litið var til samskipta ríkja. Frjálslyndisstefnan hafði engu að síður mikill áhrifavaldur á ríki þau sem tilheyrðu hinum vestræna heimi. Samskipti þeirra á milli voru undir áhrifum frjálslyndisstefnunnar. Það breyttist hinsvegar við endalok kalda stríðsins og hruni Sovétríkjanna (Morgan 2013, 28-29). Eftir atburðina í Bandaríkjunum þann 11. september 2001 virðist pendúllinn svo sveiflast aftur í átt að raunhyggjukenningum (Dunne 2008, 110).

Auðvelt er að sjá hvernig gildi og stofnanir frjálslyndisstefnunnar hafa náð að festa rætur í heiminum innan vestrænna ríkja. Ekki er hægt að segja að það sama eigi við heiminn allan (Dunne 2008, 110). Frjálslyndisstefnan felur í sér ákveðna sýn og nálgun á alþjóðastjórnámálum. Ákveðin gildi, hagsmunir, forgangsöröðun og hugsjónir einkenna hana. Frjálslyndisstefnan inniheldur marga strauma sem stundum rekast á. Það er því mikilvægt að fara yfir helstu hugsjónir sem hún stendur fyrir (Morgan 2013, 30).

Hugsjónir frjálslyndisstefnunnar

Bandaríkin tóku við af Bretum sem helstu talsmenn frjálsrar verslunar. Í kjölfar endaloka seinni heimstyrjaldarinnar. Hið hnattræna efnahagskerfi sem er við lýði í dag hefur þróast samkvæmt þessari áherslu á frjáls viðskipti Oft er tekist á um hvort þessi stefna minnki líkur á því að stríð brjótist út milli ríkja. Því var oft haldið fram fyrir fyrri heimstyrjöldina. Stríð átti samkvæmt þessu að vera nánast óhugsandi sökum þess hve viðskiptalíf landa voru tengd hvort öðru. Þessi hugsun var einnig áhrifamikil eftir seinni heimstyrjöldina. Var hún m.a. undirstaða stofnunar ESB sem dæmi (Morgan 2013, 30-31).

Áherslan á eignarréttinn og frelsi einstaklingsins eru mikilvægir þættir í frjálslyndisstefnunni. Markaðshagkerfið er talið hagkvæmt fyrirkomulag fyrir ríki og áhersla lögð á útbreiðsla þess með sama hætti og lýðræðis. Opin og frjáls samskipti og viðskipti milli ríkja eru samkvæmt frjálslyndisstefnunni jákvæð fyrir heiminn. Frjálst flæði fjármagns, hugmynda, menningar, upplýsinga og fólks eru tengd þessari áherslu (Morgan 2013, 30). Eftir hrun Sovétríkjanna jókst áhuginn og áhrif hugmynda um aukin efnahagsleg tengsl. Flest ríki sem tilheyrt höfðu kommúnistablokkinni urðu fyrir áhrifum hennar og vildu tengjast Vesturveldum traustari böndum. Lykilatriði í þessu er að stjórnvöld innan ríkja séu raunverulegir fylgjendur hins frjálsa hagkerfis. Með frjálslyndisstefnunni kemur áherslan á efnahagslegan hagvöxt, frelsi einstaklingsins til orða og hreyfanleika og útflutnings drifins hagkerfis. Erlendu fjármagni væri fagnað til að nota til uppbyggingar innan ríkja. Mun meiri hvati skapast til þess að eiga góð samskipti við önnur ríki öllum til hagsbóta með þessum áherslum. Markaðshagkerfið, samkvæmt frjálslyndisstefnunni, skapar betra líf fyrir fólk og dregur úr líkum þess að það vilji fara í stríð. Þar með minnkar möguleiki elítu hópa innan ríkja sem hyggja á stríð, hætta á aukinni þjóðernishyggju og áhugi á að taka yfir ný lönd (Morgan 2013, 31).

Aukinni útbreiðsla frjálslyndra hugmynda greiðir fyrir samvinnu ríkja að mati frjálslyndissinna. Sameiginlegir hagsmunir ríkja munu aukast í umhverfi markaðshagkerfis. Með þessu myndist betri grundvöllur fyrir samvinnu. Markaðshagkerfið er þó ekki gallalaust að mati frjálslyndissinna, sem skapar hvata til samvinnu við að vinna gegn hugsanlegum neikvæðum afleiðingum markaðshagkerfisins. Hnattvæðing nútímans er í raun birtingarmynd markaðshagkerfisins. Þeir sem eru mestu stuðningsmenn hennar halda því fram að hún sé að brjóta niður landamæri þjóðríkja heimsins (Morgan 2013, 31). Afleiðing hennar sé að friður aukist með því að breiða út frjálsa verslun. Sem dæmi telja margir að með auknum hnattrænum tengslum og stjórnun skapist ákveðin eftirspurn eftir meiri stjórnun í heiminum. Efnahagslega valdamiklir aðilar í heiminum sjá sér hag í því að heimurinn verði

fyrirsjáanlegri, sem þannig leiðir að aukinni samvinnu. Þetta muni greiða leið fleiri alþjóðlegra laga og auka vægi þeirra. Ástandið í heiminum verði þannig stöðugra og ekki eins ófyrirsjáanlegt og stjórnlaust líkt og raunhyggjumenn telja (Navari 2013, 39).

Frjálslyndisstefnan leggur einnig áherslu á mikilvægi mannréttinda (Dunne 2008, 111). Á 19. öld voru gætti mjög áhrifa frjálslyndissjónarmiða. Sást það í ýmsum hreyfingum sem börðust fyrir almennum mannréttindum eins og banni á þrælasölu. Þessar hreyfingar börðust ekki aðeins fyrir auknum mannréttindum í eigin löndum heldur einnig í öðrum ríkjum. Útbreiðsla mannréttinda þróaðist svo út í sjálfsákvörðunarrétt þjóða og frelsi frá evrópskum nýlenduherrum (Morgan 2013, 31). Í dag er þessi mannréttindaáhersla reyna mörg lýðræðisríki að beita önnur ríki þrýstingi til þess að virða mannréttindi og beita ýmsum aðferðum. Þetta gera þau vegna þrýsings frá sínum eigin borgurum. Mannréttindahópar innan ríkjanna eru mikilvægir gerendur í því að fá stjórnvöld til þess að beita áhrifum sínum. Mikið er einni til af þverþjóðlegum frjálsum félagasamtökum sem berjast fyrir því að mannréttindum. Markmið þeirra er að vinna að friðsælli heimi en er í dag. Oft er bent á þau sem dæmi um minnkandi vægi ríkja. Þau þurfa ekki að treysta bara á fjármagn frá ríkjum. Fjármögnun þeirra kemur einnig frá einkaaðilum. Þessi frjálsu félagasamtök, sem eru þverþjóðleg, er eitt besta dæmið um þá hnattvæðingu sem er í gangi í dag, og tengist frjálslyndisstefnunni mikið (Morgan 2013, 32).

Frjálslyndisstofnanahyggja

Hlutverk alþjóðastofnanna eru lykilatriði í frjálslyndisstefnunni. Frjálslyndisstofnanahyggju snýst um að sýna fram á hlutverk og mikilvægi alþjóðastofnanna við að breiða út og halda friðinn. Samkvæmt henni er mun meiri stjórnun í heiminum í dag og ekki eins mikið stjórnleysi í heiminum líkt og raunhyggjumenn telja (Navari 2013, 42). Þó að alþjóðastofnanir geti kannski ekki komið alveg í veg fyrir það stjórnleysi sem ríkir í heiminum geta þær engu að síður unnið gegn því og mildað áhrif þess. Þetta gera þær með því að hafa áhrif á forgangsröðun ríkja og hvernig þau hegða sér. Þær geta reynt að búa til ákveðna hvata sem hvetja til æskilegrar hegðunar og samvinnu. Einnig geta þær beitt ívilnunum og takmörkunum er kemur að verslun og viðskiptum (Navari 2013, 42). Sérstakar

stofnanir hafa verið settar á stofn til að vinna markaðshagkerfinu framgang sem, eins og Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (Morgan 2013, 32).

Með þessari sýn sést munurinn á frjálslyndisstefnunni og raunhyggjustefnunni varðandi möguleika ríkja til samstarfs. Það eru ekki aðeins formlegar stofnanir eða samningar sem sýna hvernig samstarf í heiminum hefur aukist frá lokum seinni heimstyrjaldar. Þeir sem tala fyrir mikilvægi alþjóðastofnana sérstaklega sjá þær með mismunandi hætti. Áður hefur verið minnst á áhrif frjálsra félagasamtaka en einnig hefur fjöldi óformlegra reglna og gilda í heiminum aukist. Samstarf hefur vaxið á þessum grundvelli og ákveðin hegðun ríkja talin vera æskileg. Það er því ekki eins mikið stjórnleysi í heiminum eins og raunhyggjumenn telja (Morgan 2013, 32). Frjálslyndisstefnan á það sameiginlegt með mótunarhyggju að líta svo á að með tímanum sé búið að myndast ákveðið alþjóðasamfélag (Morgan 2013, 34).

Mótunarhyggjan beinir sjónum sínum að því hvaða áhrif hugmyndafræði, reglur og gildi stofnana hafa á ríki. Stofnanir geti því ekki aðeins haft áhrif á forgangsroðun ríkja, heldur einnig sjálfsmýnd þeirra (Navari 2013, 43).

Alveg eins og innan samfélags ríkis, hafa með tímanum komið fram ákveðin gildi og reglur sem eiga við í heiminum. Ríkisstjórnir og leiðtogar eiga að starfa samkvæmt þeim. Á þetta t.d. við það að styðja ekki við aðskilnaðarsinna innan samfélaga og andstöðu við þjóðarmorð. Sem dæmi um gildi sem hefur verið að koma fram síðustu ár er hugmyndin um að með fullveldi fylgi einnig skylda ríkis. Það sem átt er við er að ekki sé hægt að fela sig bak við fullveldi ríkja er kemur að ákveðnum málum. Ef yfirvöld í ríkjum koma ekki nægjanlega vel fram við borgara sína getur alþjóðasamfélagið gripið inn í með beinum hætti (Morgan 2013, 34).

Með auknu samstarfi ríkja og tengingum kemur einnig fram síaukin þörf á alþjóðastofnunum. Það er því ekki ósennilegt að þeim muni fjölga með tímanum. Á það við um bæði formlegar stofnanir og fjölgun alþjóðlegra laga, reglna og samninga. Er þetta birtingamynd þess að mikið af vandamálum sem ríki standa frammi fyrir er þess eðlis að þau ráða ekki við þau án samstarfs. Hér má nefna umhverfisvernd, hafréttarmál og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina. Með þessu aukna samstarfi ríkja fylgir stundum framsal þeirra á hluta fullveldis síns. Þetta getur verið nauðsynlegt til þess að gefa alþjóðastofnunum meira vægi. Þá eru aðrir kostir þeirra aukin skilvirkni og vernd minni ríkja gegn þeim stærri og sterkari. Þá geta alþjóðastofnanir verið mikilvægar til þess að auka lögmæti gilda alþjóðasamfélagsins (Morgan 2013, 32).

Lýðræði

Lýðræði og mikilvægi þess er annað lykilatriði í frjálslyndisstefnunni. Kenningin um lýðræðisfrið fjallar um mikilvægi þess. Með útbreiðslu lýðræðis er talið að líkur á því að leysa ágreiningsatriði ríkja með friðsömum hætti aukist. Hluti af þessari hugsun er að það sé ekkert eðlilegt við það að stríð séu háð í heiminum. Samkvæmt þessari hugsun fara frjálslynd lýðræðis ríki ekki í stríð hvert við annað (Morgan 2013, 34). Er hún reist að ákveðnu leyti á hugmyndum Immanuels Kants sem síðan hefur verið þróuð áfram af öðrum. Frjálslynd lýðræðisríki, að mati þeirra sem leggja áherslur á mátt lýðræðis til að auka frið í heiminum, koma fram við önnur lýðræðisríki með öðrum hætti en ríki sem ekki hafa sama stjórnarfar. Þá benda þeir einnig á að meðal frjálslyndra lýðræðisríkja er ákveðinn grunnur sem gerir þeim auðveldara að vinna saman og leiðir til þess að þau heyja ekki stríð (Navari 2013, 40).

Frjálslynd lýðræðisríki eyða hvorki fé né tíma í að undirbúa sig fyrir stríð hvert við annað. Það þýðir hinsvegar ekki að þau búi ekki yfir hernaðarmætti eða að það myndist aldrei ósætti á milli þeirra. Þau leysa það hinsvegar með friðsælum hætti og hafa ekki áhyggjur af hernaðarmætti annarra frjálslyndra lýðræðisríkja. Þó ekkert eitt ríkisvald finnist meðal þeirra, er ekki þörf á því til þess að halda friðinn. Hið frjálslynda lýðræði sér um það. Þar af leiðandi er það heiminum fyrir bestu að frjálslynt lýðræði festi rætur sínar um allan heim (Morgan 2013, 34). Það þarf að hvetja til aukins frjálslyndis innan ríkja, er hugsun þeirra sem berjast fyrir framgangi þess, því leiðin til friðsælli heims er að breiða út lýðræði og verja mannréttindi (Navari 2013, 41).

Hægt er að sjá þessar áherslur í ríkjum þar sem innviðir samfélags hafa hrunið og Vesturlönd hafa aðstoðað við uppbyggingu. Er það til dæmis gert með aðstoð við að stofna stjórnsmálaflokka, halda kosningar, endurreisa fjölmiðla, að koma lögum og reglu á í landinu til að mannréttindi verði virt. Þetta er að mati þeirra grundvallaratriði í því að samfélög séu stöðug og að yfirvöld sé ábyrg fyrir velferð borgara sinna. Undanfarin ár hefur komið fram meiri áhersla á það sem kalla má hið alþjóðlega borgaralega samfélag. Hluti af frjálslyndisstefnunni er mikilvægi frelsi einkageirans og einkarýmis einstaklingsins. Á þetta við á sviðum eins og gagnrýnnar hugsunar um málefni samfélagsins og menningar. Það er mikilvægt samkvæmt þessu að einstaklingar og hópar í samfélaginu sé virkir þátttakendur í málefnum þess. Ekki sé ásættanlegt að það séu aðeins yfirvöld eða ríkið sem hafi áhrif. Ef svo væri er í raun lýðræði innantómt orð. Hið alþjóðaborgaralega samfélag verður sífellt

sterkara. Með þessu er það farið að svipa til ástands þess sem er innan ríkja í frjálslýndum lýðræðisríkjum (Morgan 2013, 35).

Gagnrýni á frjálslyndisstefnu

Margir töldu eftir endalok kalda stríðsins að í raun væri ekki lengur nein hugmyndafræðileg samkeppni um besta stjórnarforfar. Lýðræðið hefði sigrað og væri ekkert stjórnarforfar því betra. Hugmyndir frjálslyndisstefnunnar hefðu sigrað. Frjálslynd lýðræðisríki væru stöðugri og friðsælli en önnur ríki jafnt innanlands sem í alþjóðasamskiptum (Dunne 2008, 113). Ekki eru allir þessu sammála. Þeir sem gagnrýna t.d. áhersluna á lýðræði halda því fram að lýðræðisríki séu ekki eins friðsæl í garð hvors annars eða annarra og stuðningsmenn þeirra telja. Benda þeir t.d. á að nýleg lýðræðisríki, eða ríki þar sem lýðræði stendur ekki á traustum grunni, séu oft árásgjörn í garð annarra. Lýðræðisríki eru ekki friðsælli en svo að þau fara í stríð við önnur ríki sem ekki eru lýðræðisríki (Morgan 2013, 35).

Gagnrýnendur benda einnig á að frjálslyndismenn séu ekki sammála um hvað það er nákvæmlega við lýðræðið sem stuðlar að friði. Fylgni á milli skýrist sennilega af einhverju öðru en lýðræðinu sem slíku. Vegna þess að stríðum milli ríkja, ekki bara lýðræðisríkja, hefur fækkað sé það ekki endilega lýðræðið sem slíkt sem útskýri fækkun stríða. Frjálslynd lýðræðisríki séu oft mjög svipuð og hafi svipaða hagsmuni. Því er það að mörgu leyti eðlilegt að þannig ríki vinni saman. Þá er allt ósætti þeirra á milli það léttvægt að ekki er ástæða til að ráðast á hvort annað. Það geti kannski betur skýrt hve sjaldgæf stríð þeirra á milli eru, frekar en lýðræðið sem slíkt. Aðrir hafa bent á hvernig svona ofurtrú á lýðræði getur verið misnotað í höndum leiðtoga lýðræðisríkja (Morgan 2013, 35-36). Nýleg reynsla af tilraunum Bandaríkjamanna til þess að breiða út frjálslyndið með hernaðarmætti hefur ekki reynst vel. Frjálslynt lýðræði hefur ekki sama aðdráttarafl og sumir kunna að halda. Með þessu sést af hverju sumir hafa áhyggjur af möguleika frjálslynds lýðræðis til þess að vera misnotað, og jafnvel auka líkur á stríði (Navari 2013, 41).

Mikil takmörkun er á gagnsemi frjálslyndisstefnunnar að mati gagnrýnenda hennar, þar sem hún er ekki alltaf samkvæm sjálfri sér. Sem dæmi má nefna að ef markmiðið er að friður og öryggi aukist í heiminum, hvað á að gera varðandi ríki eins og Kína, Íran og Rússland. Á að vinna með þeim og gera samninga við þau til dæmis til að hefta vopna útbreiðslu? Eða vill frjálslyndisstefnan einangra eða beita viðskiptaþvingunum gagnvart þessum ríkjum til að fá þau til að virða mannréttindi og lýðræði? Svo er spurning hvort það sé réttlæt看legt að neyða samfélög sem hafa mjög ólíka menningu til að taka upp gildi hins vestræna heims. Þó að

Þetta séu mannréttindi hafa þau yfirleitt verið búin til af hinum vestræna heimi. Ekki eru allir sammála um hvað eru algild mannréttindi eða hvort þau séu í raun til (Morgan 2013, 38).

Þá er hin efnahagslega hlið frjálsslyndisstefnunnar langt frá því að vera vinsæl alls staðar. Bent er á hvernig hin endalaus áhersla á hagvöxt hefur leitt til mjög neikvæðra áhrifa á umhverfið, sem frjálsslyndir segjast oft vera umhugað um. Hið hnattræna efnahagskerfi hefur einnig verið mjög umdeilt. Það hefur leitt til andstöðu fjölda fólks gegn frjálsri verslun sem telur sig fara varhluta af ávinningi af frjálsu flæði fólks, vara og fjármagns (Morgan 2013, 38-39). Þá er einnig hnattvæðingin talin auka óöryggi í heiminum að því leyti að hún auðveldar ýmsum gerendum sem illt hafa í huga að athafna sig. Á þetta til dæmi við varðandi aðgang þeirra að vopnum og för milli landa (Navari 2013, 39).

Áhersla frjálsslyndisstefnunnar á aðra gerendur en ríkið og minnkandi áhrif ríkisins hefur einnig verið gagnrýnd. Bent er á að þjóðernishyggja og ríkið sem slíkt sé enn mun öflugra en frjálsslyndisstefnan segir til um (Morgan 2013, 39). Þá sé sú skoðun frjálsslyndisstefnunnar að alþjóðastofnanir séu byggðar upp til að hámarka sameiginlega hagsmuni ríkja ekki rétt. John Mearsheimer segir að valdamestu ríki hafi búið þær til með það að markmiði að verja völd sín og jafnvel auka. Þetta er hugsun sem raunhyggjumenn myndu flestir vera sammála. Að auki er erfitt fyrir ný ríki eða valdalítill ríki að hafa áhrif á ákvarðanir innan alþjóðastofnana. Valdamiklu ríkin muni alltaf hagnast meira á þeim ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi alþjóðastofnana. Þær séu í raun bara birtingarmynd af þeirri valddreifingu sem er í heiminum þar sem hagsmunir valdamestu ríkjanna ráða ferðinni (Navari 2013, 44).

Frjálsslyndisstefna og raunhyggjan

Margir frjálsslyndismenn eru sammála raunhyggjumönnum um að stjórnleysi í alþjóðakerfinu sé neikvætt afl er kemur að samstarfi ríkja. Þeir benda hinsvegar á að með alþjóðastofnunum sé hægt að koma í veg fyrir að ríki svindli á öðrum ríkjum. Það er einmitt þessi ótti við að önnur ríki svindli sem margir telja að sé það erfiðasta við að auka samstarf ríkja. Þær geti verið mikilvæg uppspretta upplýsinga og vettvangur samstarfs sem eykur líkur á að ríki nái samningum um deiluefni. Þá séu þær hlutlaus aðili sem getur fylgst með því að samningar séu virtir. Með þessu minnkar áhættan af því að ríki svindli og áhyggjum ríkja að það sé ekki þess virði að semja um hluti (Morgan 2013, 33).

Í frjálslyndisstefnunni eru ríkin mikilvægustu gerendurnir í alþjóðakerfinu, eins og í raunhyggjukenningum. Alveg eins og í raunhyggjukenningum eru það ríkin sem frjálslyndisstefnunni er umhugað um. Ríkin eru það sem þarf að rannsaka og útskýra þarf hegðun þeirra. Til þess að útskýra hegðun ríkja og alþjóðakerfið, tilgreinir frjálslyndisstefnan hinsvegar fleiri gerendur. Horfir hún einnig til frjálsra félagasamtaka, alþjóðastofnanna, alþjóðastjórnarfars og fjölþjóðafyrirtæka. Áhrif innlendra aðila á hegðun ríkja eru einnig taldir vera þættir sem þarf að huga að. Sem dæmi má nefna valda- og elítuhópa innan ríkisins, hagsmunasamtök, stjórnmalaflokka og embættismenn. Þá tekur hún einnig til greina áhrif alþjóðakerfisins sjálfs, líkt og formgerðarraunhyggjumenn benda á. Frjálslyndismenn neita því ekki að skipulag og eðli kerfisins geti haft áhrif á hegðun ríkja. Ólíkt formgerðarraunhyggjumönnum líta frjálslyndismenn hins vegar ekki á skipulag og eðli sem mikilvægustu atriði til útskýringar á hegðun ríkja. Aðrir þættir eru mikilvægari að þeirra mati t.d. áhrif innlendra aðila og hvernig stjórnarfar ríkið býr við (Morgan 2013, 29).

Með þessu sést megin munurinn á frjálslyndisstefnu og formgerðarraunhyggju. Frjálslyndisstefnan leggur áherslu á að ekki séu öll þjóðríki eins. Utanríkisstefna ríkja er breytileg alveg eins og stefna innan ríkja er breytileg eftir því hver er við völd. Kerfi sem er að finna innan ríkja um það að ákveða hverjir stjórna er mikilvægt. Hver það er sem ræður og hvaða sjónarhorn og vilji ráða ríkjum er mikilvægt. Hægt er að sjá, sérstaklega í valdamiklum ríkjum, hvernig valdahópar eða elítur nota utanríkisstefnu síns ríkis til þess að ná fram markmiðum sínum innanlands. Það eru alltaf einhverjir sem taka ákvarðanir um hvaða utanríkisstefnu hvert ríki fylgir. Þó að ríki kunni stundum að hafa svipaða hagsmuni og áhyggjur þá skiptir það alltaf máli hverjir stjórna. Það hverjir stjórna innan ríkja er svo ekki alltaf einfalt mál. Oft eru mikill átök innan ríkisstjórna og milli elítu og hagsmunahópa. Sem dæmi má nefna að ekki þarf að vera samstaða innan ríkja um öryggismál. Það sem herinn og stjórnmalaflokkar innan ríkisins vilja þarf ekki alltaf að fara saman. Þá skiptir máli hver er við völd og hvaða stefna verður ofan á (Morgan 2013, 29-30).

Þær kenningar sem hér hefur verið fjallað um hafa allar eitthvað gildi til útskýringar á hegðun Rússlands. Það er ástæða fyrir því afhverju þær hafa verið jafn vinsælar og raunin er. Það er alltaf áhugavert að sjá hvernig vel menntað og vel gefið fólk upplifir atburði og hegðun á mismuandi hátt.

Aðferðarfræði

Til þess að svara þeim spurningum sem lagðar eru til grundvallar í þessari ritgerð er eigindlega tilviksrannsóknarforminu beitt. Stuðst er við bók Robert K. Yin Case Study Research frá árinu 2014 við gerð rannsóknar. Að mati Yin er markmiðið með tilviksrannsókn að hanna góða rannsókn, sem safnar saman traustum upplýsingum, setja þær fram þannig að það gagnist lesandanum og að greina síðan upplýsingarnar. Í byrjun undirbúnings fyrir rannsókn eigi rannsakandi að fara yfir það sem fræðimenn hafa skrifað um viðfangsefnið. Eftir ákveðið tímabil íhugunar eru settar maður fram rannsóknarspurningarnar og markmið. Undirbúningur þessarar ritgerðar hófst í byrjun janúar ársins 2014. Höfundur hefur fylgst náið með því sem hefur verið að gerast í Rússlandi um langt skeið og lengi haft áhuga á að kanna ástæður þess að Rússar hegða sér líkt og þeir gera (Yin 2014, 3).

Þessi rannsóknaraðferð er ekki fullkomin. Hún þykir henta vel ef rannsakandi er að leitast við því að svara rannsóknarspurningum sem reyna að útskýra ákveðnar félagslegar aðstæður. Ef rannsakandi er að spyrja hvernig eða af hverju staðan er eins og hún er þá sé tilviksrannsókn hentug. Með henni gefst tækifæri til að rannsaka ítarlega viðfangsefni sitt. Með því eykst skilningur rannsakanda og lesandans á flóknum viðfangsefnum eins og alþjóðasamskiptum (Yin 2014, 4). Tilviksrannsókn sem þessi hentar einnig vel ef bera á saman tvær hugmyndir um viðfangsefni. Í tilfelli þessarar ritgerðar á það við kenningar þær sem stuðst er við og Rússland. Þetta er ein af ástæðum þess að ég ákvað að nota tilviksrannsóknarformið. Auðvelt var að átta sig á því að ákveðin rökræða var að fara fram um hvort Rússland væri á einhvern hátt frjálsslyndisstefnunni að kenna. Margir bentu á að ekki hafi verið tekið nægilega til greina raunhyggju sjónarmið sem hefðu getað orðið þess valdandi að ekki væri eins illa komið fyrir samskiptum Rússa og Vesturvelda (Yin 2014, 202).

Uppistaða ritgerðarinnar mun byggjast á ritrýndum greinum og bókum sem skrifaðar eru af fræðimönnum á sviði stjórn mála og alþjóðamála Þar sem hlutirnir gerast hratt í alþjóðamálum hafa ekki margar ritgerðir eða ritrýndar greinar verið skrifaðar á íslensku um nýlega hegðun Rússa. Ekki hefur þó reynst erfitt að finna heimildir við vinnslu ritgerðarinnar. Þær hafa þó allar verið á ensku. Við val á heimildum eru aðeins ritrýndar greinar notaðar sem fundnar voru í gegnum leitarsíður svo sem Ebscohost, Jstor og Pro Quest. Þær bækur sem

höfundur notaði voru allar eftir fræðimenn á sviði stjórn mála og alþjóðamála. Undirstaða góðrar ritgerðar eru þær heimildir og gæði þeirra sem höfundur styðst við. Því skiptir það miklu máli að á því stigi sem rannsakandi er að safna þeim að sér að leitin fari fram með það í huga (Yin 2014, 107)

Það hefði verið gagnlegt að geta lesið og skilið rússnesku. Þannig hefði verið hægt að rannsaka greinar og skjöl á rússnesku í stað ensku. Þess var ekki kostur og því les aðeins aðeins stuðst við heimildir á ensku. Margar heimildir eru ef til vill hallar undir Vesturlönd sökum þess tungumálsins og valdi höfundur að hafna heimildum sem höfundi fannst ekki nægilega sanngjarnar í garð Rússa.

Ríki í tilvistarkreppu

Til að skilja hegðun Rússa í dag er mikilvægt að fara aftur í tímann. Er Sovétríkin hrundu stóð landið frammi fyrir óvissutímum. Það var hinsvegar ekki í fyrsta skipti. Svipuð staða hafði komið upp á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar er keisaranum var steipt af stóli. Þá stóð landið einnig frammi fyrir töpuðu stríði og efnahagshrun, sáu að baki heimsveldis og þörf á gríðarlegum umbótum. Í báðum tilfellum var einnig löngun eftir fortíðinni þegar landið var stórveldi (Hill og Gaddy 2013, 66). Árið 1991 stóð Boris Jeltsín því frammi fyrir erfiðu verkefni sem leiðtogi Rússa. Hann eins og margir Rússar höfðu gengið út frá því að þrátt fyrir að Sovétríkin hafi hrunið yrði áfram komið fram við landið eins og stórveldi (Larson og Shevchenko 2014, 272). Við hrun Sovétríkjanna misstu Rússar einn sjötta af landsvæði sínu og efnahagur landsins dróst saman um helming. Þá var mikið af verðmætum ríkiseignum skipt á milli efnaðra einstaklinga sem þeir greiddu ekki markaðsverð. Tímabil Jeltsíns einkenndist af stjórnleysi, fátækt, spillingu og minnkandi virðingu fyrir Rússum á alþjóðavettvangi (Tsygankov 2013, 180).

Vesturveldin áttu erfitt með að skilja þessa tilvistarkreppu Rússa. Margir áhrifaaðilar á Vesturlöndum litu á Rússa sem sigraðan óvin og komu fram við landið eftir því (Berryman 2010, 230). Georg Bush þáverandi forseti Bandaríkjanna lýsti því t.d. yfir í ræðu árið 1992 að Bandaríkin hefðu sigrað kalda stríðið (Tsygankov 2013, 182). Spurningin var hvaða stöðu, ef einhverja, Rússland hefði í Evrópu. Önnur sigruð stórveldi í svipuðum aðstæðum voru t.d. Frakkland eftir ósigur þess 1815 og Þýskaland 1945. Ekki var unnið að því að einangra og halda þeim niðri heldur reynt að endurreisa þau. Þessi fyrrum stórveldi var í raun gert kleift að rísa upp sem ríki sem áttu í nánú samstarfi við sigurvegara sína og að bjarga andliti (Berryman 2010, 232). Eftir endalok kalda stríðsins hófst tímabil þar sem Vesturveldin og sérstaklega Bandaríkin lögðu mikið á sig til að nútímavæða Rússland. Það var í reynd verið að reyna að gera Rússland líkara Vesturlöndum (Morgan 2013, 39). Þá sáu þau einnig fram á að Rússlandi gæti orðið öflugur bandamaður þeirra í framtíðinni. Von þeirra var að Rússar myndu líta til þeirra um forystu í öryggis- og efnahagsmálum í framtíðinni (Tsygankov 2013, 180).

Við endalok valdatíma Jeltsíns voru margir Rússar búnir að missa trú á framfarir í landinu. Var jafnvel talað um að landið gæti liðast í sundur ef ekki eitthvað mikið yrði gert. Svo mikil hafði hnignun og niðurlæging landsins verið síðustu ár (Tsygankov 2013, 86). Við hrun Sovétríkjanna höfðu margir verið vongóðir um að lýðræði myndi ná að festa rótum innan landsins. Andi frjálslyndisstefnunnar sveif yfir Vesturlönd sem vildu að sama myndi eiga við Rússland líka. Sannleikurinn var sá að er Jeltsín lét af völdum var staða lýðræðis innan Rússlands ekki góð. Þó að Jeltsín hafi oft verið lýst sem lýðræðissinna þá er erfitt að halda því fram þegar ýmis verk hans og valdahóps hans eru skoðuð. Þeir sem þekktu Jeltsín best töldu að hann væri enginn lýðræðissinni. Hann var hrifinn af valdi og var það kannski eina hugmyndafræðin sem hann persónulega trúði á. Á forsetatímabil hans voru völd forsetaembættisins aukin gríðarlega á kostnað löggjafavaldsins. Var hann óhræddur við að beita þingið hörðu með aðgerðum sem ekki virtust eiga sér stoð í stjórnarskrá Rússlands. Þrengt hafði verið verulega að frelsi fjölmiðla árið 1996 er forsetakosningar fóru fram. Á tímabili var útlit fyrir að Jeltsín myndi eiga erfitt með að ná endurkjöri. Fjölmiðlum var greinilega beitt í þágu Jeltsín og á kostnað hugsanlegra mótframbjóðenda hans. Efnaðir eigendur fjölmiðlanna studdu Jeltsíns með afgerandi hætti. Ástæða er reyndar til að efast um hvort Jeltsín hefði látið frá sér völdin ef hann hefði tapað kosningunum. Svo litla virðingu báru hann og valdahóps hans fyrir lýðræðinu (Wright 2011, 326).

Spillingin innanlands var svo mikil að margir voru búnir að fá sig fullsadda. Margir ríkustu menn Rússlands voru farnir að hafa áhyggjur af því hvað myndi gerast er Jeltsín færi frá völdum. Þeir höfðu stutt Jeltsín í forsetakosningunum 1996 en voru mjög uggandi yfir hugsanlegum rannsóknum á þeim sjálfum. Þeim hafði verið gert kleift að auðgast gríðarlega eftir stuðninginn við Jelstín. Höfðu þeir fengið mikið af eignum ríkisins fyrir aðeins brot af markaðsvirði þeirra. Það virtist vera alvara í því hjá ákveðnum hópi að taka á þeirri gríðarlegu spillingu sem var í landinu. Jeltsín og valdahóps hans hugnaðist það ekki og ljóst var að réttur maður yrði að taka við af Jeltsín (White 2011, 81). Tímabilið frá mars 1998 til ágúst 1999 hafði verið sérstaklega óstöðugt er kom að ríkisstjórnnum í Rússlandi. Á því tímabili höfðu verið fimm forsætisráðherrar. Jeltsín sagði af sér embætti á gamlársgangi 1999 og nýr maður tók við völdum (White 2011, 35). Sá maður myndi líkt og Jeltsín taka við landi í miklum efnahagslegum og hernaðarlegum vandræðum. Það var ljóst að ef vekja ætti hinn rússneska björn frá þeim dvala sem hann hafði lengi verið í þurfti öflugan einstakling (Larson og Shevchenko 2014, 273).

Björninn vaknar

Vladímír Pútín tók við af Jeltsín sem forseti árið 2000. Ári áður hafði hann tekið við sem forsætisráðherra. Sat hann sem forseti til ársins 2008 eftir að hafa náð endurkjöri 2004. Þá tók náninn samstarfsmaður hans Dmitry Medvedev við sem forseti og sinnti embættinu til 2012 er Pútín tók aftur við forsetaembættinu. Í millitíðinni var Pútín forsætisráðherra. Ástæðan fyrir þess var að samkvæmt stjórnarskrá Rússlands mátti sami aðili ekki sitja meira en tvö kjörtímabil samfelld sem forseti. Mun kjörtímabil Pútíns ljúka árið 2018 eftir að breyting var gerð á stjórnarskrá sem lengdi kjörtímabil forseta í 6 ár í stað 4 (Hill og Gaddy 2013, 2). Þó að Medvedev hafi verið í embætti forseta um tíma, voru fáir innan Rússlands í vafa um hver réði mestu (Hill og Gaddy 2013, 7). Medvedev var Pútín mikilvægur því að hann þurfti á einstaklingi að halda sem hann treysti fullkomlega. Færði Pútín völd frá forsetaembættinu til forsætisráðuneytisins til að undirbúa það að setjast í stóll forsætisráðherra. Það var viðkvæmt tímabil er hann var að framkvæma þetta. Því var mikilvægt að hafa traustan mann í stóli forsætisráðherra á meðan á þessu stóð (Hill og Gaddy 2013, 181).

Pútín er lögfræðingur og kemur frá St Pétursborg. Um leið og honum gafst kostur á gekk hann til liðs við KGB (Hill og Gaddy 2013, 1). Reynsla hans í KGB hefur hjálpað honum töluvert að komast áfram í rússnesku samfélagi. Pútín fór leynt með það hve metnaðarfullur hann var og var fljótur að nýta sér tækifæri sem honum buðust. Tilhneiging fólks til þess að vanmeta hann, sem hann stundum ýtti undir, var eitthvað sem hann nýtti sér. Þannig tókst honum oft að komast í áhrifamiklar stöður og sanku að sér völdum án þess að mikið færi fyrir honum. Pútín var góður í því að finna valdamikla einstaklinga sem gátu hjálpað honum að klífa metorðastigann (Hill og Gaddy 2013, 12).

Það kann að vera einkennilegt miðað við hve afgerandi leiðtoga hann virðist vera í dag að lengi vel sýndi hann því lítinn áhuga á að vera í sviðsljósinu. Lengst af starfaði hann aðalega bak við tjöldin (Hill og Gaddy 2013, 77). Hann hafði komist til áhrifa í heimaborg sinni St. Pétursborg. Fyrirverandi kennari hans Anatoly Sobchak varð borgarstjóri þar og hafði Pútín komist til áhrifa í gegnum hann. Nýttust hæfileikar Pútíns sem fyrirverandi KGB manns borgarstjóranum vel. Hlutverk hans var að framfylgja þeim óformlegu reglum, sem í gildi voru í borginni. Í hans hlut kom að sinna ýmsu af því sem þurfti að gera í borginni sem kannski var ekki auglýst sérstaklega (Hill og Gaddy 2013, 15). Þessi tími hafði mótandi áhrif

á hann sem einstakling og leiðtoga. Mikið af þeirra reynslu sem hann fékk í St. Pétursborg mótaði hann sem leiðtoga. Með tímanum fór hann að komast á þá skoðun að til þess að ríkið gæti tryggt tilveru sína væri það náttúruauðlindir þess sem myndu bjarga landinu. Þær væru það sem tryggja myndu auð og þróun landsins. Þá fékk hann óbeit á einkafyrirtækjum og treysti þeim ekki. Þó að þau gætu verið góð tekjulind fyrir samfélagið myndu þau alltaf forgangsraða í eigin þágu í stað samfélagsins í heild sinni. Því ætti ríkið og sá aðili sem stjórnaði því alltaf að geta haft ákveðið taumhald á fyrirtækjunum. Pútín hefur einnig mikla trú á því að ríkið eigi alltaf að eiga varasjóði. Bæði sem forsætisráðherra og forseti lagði hann mikla áherslu á að byggja upp t.d. gjaldaeyrissjóð landsins og ná tökum á fjárlögum ríkisins (Hill og Gaddy 2013, 83-84).

Pútín er mikil unnandi rússneskrar sögu. Hefur hann nýtt sér líf og hugmyndir persónu úr sögunni sér til framdráttar til þess að sníða við sína eigin sögu (Hill og Gaddy 2013, 12). Pútín og samstarfsfólk hans hafa sífellt notað eigin túlkun á sögu Rússlands til að réttlæta gjörðir sínar og stefnur. Þetta sést ítrekað þegar ræður hans eru skoðaðar (Hill og Gaddy 2013, 63). Pútín hefur reynt að beina sjónum almennings að því hvernig saga Rússlands sýni að þegar rússneskur almenningur sé ekki sameinaður verði landið veikt. Þetta gerist þegar ekki er næg samstaða um þau gildi sem Rússar eiga sögulega sameiginlega. Þetta hafi verið tilfellið þegar Sovétríkin hrundu og ýmis frjálslynd gildi eins og frelsi einstaklingsins, tjáningarfrelsi og ferðafrelsi urðu vinsæl. Þau væru ekki endilega slæm en þau væru ekki rússnesk og ekki hluti af þeim kjarna sem einkennir Rússland (Hill og Gaddy 2013, 36).

Á níunda áratugnum var Moskva miðstöð valda og stjórn mála í Rússlandi. St Pétursborg og fólk frá þeim landshluta voru utanaðkomandi aðilar þar í borg. Fáir hefðu sennilega spáð því að einn þeirra yrði forsætisráðherra og forseti (Hill og Gaddy 2013, 112). Þrátt fyrir að vera forseti upplifir Pútín sig að mörgu leyti enn sem utanaðkomandi aðila. Sama má segja um nánustu ráðgjafa hans sem eru með svipaðan bakgrunn og hann (Hill og Gaddy 2013, 114). Árið 1996 var Pútín ráðinn til starfa í Moskvu. Átti hann að vinna innan stjórnsýslu forsetaembættisins (Hill og Gaddy 2013, 15). Hlutverk hans var að vinna að því að ná tökum á ákveðnum efnum einstaklingum sem margir voru farnir að hafa áhyggjur af á þessum tíma. Átti hann að safna upplýsingum um þá og fylgjast með þeim (Hill og Gaddy 2013, 115). Hann var talinn hafa staðið sig vel í þessu hlutverki sínu. Árið 1998 var hann svo skipaður yfirmaður öryggisþjónustu ríkisins, arftaka KGB (White 2011, 35). Kom það mörgum á óvart sökum þess að hann tilheyrði aldrei valdamesta hópnum innan KGB eða öryggisþjónustunnar. Hann var utanaðkomandi aðili í raun innan KGB, líkt og í Moskvu í

upphafi og á tímum Gorbachev þar sem hann bjó í Dresden í Þýskalandi (Hill og Gaddy 2013, 115).

Þegar Jeltsín hélt ræðu í sjónvarpinu til þess að tilkynna um skipan Pútíns sem forsætisráðherra kom stuðningur hans við hann skýrt fram. Sá stuðningur var ekki bara í embætti forsætisráðherra heldur einnig sem arftaka sinn sem forseta (White 2011, 82). Áður en Pútín tók formlega við embætti forsætisráðherra árið 1999 lagði hann áherslu á stöðuleika og litlar breytingar á ríkisstjórninni (White 2011, 83). Í utanríkismálum ætti að leggja aukna áherslu á ná fram hagsmunum Rússa í alþjóðamálum. Þá átti einnig að leggja aukinn kraft í að verja réttindi Rússa sem bjuggu í öðrum löndum (White 2011, 81).

Þegar Jeltsín útskýrði ástæður þessar að hann studdi Pútín taldi hann að Pútín gæti aukið samstöðu þjóðarinnar. Þá myndi hann áfram fylgja þeirri umbótarstefnu sem ríkisstjórn sín hefði mótað undanfarið (White 2011, 35). Mikilvægi þess að koma aftur á reglu í samfélaginu og að endurreisa vald og virðingu ríkisins innan Rússlands voru allt atriði sem almenn samstaða hafði myndast um á þessum tíma. Átti það við nánast hjá öllum stjórnmalaflokkum hvar sem þeir voru staðsettir í litrófi stjórnmalanna. Áhrifa þessarar samstöðu hefur gætt í mörgu af því sem Pútín hefur gert síðan að hann komst til valda (Hill og Gaddy 2013, 34).

Það er því mikil tenging við stefna Pútíns og áherslur þær sem þegar voru komnar fram áður en hann tók við völdum (White 2011, 82). Ljóst var hinsvegar að þörf var á nýjum manni og hópi í kringum hann til að styrkja ríkið. Það þurfti á nýrri ríkisstjórn og leiðtogum að halda eftir valdatímabil Jeltsíns (Hill og Gaddy 2013, 49). Ekki eru allir sammála því hvernig Pútín komst til valda. Ljóst er þó að hann hafði ákveðin tengsl við Jeltsíns og fjölskyldu hans. Pútín hafði, er hann sinnti hlutverki yfirmanns öryggisþjónustu ríkisins, reynst þeim vel við að berjast gegn rannsókn á spillingu þeirra (White 2011, 82).

Í Rússlandi býr fólk í raun við tvöfalt kerfi. Í fyrra kerfinu á venjulegt fólk heima. Þar ráða ákveðnir þættir för líkt og stjórnmal, lög og stjórnarskrá Rússland. Annað kerfi er hinsvegar til sem er meira óformlegt og óopinbert. Þar er ríka fólkið, bæði nýríkt og einnig fólk sem efnaðist á tímum Jeltsíns. Hinir nýríku hafa yfirleitt sterk tengsl við Pútín og valdahóp hans. Margir í valdahóp hans hafa einnig orðið mjög ríkir síðan hann tók við völdum. Þessi aðilar, tengdir Pútín, eru einmitt þeir sem yfirleitt fara með stjórn á fyrirtækjum sem starfa í orkugeiranum. Þeir eru lykilmenn í stjórn Pútíns á þeim geira. Ef þeir standa sig í starfi eru þeir verðlaunaðir, ef ekki eru þeir fjarlægðir úr starfi (Hill og Gaddy 2013, 236-237).

Mjög sterkt samband er milli rússneska ríkisins og efnahagskerfisins. Það þýðir engu að síður ekki að allar efnahagslegar ákvarðanir innan Rússlands séu teknar af ríkinu. Ríkir einstaklingar og fyrirtæki hafa svigrúm til athafna. Pútín hefur verndað þá frá því að eignir þeirra séu teknar af ríkinu gegn því að þeir sýni honum hollustu. Ef þeir gera það ekki mega þeir búast við því að hann taki hart á þeim. Þá er hann einnig verndari þeirra gagnvart hvorum öðrum. Hefur hann komið sér upp miklu magni af fjármálaupplýsingum um þá, sem sumar sýna fram á glæpi þeirra. Þetta er hluti af kerfinu í Rússlandi og getur hann notað þetta gegn þeim ef þörf er á (Hill og Gaddy 2013, 211). Það sem tryggir ákveðna samstöðu er hættan á því að vera sóttur til saka ef þú brýtur reglur hins verndaða heims hinna efnuðu í Rússlandi. Þetta er í raun svipað kerfi og var við lýði í St. Pétursborg á tíunda áratugnum þegar Pútín var þar. Spilling tryggir hollustu má segja og það er það sem heldur saman hinu óformlega kerfi sem almenningur í Rússlandi á ekki aðild að (Hill og Gaddy 2013, 239-240). Þó að valdahópurinn eigi margt sameiginlegt, helst þeir hagsmunir að halda völdum, einkennist í raun samband þeirra á milli af miklu vantrausti. Sérstaklega Pútín treystir fáum og sést það á því hve margir af hans nánustu samstarfsmönnum hafa fylgt honum síðan hann starfaði í St Pétursborg (Hill og Gaddy 2013, 238).

Pútín hefur alltaf talið sig mann fólksins. Það breytir því ekki að hann telur að almenningur eigi að hafa takmörkuð áhrif á málefni samfélagsins. Frá því að Pútín komst til valda hefur hann alltaf talið að rússneska elítan sem er virk í stjórnámálum hafi sérstakt hlutverk í samfélaginu. Þessi elíta er fólkið sem hefur hagsmuni af því hvernig samfélagið er skipulagt og hvernig það virkar. Hefur hann alltaf lagt mikla áherslu á að mynda samband við þessa aðila. Þessi hugmynd um rétt elítunnar er byggð á gömlum grunni. Er hægt að rekja hana að minnsta kosti aftur til nítjándu aldar (Hill og Gaddy 2013, 39). Flestir þræðir valdsins eru meira og minna í höndum Pútín og valdahóp hans. Hefur hún gríðarlegt vald til þess að þjóna eigin markmiðum og hagsmunum sínum sem og Rússlands. Það er hún sem ákveður t.d. hve mikið svigrúm lýðræðisöfl eða stjórnálflokkar almennt hafa innan Rússlands (March 2011, 192). Sem farvegur fyrir völd sín var sérstakur stjórnálflokkur sem heitir Sameinað Rússland stofnaður. Snýst hann í raun um Pútín og valdahóp hans. Hann var skipulagður af þeim til að framfylgja stefnu þeirra (White 2011, 42).

Forsetakosningar og þingkosningar fara reglulega fram. Er gjarnan bent á þær til þess að undirstrika lögmæti Pútíns. Stjórnarandstöðuflokkar fá þó takmarkað rými til að athafna sig en ef þeir fara út fyrir þetta rými er valdahópurinn fljót að refsa. Er kemur að utanríkismálum er rými þeirra enn minna en í innanlandsmálum (March 2011, 192). Með yfirburðum hans og

valdahópi hans á rússneska þinginu og í öðrum stofnunum Rússlands, er það sem dæmi fremur auðvelt fyrir Pútín að breyta stjórnarskrá Rússland. Áfram hefur verið haldið að þrengja að frelsi fjölmiðla og að nýta þá í þágu ríkjandi valdhafa (White 2011, 328). Reynt hefur verið að fylla allt fjölmiðlarými á sviðum stjórnmála og upplýsinga í Rússlandi af boðskap valdhafanna. Efnaðir einstaklingar sem hafa sterk tengsl við valdahafa hafa aukið eignarhlut sinn á fjölmiðlamarkaðinum. Í dag er ástandið þannig að ekki eru margir starfandi fjölmiðlar í eigu annarra aðila en ríkisins eða þessara bandamanna Pútíns. Þá er vel fylgst með öllum gagnrýnisröddum og sérstakir hópar af fólki sem berjast gegn öllum gagnrýnisröddum um rússnesk stjórnmál, hvort sem það er heima eða erlendis. Mikil áhersla er lögð á að bregðast við neikvæðum öflum (Hill og Gaddy 2013, 7). Ef ákvarðanatáka innan Rússlands í dag er borin saman við það sem var á tímum Jeltsíns er ekki eins mikill hvati til að taka tillit til annarra sjónarmiða. Pútín og valdahópurinn í kringum hann hafa því meiri valmöguleika en áður til þess að ná sínum markmiðum fram (March 2011, 192).

Er Pútín var kosinn forseti árið 2000 hafði stríð sem Rússar háðu í Tsjetsjenía mikið um sigur hans að segja. Framferði Rússa þar var mjög blóðugt eins og fyrri stríð á þessu landsvæði (White 2011, 327). Með tímanum varð Pútín sífellt öruggari með sjálfan sig. Hann fór að þora meira að breyta aðeins áherslum Rússa frá því sem var (White 2011, 147). Fór hann að minnka völd ríku einstaklinganna sem áður höfðu verið svo áhrifamiklir á tímum Jeltsíns. Var þeim gert ljóst að þeir yrðu að fylgja þeirri stefna sem Pútín og valdahópur hans mynduðu. Ef ekki voru þeir neyddir í útleið eða sóttir til saka (White 2011, 328). Pútín fór einnig í ræðum sínum að draga skarpari skil milli hugmynda Vesturvelda um lýðræði og hins rússneska lýðræðis. Í löndum eins og Bandaríkjunum og Bretlandi, væri kannski jarðvegur fyrir frjálslýnt lýðræði. Frjálslýnd gildi ættu sér þar djúpar rætur sem hefðu verið í þróun í langan tíma. Það væri ekki raunin í Rússlandi og því ekki hægt að byggja sams konar lýðræði og væri á Vesturlöndum. Saga Rússlands væri á þann veg að hefð væri fyrir miklu hlutverki ríkisins og stofnanna þess í málefnum samfélagsins (White 2011, 323).

Mikilvægi ímyndar og persónu Pútíns

Pútín og valdahópur hans eru ekki algjörlega einangraður hópur sem fylgist lítið með skoðunum almennings. Þvert á móti er fylgst mjög vel með þeirri umræðu sem á sér stað í samfélaginu. Mikið er lagt í að reyna að hafa áhrif á hana. Almenn orðræða getur haft áhrif og sést það t.d. í vilja stjórnvalda til þess að reyna að stjórna og hafa áhrif á hana. Valdahópurinn er mjög meðvitaður um mikilvægi þess að fylgjast með og kanna viðhorf almennings. Skoðanakannanir eru því gerðar mjög reglulega til þess að fylgjast með almenningi (March 2011, 192). Pútín sjálfur er mjög meðvitaður um mikilvægi þess að skapa ákveðna ímynd. Sem forseti og forsætisráðherra má sjá hann í ýmsum ólíkum hlutverkum. Eru þetta hlutverk sem hann og ráðgjafar hans telja að almenningur kunni við að sjá hann í. Skoðanakannanir eru því gerðar til þess að greina hvaða hópa meðal Rússnesks almennings Pútín þurfti að ná betur til. Eru þetta því mjög ólík hlutverk sem Pútín bregður sér í (Hill og Gaddy 2013, 4). Hefur Pútín sjálfur sagt að einn besti eiginleiki hans sem stjórnálamanns sé hæfileiki hans til þess að ná til almennings. Í honum sjái þau það sem þau vilja að hann sé, ekki endilega það sem hann raunverulega er (Hill og Gaddy 2013, 3). Pútín telur sjálfan sig vera meira eins og rússneskan almenning. Kemur oft fram í ræðum hans þessi sýn hans á sjálfum sér. Reynir hann að mála mynd af sjálfum sér sem ólíkum þeim forréttindahópum sem eru svo sýnilegir í Moskvu (Hill og Gaddy 2013, 131). Reynir hann mikið að ná til almennings og þá á kostnað ríkisins eða menntaelítunnar, sem hann þó tilheyrir. Orðræða hans einkennist oft af populískum skilaboðum og grófum bröndurum sem Pútín telur að almenningur kunni að meta (Hill og Gaddy 2013, 135).

Oft getur verið erfitt að fullyrða um hvað er raunverulegt og hvað ekki við Pútín persónulega. Við upphaf valdatíma síns var honum t.d. mjög umhugað um að mynda náið samband við rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna. Vildi hann meina að hann hefði nýlega endurupptvötað trú sína. Þá fór hann að mæta reglulega í kirkju og mynda persónulega tengsl við ýmsa áhrifamenn innan kirkjunnar. Allt þetta var auglýst rækilega. Hvort þetta var raunverulegt eða ekki þá var þetta hluti af þeirri mynd sem Pútín var að gefa almenningi af sér (Hill og Gaddy 2013, 68).

Hæfileiki hans til að gefa af sér mismunandi myndir er ekki aðeins beint að rússneskum almenningi. Er hann á samskipti við fjölmiðla eða hagsmunahópa getur hann einnig brugðið sér í ýmis hlutverk sem kunna að henta þeim aðstæðum (Hill og Gaddy 2013, 3). Þá leggur

hann einnig áherslu á hlutverk sitt sem hinn ábyrga landsföður. Hefur hann gripið til ýmissa leiða til að byggja upp þessar ímyndir sínar í gegnum árin. Á valdatíma sínum hefur hann verið óhræddur við að leita í ýmsa hugmyndafræðibrunna og kemur það fram í orðræðu þeirri sem hann beitir. Má þar nefna kommúnisma, frjálslyndisstefnu, þjóðernishyggju og má greina áhrif þeirra á orðræðu og hugmyndir hans (March 2011, 192). Pútín leggur áherslu á að hann sé frekar maður aðgerða en orða. Skýrir þetta ástæður þess af hverju hann hefur verið langvinsælasti stjórnmalamaður Rússlands í meira en áratug. Lögmæti og stöðuleiki þess valdakerfis sem Pútín og valdahópur hans hafa byggt upp er mjög bundin við persónulegar vinsældir hans. Það skýrir hvers vegna það er svo mikilvægt fyrir þá að vera meðvitaðir um upplifun Rússa á honum (Hill og Gaddy 2013, 5).

Undir stjórn Pútíns hefur stjórnun landsins orðið mun miðstýrðri en áður. Ákvarðanataka liggur hjá Pútín og fámennum hópi ráðgjafa hans. Þessi nánasti hópur í kringum Pútín hefur starfað með honum í meira en tuttugu ár. Er það alveg frá þeim tíma er þeir voru saman í St. Pétursborg. Má í raun líkja þeim við mafufjölskyldu þar sem einstaklingar verða að treysta á hvern annan en einnig á kerfið í heild sinni. Það er kerfið sem hefur verið búið til af Pútín sem verðlaunar aðila með vel launuðum störfum, ýmsum fríðindum og forréttindum. Til þess að tilheyra þessu kerfi þarf að fylgja ákveðnum gildum og reglum. Ef það er ekki gert er fólki hótað og hin miklu tengsl sem eru milli einstaklinga notuð til þess að láta fólk fylgja reglunum (Hill og Gaddy 2013, 5).

Margir embættismenn og ráðgjafar sem valdamiklir eru hafa svipaðan bakgrunn. Koma þeir mjög oft frá ýmsum stofnunum hersins eða öryggisþjónustu Rússlands. Hefur orðið mikill fjölgun á fólki í áhrifastöðum með þennan sameiginlega bakgrunn frá tíma Jeltsíns. Pútín sjálfur tilheyrir þessum hópi (West 2011, 328). Má segja að hópurinn líti á það sem sitt hlutverk að forða Rússlandi frá því ástandi sem það var í undir lok valdatíma Jeltsíns (West 2011, 357). Þó að Pútín tilheyri og stjórni þessum hópi frá stofnunum hersins og öryggisþjónustunni, þá er samband hans við þá ekki eins sterkt eins og sumir kunna að halda. Ástæðan er sú að áður en hann varð yfirmaður öryggislögreglunnar árið 1998 hafði hann aldrei verið hluti af innri valdakjarna hennar eða KGB. Tilheyrir hann einnig hópi sem var ráðinn til starfa innan KBG til þess að yngja upp í stofnuninni og fá inn nýjar hugmyndir inn. Hann var því utanaðkomandi aðili þar, eins og hann var þegar hann kom til Moskvu 1996 (Hill og Gaddy 2013, 116). Sýn Pútíns á sjálfan sig sem utanaðkomandi aðila er sterk og er eitthvað sem hann leggur áherslu á. Er það hluti af ímynd hans sem leiðtoga sem stendur fyrir utan heim stjórnmalanna (Hill og Gaddy 2013, 129).

Utanríkisstefna Pútíns

Áherslur Pútín í utanríkismálum hafa ekki alltaf verið þær sömu. Þær hafa breyst og þróast með tímanum. Þó að það megi að hluta til útskýra þær með ytri atburðum hafa þeir takmarkað útskýringargildi. Það er því mikilvægt að skoða atburði og áherslur innan Rússlands til þess að skilja hegðun þess (Spechler 2010, 35). Með því sést að uppi eru mismunandi áherslur meðal valdahópsins, varðandi stefnu landsins gagnvart Vesturveldum. Greinir þá á um hver markmið Vesturvelda eru gagnvart Rússum. Þá er ekki eining um hvaða hagsmuni Rússar eigi að leggja áherslu á með samvinnu við Vesturveldi. Þessar áherslur eru hluti af langri innri átökum innan landsins um hvernig landið eigi, eða eigi ekki að tengjast Vesturveldum (Spechler 2010, 39).

Því má halda fram að Pútín hafi ákveðna sýn á ríkið og forsendur þess til að athafna sig í heiminum. Til þess að ríkið geti lifað af í óvinveittum heimi þar sem samkeppni milli ríkja er mikil er nauðsynlegt að búa sig undir það versta. Með þessu tryggir maður ekki aðeins stöðu ríkisins heldur einnig eigin stöðu. Þessar hugmyndir hafa verið mjög áhrifamiklar við stefnumótun Pútíns (Hill og Gaddy 2013, 84). Utanríkisstefna Rússlands stjórnast, líkt og önnur ákvarðanatöku, að mestu af fáum ráðgjöfum og embættismönnum sem hliðhollir eru forsetanum. Persónuleg tengsl milli manna og aðgangur að hópnum er því mikilvægt atriði ef fólk vill hafa áhrif á ákvarðanatökuna (March 2011, 192). Í utanríkismálum var ljóst að endurheimta átti vald og áhrif Rússlands sem stórveldis. Hverfa átti frá stöðunni á tíma Jeltsíns þar sem landið var veikburða og hafði takmörkuð áhrif í heiminum (Berryman 2010, 230).

Pútín og samstarfsmenn hans voru þó ekki að reyna að breyta alþjóðakerfinu sem slíku. Þeir vildu aðeins auka völd og áhrif Rússa frá því sem var á tímum Jeltsíns. Fyrstu ár valdatíma hans fór í það að ná fram auknum stöðuleika í efnahagsmálum og stjórnámálum ríkisins almennt (Larson og Shevchenko 2014, 273). Það var mikilvægt að mati Pútíns að hverfa frá þeim tíma er Rússar þurftu að treysta á alþjóðastofnanir um fjármögnun. Aðeins þá gæti Rússland raunverulega verið sterkt og ekki jafn viðkvæmt fyrir sveiflum á alþjóðamörkuðum (White 2011, 147). Er Pútín tók við völdum árið 2000, virtist hann í upphafi ætla að vera Bandaríkjamönnum og Vesturveldum erfiður. Var hann sérstaklega harðorðaður í garð Bandaríkjamanna. Á þessum tíma sá hann fyrir sér að fyrrum Sovéttlýðveldin myndu ásamt Rússum vera ákveðið mótvægi við Vestræn áhrif á svæði

landanna. Reyndi hann að auka samstarf Rússa við lönd eins og Íran, Norður-Kóreu og Kúbu. Þetta voru ríki sem Bandaríkin og Vesturlönd höfðu átt erfitt samband við (Spechler 2010, 36). Notaði hann stríðið í Tsjetsjeníu, sem snérist um að verja landamæri Rússlands og að berja niður íslamska öfgamenn, til þess að auka samstöðu innan Rússlands. Með því gafst honum tækifæri til að endurreisa trú almennings á yfirvöldum og her Rússlands (Spechler 2010, 41).

Með tímanum fór Pútín að verða ljóst að hann þyrfti að bæta samskipti sín við Vesturveldin. Þeir þurftu á þeim að halda til þess að nútímavæða landið. Vesturveldin gætu verið mikilvæg uppspretta fjármagns, tækni og markaðsaðgengis. Taldi hann að efnahagslegir hagsmunir Rússa myndu batna með því að vinna meira með Vesturveldum. Hugmyndir um samstöðu fyrrum Sovétlýðvelda virtist einnig vera dauðadæmt á þessum tímapunkti. Lítil áhugi virtist meðal flestra fyrrum Sovét lýðvelda til að bindast Rússum nánum böndum aftur (Spechler 2010, 41). Er atburðirnir þann 11. september árið 2001 gerðust sá Pútín tækifæri. Með stríðinu gegn hryðjuverkum reyndi hann að sýna að Rússar stæðu með Bandaríkjunum og Vesturveldum (Larson og Shevchenko 2014, 273). Taldi hann að með þessu opnaðist tækifæri fyrir Rússa að bindast alþjóðafnahagskerfinu sterkari böndum. Rússar og Bandaríkjamenn gætu einnig myndað sterkara samband á grundvelli baráttu þeirra gegn íslömskum hryðjuverkamönnum. Rússar höfðu yfir að ráða mikið af upplýsingum um Afganistan sem Bandaríkjamenn gátu nýtt sér við innrásina í Afganistan árið 2001 og einnig eftir að henni var lokið. Innrásin var svar Bandaríkjamanna við árásinni þann 11. september (Spechler 2010, 42). Lýsti Pútín því yfir að hann stæði með Bandaríkjamönnum í baráttu þeirra gegn hryðjuverkum. Virtist hann tilbúinn til að segja ýmislegt til þess að mynda sterkari grundvöll fyrir samvinnu Rússa og Vesturvelda. Gaf hann það tilkynna að Rússar litu ekki á Mið-Asíu sem bara sitt áhrifasvæði og mótmælti hann því ekki að Bandaríkjamenn myndu nota gamlar Sovéskar herstöðvar á svæðinu (Spechler 2010, 36). Pútín varð einnig mun mildari í garð NATO og sagði að Rússar myndu endurskoða andstöðu sína við stækkun NATO til austurs. Það er ekki hægt að greina mikið sem Vesturveldin gerðu til þess að útskýra breytta hegðun Rússa á þessu tímabili. Bandaríkjamenn höfðu ekki breytt neina varðandi sínar áherslur í heiminum sem gætu útskýrt þetta (Spechler 2010, 37-38).

Þetta tímabil varði ekki lengi og fljótlega fóru að koma upp ágreiningsatriði. Rússar fóru að gera sér grein fyrir því að Bandaríkjamenn ætluðu sér að auka og treysta her sinn í Mið-Asíu og í Kákasus fjöllum. Pútín taldi að þetta hefði átti að vera tímabundin ráðstöfun á meðan Bandaríkjamenn væru að takast á við Talíbana í Afganistan og Al-Qaeda

hryðjuverkasamtökin sem stóðu að baki árásinni þann 11. september. Árið 2002 töldu Rússar að þessu væri lokið en Bandaríkjamenn virtust ekki ætla að fara neitt. Þetta leit Pútín á sem ákveðin svik við sig. Þá var hann ekki sáttur með hvernig Bandaríkjamenn héldu áfram að gagnrýna Rússa fyrir hvernig þeir stunduðu hernað sinn gegn Tsjetsjeníu. Það hafði verið von hans að þeir myndu hætta því eftir stuðning Rússa við innrás þeirra í Afganistan. Vildi Pútín að Rússar myndu fá aukið svigrúm til þess að taka hart á svæðum og ríkjum sem voru þeim nærri gegn aukinni samvinnu við Bandaríkin og Vesturveldin. Hann varð því fyrir miklum vonbrigðum með viðbrögð Bandaríkjamanna. Átti það ekki við bara um á hernaðarsviðinu heldur að auki efnahagslega. Varð Pútín fyrir vonbrigðum með viðhorf Bandaríkjanna og Vesturvelda í garð Rússa. Hafði hann búist við því að njóta mun meira góðs af breyttri stefnu sinni í utanríkismálum (Spechler 2010, 42).

Pútín upplifði einnig það sem persónulega móðgun við sig að Bush skyldi ekki ráðfæra sig við hann um innrás Bandaríkjanna í Írak árið 2003 (Larson og Shevchenko 2014, 273). Þá var áhersla Bush þáverandi forseta Bandaríkjanna á rétt þeirra til fyrirbyggjandi og jafnvel einhliða hernaðaraðgerða til að verja landið Pútín áhyggjuefni. Með þessu virtist mörgum að Bandaríkjamenn væru að grafa undan alþjóðalögum um fullveldi ríkja. Í raun væru Bandaríkin að segja að alþjóðalög ættu við suma, en ekki alla. Írak var fyrsta ríkið þar sem þessi nýja stefna Bandaríkjanna kom fram (Spechler 2010, 42-43). Landið var mikilvægt fjárhagslega fyrir Rússa og innrásin ekki góð fyrir þeirra hagsmuni. Á svipuðum tíma juku Bandaríkjamenn stuðning sinn við lýðræðisöfl innan ríkja nálægt Rússlandi (Larson og Shevchenko 2014, 273). Pútín var þó ekki lengi að reyna að bæta sambandið við Bandaríkin eftir innrásina í Írak. Þá kom annar tónn og innihald í orð Pútíns. Eftir að innrásin var orðin að veruleika harmaði hann þá staðreynd að fjöldi fólks hafi látist. En einnig taldi hann að það þjónaði ekki hagsmunum Rússa að Bandaríkjamenn myndu tapa þessu stríði. Löndin höfðu gert með sér mikla olíusamninga og skulduðu Írakar Rússum mikið fé. Ef þessa samninga átti að virða og endurgreiða skuldina var mikilvægt að sambandið við Bandaríkjamenn yrði gott og gerði Pútín sér grein fyrir því (Wright 2011, 281).

Eftir að fyrsta kjörtímabil Pútíns lauk árið 2004 var hægt að greina enn meiri breytingar á utanríkisstefnu Pútín. Með batnandi efnahag Rússa, vegna gríðarlegra verð hækkunar á olíu og gasi skapaðist meira svigrúm til athafna. Þetta svigrúm birtist í auknu sjálfstæði og getu til athafna í alþjóðamálum (Berryman 2010, 231). Samband Rússa við Bandaríkin, NATO og ESB fór allt að versna með þessu aukna sjálfstæði. Þeim málefnum sem Rússar töldu sig geta unnið með þeim tók að fækka (Spechler 2010, 37). Fór þá einnig að koma fram hugtak meðal

fræðimanna sem kalla má fullveldislýðræði, og tengja má við hugsjónir Pútíns. Með því er átt við að öll ríki ættu að eiga möguleika á því að taka sínar eigin ákvarðanir um málefni samfélagsins. Það væri t.d. ekki sanngjarnt að gagnrýna og vinna gegn vilja Rússa um að þróa sína eigin útgáfu af lýðræði. Erlend ríki ættu ekkert að hafa um það að segja hvernig útgáfu af lýðræði Rússar styddust við (Wright 2011, 323).

Þetta aukna sjálfstraust Rússa hefur komið fram með ýmsum hætti. Hægt er að benda á sem dæmi hvernig þeir hafa notað orku og hernaðaraðgerðir sem verkfæri til áhrifa. Beita þeir þessum tólum á nágranna sína til þess að undirstrika þeirra eigin upplifun af sér sem stórveldis. Þetta gera Rússar enda þótt vestræn ríki mótmæli harðlega (Tsygankov 2014, 23). Á þetta sérstaklega við um ríki sem þeir höfðu áhyggjur af að myndu ganga í NATO. Árið 2006 sagði þáverandi utanríkisráðherra landsins að ef Georgía og Úkraína myndu ganga í NATO myndi það hafa hrikalegar afleiðingar. Komu þessi orð í kjölfar lýðræðisbyltinga sem höfðu orðið í þessum löndum. Ljóst var að Rússar voru tilbúnir til að grípa til harkalegra aðgerða til að koma í veg fyrir að þessi ríki gengju í NATO undir stjórn hinna nýju valdhafa (Tsygankov 2013, 186).

Pútín upplifði þessar byltingar sem þarfa áminningu um mikilvægi þess að vera meðvitaður um skoðanir almennings í Rússlandi. Mikilvægi persónulegra vinsælda hans voru honum og valdahópi hans ofarlega í huga enda lögmæti þeirra að miklu leyti byggð á persónulegum vinsældum Pútín (Hill og Gaddy 2013, 6). Hann var sífellt að verða meira og persónulega á móti því sem hann upplifði sem vanvirðingu Vesturvelda við Rússa og hagsmuni landsins. Ekki átti þessi tilfinning hans eftir að minnka með árunum. Árið 2007, sem dæmi hélt hann ræðu þar sem hann gagnrýndi Bandaríkjamenn fyrir að neyða aðrar þjóðir til þess að vera líkari þeim efnahagslega, menningarlega og stjórnmálalega. Seinna sama ár líkti hann stefnu Bandaríkjanna við stefnu nasista, en ræðan var haldin er Rússar fögnuðu uppgjöf Þjóðverja fyrir Rússum í seinni heimstyrjöldinni (Larson og Shevchenko 2014, 273).

Von um betra samband

Þrátt fyrir þessi versnandi samskipti Rússa og Vesturvelda m.a. í kjölfar stríðsins sem braust út milli Rússa og Georgíu árið 2008, virtist mörgum sem von væri á að það gæti batnað.

Barack Obama var kosinn forseti Bandaríkjanna árið 2009. Reyndi hann í upphafi forsetatíðar sinnar að bæta samskipti Rússa og Vesturvelda. Tókst honum það framan af og virtist lengi vel að samskiptin myndu batna. Obama forseti virtist meðvitaður um hvernig Rússar höfðu upplifað viðhorf Vesturvelda í garð Rússa. Reyndi hann að draga úr ákveðnum áherslum fyrri forseta sem voru Rússum ekki þóknanlegar. Hann vildi fremur einbeita sér að því sem sameinaði ríkin en sundraði. Má þar nefna aukin tengsl við ríki sem voru á svæði því sem Rússar töldu til síns áhrifasvæðis. Einnig að minnka áhersluna á að setja eldflaugar og radarkerfi í fyrrum Varsjárbandalags ríki (Larson og Shevchenko 2014, 274).

Á svipuðu tímabili voru Rússar ekki eins öryggir um sig í efnahagsmálum. Átt þessi staðreynd sjálfsagt eftir að ýta undir vilja Rússa til að reyna að bæta samskiptin við Vesturveldin. Rússar þurftu að laða til sín erlent fjármagn og tækni til þess að reisa fleiri stoðir undir efnahag sinn. Því var það þeim mikilvægt að bæta samskiptin. Þetta tímabil varði hinsvegar ekki mjög lengi. Rússar voru ekki sáttir við hvernig komið var fram við þá af hálfu Bandaríkjanna og Vesturveldanna. Sem dæmi höfðu Rússar ákváðið að sitja hjá í atkvæðisgreiðslu öryggisráðsins á fyrri hluta ársins 2011 sem leyfði NATO að framkvæma sprengjuárásir í Líbýu. Rússar hefðu getað beitt neitunarvaldi sínu en gerðu það ekki. Þeir töldu síðar að sú heimild sem veitt var með ályktuninni hafi verið túlkuð of vítt og skoðanir þeirra ekki teknar nægjanlega til greina. Það var því upplifun Rússa að Bandaríkin og Vesturveldin kæmu ekki fram við þá sem stórveldi og jafningja (Larson og Shevchenko 2014, 275).

Það er hinsvegar ekki nóg að skoða bara utanríkisstefnu Pútíns til þess að skilja hegðun Rússa í dag. Það er nauðsynlegt að kafa dýpra í sögu landsins og útskýra enn fleiri þætti en nú þegar hefur verið gert.

Drifkraftar Rússneskrar utanríkisstefnu

Það sem hefur mótað utanríkisstefnu Rússa er hve viljugir þeir hafa verið til að líta til Vesturs og hvernig þeir upplifa sjálfa sig. Við hrun Sovétríkjanna var meiri vilji til þess að horfa til Vesturlanda um tíma. Síðustu ár hefur ríkt togstreita milli þess að líta til Vesturlanda og sjálfsmyndar Rússa. Saga og menning móta sjálfsmynd Rússa að miklu leyti. Undirniðri vakir alltaf efasemdin um hvort landið sé raunverulegt stórveldi í alþjóðasamfélaginu. Sjálfsmynd Rússa byggist m.a. af vilja til að vera mótstöðuafli gegn áhrifum hins vestræna heims. Rússar eru mjög stolt þjóð sem vill láta taka sig alvarlega. Þeir líta því alvarlegum augum á allt sem þeir túlka sem niðurlægingu af hálfu Vesturvelda (March 2011, 191). Sjálfsmynd Rússa, sem lengi hafði verið eitt af stórveldum heimsins, var í molum við fall Sovétríkjanna. Þau gildi og einkenni sem höfðu haft svo mikil áhrif á Rússa virtust brostin. Var það stórveldi eða brostið ríki, var spurningin fyrir Rússa og umheiminn. Það var erfitt fyrir Rússa að sætta sig við að vera ekki lengur stórveldi og þá sérstaklega fyrir Pútín og valdahóp hans. Með tímanum áttu þessi atriði eftir að skýra ýmislegt sem gerðist (Larson og Shevchenko 2014, 272). Tilhneiging er að sjá heiminn með núllsummuleiks hugarfarinu. Með því er átt við að ef einn sigar hlýtur einhver að tapa. Áhrif þessa hugarfars sést hvað best er kemur að aðgerðum Rússa á áhrifasvæðum þeirra. Þetta hugafar er mjög ófrjálsslynt og tengt raunhyggjukenninum. Ófrjálsslyndið sést t.d. í áherslunni á réttindi hópsins í stað einstaklingsins (March 2011, 191).

Hinir vestrænu frjálsslyndissinnar höfðu töluverð áhrif á fyrstu árum Jeltsíns. Þeir voru hins vegar búnir að missa að mestu áhrif sín þegar Pútín komst til valda og hafa ekki mikil áhrif í dag (White 2011, 306). Fyrri hluta valdatíma Jeltsíns, einkenndist af ákveðinni frjálsslyndri sýn á Rússlandi. Á þessu tímabili voru frjálsslyndir aðilar í áhrifastöðum innan Rússlands. Þeir upplifðu landið sem hluta af evrópskri menningu, sögu og hugsunarhætti. Náttúrulegi staður þeirra í samfélagi þjóða væri með hinum vestrænu lýðræðisríkjum. Rússland ætti að líta til Vesturvelda um það hvernig samfélagið ætti að vera byggt og voru þeir almennt stuðningsmenn markaðshagkerfis. Ríkið ætti að leggja áherslu á viðskipti og verslun við Vesturlönd. Vestræn gildi eins og mikilvægi réttarríkis og frjálsslyndra lýðræðisstofnanna innan landsins, heilluðu þessa aðila. Þá var mikilvægt fyrir Rússa að vinna með Vesturveldum. Þau ættu enda margt sameiginlegt og gætu unnið saman gegn t.d. íslömskum hryðjuverkamönnum og þverþjóðlegum glæpahópum (Wright 2011, 306).

Með tímanum fóru gallar þessarar áætlunar að koma í ljós. Mikil og löng hefð var fyrir sterku miðstýrðu ríkisvaldi í Rússlandi. Stjórn mála flokkar og verkalýðshreyfingar sem ekki höfðu verið undir stjórn ríkisins höfðu litla sem enga sögu. Breytingar höfðu yfirleitt alltaf komið að ofan en ekki neðan í Rússlandi og hafði það þróast að ýmsu leyti ólíkt Vesturlöndum. Gildi eins og fulltrúalýðræði höfðu til dæmis komið mun seinna til sögunnar í Rússlandi, en í Evrópu í upphafi 20. aldarinnar (West 2011, 329). Þá hefur Rússland ekki sama bakgrunn og ýmis Evrópuríki sem byggja á Rómarrétti, með áherslu sinni á eignarréttindi einstaklinga. Þó að Rússland sé kristið ríki tilheyra þeir rétttrúnaðarkirkjunni rússnesku. Þar er meiri hefð fyrir nánu sambandi ríkis og kirkju og mikilvægis samfélagsins í heild sinni, í stað réttinda einstaklinga. Það var því ljóst að ýmis gildi og venjur voru ólík, milli ríkja sem aðhylltust frjáltslyndisstefnuna og Rússlands (West 2011, 356). Í raun var hægt að sjá áhrif þjóðernissinnaðra áherslna hjá almenningi strax í þingkosningum 1993. Flokkar þjóðernissinna voru sigurveggar þeirra (Wright 2011, 276). Sá sigursælasti það árið var flokkur sem hafði stutt tilraun hersins til valdatöku árið 1991 opinberlega. Þá var hann einnig á móti upplausn Sovétríkjanna. Í næstu tvennum kosningum báru kommúnistar sigur af hólmi (Wright 2011, 326). Rússar voru ekki hrifnir af því að líta of mikið til Vesturveldanna um forystu (Tsygankov 2013, 180).

Óánægja vestrænna ríkja með framgöngu Rússa jókst einnig með tímanum. Árið 1994 hóf Jeltsíns blóðugt stríð í Tsjetsjeníu. Rússar beittu gríðarlega grimmilegum aðferðum í því stríði. Framferði þeirra var í litlu samræmi við ýmsar yfirlýsingar rússneskra leiðtoga um mikilvægi þess að virða mannréttindi (Wright 2011, 277). Sem tákni um breyttar áherslur Rússa tók nýr utanríkisráðherra við embættinu árið 1996. Yevgeny Primakov hét hann og breyttist utanríkisstefna Rússa töluvert með tilkomu hans. Þeir fóru að vinna að því að auka áhrif landsins á alþjóðavettvangi (Larson og Shevchenko 2014, 272).

Primakov gerði öllum ljóst að hann myndi verja rússneska hagsmunum af meiri krafti en forveri hans. Almenn virtist vera stuðningur innan landsins við það sem mætti kalla raunsæa íhaldsstefnu. Rússland ætti að hafa sína eigin sjálfstæðu utanríkisstefnu. Þá ætti að vernda rússneskan efnahag og menningu gegn of miklum yfirráðum Vesturvelda. Innan hinnar rússnesku utanríkiselítu var töluverður stuðningur við að leggja meiri áherslu á nærsvæði Rússlands. Að hluta til var þetta vegna óánægju þeirra með samskipti við vesturveldin. Það var þó ekki eina ástæðan. Það var meiri áhugi innan Rússlands að beina hagsmunum þeirra í aðrar áttir en til Vesturveldanna. Talið var að Rússar hefðu meiri möguleika á því að hagnast á viðskiptum og verslun við ríki með ekki jafn þroskaða

innanlandsmarkaði og Vesturveldin. Primakov ætlaðist einnig til þess að komið yrði fram við Rússa af virðingu og sem jafningja Bandaríkjanna. Að hans mati hefðu Rússar ekki tapað kalda stríðinu og ekki ætti að koma fram við þá sem sigraðan óvin. Þessi stefna var mótuð með samþykki Jeltsíns. Hafði hann gert rússneskum embættismönnum það ljóst að ekki ætti að leggja of mikið upp úr samstarfi við Vesturveldin. Þá ætti einnig að leggja meiri áherslu á réttindi rússneskra minnihlutahópa í öðrum löndum (Wright 2011, 277). Rússar vildu reyna að halda aðeins aftur af valdi Bandaríkjanna í alþjóðamálum. Sást það með tilraunum Rússa til þess að vera milliliður í deilum Bandaríkjanna við Írak á tíunda áratugnum. Með tímanum varð þeim ljóst hve erfitt það yrði fyrir þá að hafa nokkur áhrif á það sem Bandaríkjamenn gerðu. Hafði þetta tímabil mjög neikvæð áhrif á stóran hluta rússnesku elítunni sem varð mun svartsýnni um möguleika landsins til þess að eiga samleið með Vesturveldunum. Ekki fannst þeim komið fram við Rússa af nægilegri virðingu (Larson og Shevchenko 2014, 272).

Þjóðernisríkishyggja

Fátt hefur jafn mikil áhrif á utanríkisstefnu og rússnesk þjóðernishyggja og það sem kalla má ríkishyggja. Með ríkishyggju er átt við áherslu á að ríkið lifi af. Útlendingar hafa lengi verið litnir hornauga af Rússum og skýrist það af sögu landsins. Erlendir aðilar hafa verið duglegir að reyna að seilast til valda og áhrifa í Rússlandi (White 2011, 264). Ef það er eitthvað sem Rússar telja sig geta lært af sögunni þá er það að hún endurtekur sig aftur og aftur. Guð, örlögin og sagan eru stanslaust að láta reyna á þolrif þjóðarinnar (Hill og Gaddy 2013, 79). Þetta er eitthvað sem sameiginleg minning Rússa geymir djúpt í huga þjóðarinnar. Leiðtogar þeirra eru ekki hræddir við að minna á það þegar það þjónar hagsmunum þeirra (White 2011, 264).

Þjóðernishyggja innan Rússlands hefur nokkrar útgáfur. Þeir sem eru hve áhrifamestir eru annars vegar öfgaþjóðernissinnar og hins vegar raunsæjir þjóðernissinnar. Þeir fyrri líta svo á að Rússland tilheyri Asíu alveg jafn mikið og Evrópu. Líta þeir frekar í átt til Asíu m.a. vegna þess stjórnarfars sem finna má þar víða með áherslu á vald ríkisins yfir fólki og samfélaginu almennt. Telja þeir að Rússland eigi ekki sérstaka samleið með ESB eða NATO. Þá telja öfgaþjóðernissinnar að vestræn kristni eiga ekki samleið með hinni rússnesku

réttrúnaðarkirkju. Rússland er samkvæmt öfgaþjóðernissinum með sérstaka sögu og menningu sem ekki er tengd þeirri evrópsku sérstaklega mikið. Þeir telja að Rússnesk saga og menning standi þeirri evrópsku í raun framar (White 2011, 309). Þessi atriði eigi að taka til greina er stjórnarfar landsins er skipulagt. Full ástæða sé til að taka tilliti til þeirra venja og gilda sem einkenna rússneskt samfélag. Hlutverk kirkjunnar er töluvert í þessari hugsun. Réttrúnaðarkirkjan í Rússlandi hefur ýtt undir hugarfar þjóðernishyggju og er hún mjög íhaldssöm (White 2011, 264). Öfgaþjóðernissinnar leggja einnig mikla áherslu á að Rússar auki áhrif sín á þeim svæðum sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Vilja þeir því að tengsl og vald Rússa séu sem mest yfir fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Rússland er og verður alltaf stórveldi að þeirra mati (White 2011, 309).

Kommúnistar og öfgaþjóðernissinnar innan Rússland eiga margt sameiginlegt. Báðir óttast erlend áhrif á samfélagið. Þá var vilji kommúnista að hafa áhrif á nágrennanríki Rússlands. Þannig væri Rússland hvað sterkast og best varið fyrir erlendum áhrifum (White 2011, 264). Þeir telja eins og öfgaþjóðernissinnar að vestrænar stofnanir t.d. ESB og NATO, séu reyna að grafa undan rússneska ríkinu. Líta þeir á þessar stofnannir sem verkfæri Bandaríkjanna sem þjóni þeirra hagsmunum fyrst og fremst (White 2011, 309). Bandaríkin séu í raun og veru að reyna að neyða önnur ríki til að taka upp ýmis vestræn gildi sem eru þeim þóknanleg svo sem lýðræði. Ef þau gera það ekki munu Bandaríkjamenn ekki hika við að beita valdi með einum eða öðrum hætti til að ná sínu fram. Líta kommúnistar svo á að þessu tengt sé áhersla Bandaríkjamanna á að koma á frjálslyndu markaðshagkerfi í heiminum. Þetta geri þeir allt saman til að þjóna eigin hagsmunum og séu tilbúnir til að brjóta alþjóðalög og viðmið til að ná sínu fram (White 2011, 311).

Það má kalla Pútín og valdahóp hans raunsæja þjóðernissinna. Raunsæir þjóðernissinnar telja mikilvægt að viðurkennt sé að Rússland sé stórveldi í alþjóðasamfélaginu. Þessu tengt telja þeir sig eiga lögmætan rétt til áhrifa í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Þar liggi hagsmunir þeirra að miklu leyti í samskiptum og völdum yfir þeim. Þeir telja að ekki sé raunhæft að endurreisa Sovétríkin aftur, en að það sé hægt að auka samvinnu við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna mun meira. Í utanríkismálum eigi samt ekki að einblína bara á þau. Hagsmunir Rússa séu einnig fólgir í því að auka samskipti og samvinnu við ýmsar þjóðir Asíu og í Mið-Austur löndum (White 2011, 312).

Við upphaf valdatíma síns sagði Pútín að ekki væri hægt að neyða almenning til samstöðu. Það væri hægt að ýta undir hana með því að leggja áherslu á sameiginleg rússnesk gildi, en meirihluti almennings verði að samþykkja grunnstoðir rússnesks samfélags (Hill og

Gaddy 2013, 47). Pútín reyndi í upphafi valdatíma síns að beina sjónum almennings að því hvað hægt væri að læra af sögu Rússland. Hún sýndi að þegar ekki er eining innan landsins sé það veikt. Það eigi sér stað þegar ekki er næg samstaða um gildi þau sem Rússar eiga sögulega sameiginlega. Þetta hafi verið tilfellið þegar Sovétríkin hrundu og á fyrstu árunum eftir það. Þá var verið að reyna að neyða Rússa til að taka upp gildi sem voru þeim framandi. Þau væru ekki hluti af þeim kjarna sem einkennir Rússland. Það væru frekar gildi eins og föðurlandsást, samstaða og samvinna sem væri heildinni til góðs. Þá var trúnni á Rússland sem stórveldi lykilatriði í því sem sögulega sameinaði Rússa (Hill og Gaddy 2013, 36). Pútín þreytist ekki á minna á mikilvægi rússneskrar sögu, tungumáls og trúar. Allt eru þetta lykilatriði í rússneskri íhaldshugsun síðustu áratuga (Hill og Gaddy 2013, 44). Ríkið hefur einnig sérstaka þýðingu innan Rússlands. Er það oft kallað frekar móðurlandið og þó að einstaklingurinn eigi að vernda móðurlandið í Rússlandi, er það ekki skylda móðurlandsins að vernda einstaklinginn. Það er ríkið sem er mikilvægast og einstaklingurinn og samfélagið í heild sinni þjóna tilveru og hagsmunum þess (Hill og Gaddy 2013, 37).

Áhrif þjóðernishyggjunnar sést vel í rússneskum fjölmiðlum (March 2011, 201). Rússneska ríkið stjórnar fjölmiðlunum að mestu leyti beint eða óbeint. Með því getur það gert öðrum sjónarmiðum en hennar eigin erfiðara fyrir að ná eyrum almennings. Tengt þessu hafa margar þjóðernissinnaðar hugveitur sprottið upp og njóta velvildar stjórnvalda. Eru þessar hugveitur mjög vel fjármagnaðar. Þær eru áhrifamiklir aðilar í því að stuðla að aukinni þjóðernislegri orðræðu innan landsins (March 2011, 193).

Pútín gerir sér þó grein fyrir hættunni sem getur fylgt skilgreiningu á þjóðernishyggju, sem er eingöngu byggð á þjóðerni (Hill og Gaddy 2013, 108). Pútín er meðvitaður um hve margar mismunandi þjóðir, menningarhópar og trúarhópar búa innan landamæra Rússlands. Átti þetta sérstaklega við fyrstu ár valdatíma hans. Telur hann að kommúnistarnir hafi gert mistök varðandi eyðileggingu trúarlegra bygginga sem hægt hefði verið að nota til að mynda samstöðu. Með þessu hafi þeir grafið undan sameiningargrunni rússneska ríkisins og þar með tilveru þess (Hill og Gaddy 2013, 110). Pútín hefur lagt áherslu á að viðhalda gömlum venjum samfélagsins og stöðuleika í málefnum þess (March 2011, 191). Reynt hefur verið að endurbyggja brúna milli fortíðar og nútímans með sögunni og mikilvægum einstaklingum í sögu landsins (Hill og Gaddy 2013, 67). Það er því kannski betra að segja að Pútín aðhyllist ríkisþjóðernishyggju (March 2011, 188).

Með aukinni miðstýringu innan rússneska stjórnkerfisins hefur áhrif raunsæis þjóðernishyggjunnar átt greiðari leið að utanríkisráðuneytinu og stofnunum ríkisins almennt.

Með tilkomu stjórnmalaflokksins Sameinað Rússland náði stefnan og völd Pútíns algjörum yfirburðum yfir löggjafarvaldinu í Rússlandi (White 2011, 315). Raunsæis þjóðernissinnar líta svo á að samvinna landsins við ESB, NATO og Vesturveldin almennt eigi að byggja á raunhæfu mati á því hverjir hagsmunir Rússa séu. Þeir líta ekki eins neikvæðum augum á þau og öfgaþjóðernissinnar og kommúnistar. Stundum eigi, og sé raunhæft, að vinna með þeim, en stundum ekki (White 2011, 312). Rússnesk menning og saga á meira sameiginlegt með þeirri evrópsku en öfgaþjóðernissinnar og kommúnistar viðurkenna samkvæmt raunsæis þjóðernissinum. Það þýðir ekki að hún sé ekki sérstök og hana eigi ekki að virða. Þeir eru hinsvegar mjög óánægðir með hvernig Vesturveldin gagnrýna stjórnkerfið í Rússlandi og telja það ekki uppbyggilegt fyrir samband þeirra. Hefur þetta viðhorf komið skýrt fram t.d. í ræðum Pútíns. Þar talar hann um að það séu utanaðkomandi erlend öfl sem vilji grafa undan efnahagslegu og stjórnmalalegu sjálfstæði ríkisins (White 2011, 313). Viðhorf raunsæju þjóðernissinna til markaðshagkerfisins er jákvæðara en hjá öfgaþjóðernissinum og kommúnistum. Þeir telja engu að síður að ríkið eigi að vera öflugri þátttakandi á markaði en harðir markaðssinnar telja. Á þetta sérstaklega við um þá þætti atvinnulífsins sem eru mikilvægir vegna öryggis ríkisins, svo sem stjórnun á náttúruauðlindum (White 2011, 312).

Fjármálakreppan 2008

Eftir að fjármálakreppan skall á heiminum árið 2008 kom í ljós með tímanum hve veikar undirstöður efnahagskerfis Rússa voru. Ríkið var alltof háð efnahagslegri nýtingu náttúruauðlinda (Larson og Shevchenko 2014, 275). Í upphafi kreppunnar reyndi Pútín að gera lítið úr áhrifum hennar á efnahag landsins. Taldi hann að þetta væri fyrst og fremst vandamál sem önnur ríki ættu við að etja (White 2011, 158). Fjármálakreppan hafði þau áhrif að þjóðernishyggjan jókst töluvert innan Rússlands. Þar var Vesturveldum kennt um og jafnvel töldu hörðustu þjóðernissinnar að hún væri leið til að grafa undan sjálfstæði Rússlands (White 2011, 315). Er kreppan fór að versna fóru afleiðingar hennar á efnahag landsins alltaf að koma betur og betur í ljós. Varð þá erfiðara að kenna bara Vesturveldum um (White 2011, 159). Innanlands spilling var vandamál og skortur á gegnsæi og fyrirsjáanleika gerði Rússum erfitt fyrir. Venjulegir Rússar og erlendir aðilar voru mjög hikandi við að fjárfesta í landinu. Átti það sérstaklega við um langtíma fjárfestingar. Þeir gátu

verið sviptir eign sinni án lögmætra ástæðna ef yfirvöldum sýndist. Ekki gátu þeir leitað til dómskerfisins í Rússlandi. Það var ekki sjálfstætt og hlutlaust. Mikilvægt er til að geta stundað viðskipti innan Rússlands að vera í náðinni hjá yfirvöldum. Áttu erlend fyrirtæki og einstaklingar sérstaklega erfitt með að starfa innan Rússlands. Pútín virtist líta á þá sérstökum grunsemdar augum. Líkti hann þessum erlendu áhrifum við nýlenduvelði fyrri tíma (White 2011, 155). Hann var ekki hrifinn af því hve margir útlendingar voru í stjórnunarstöðum í rússneskum fyrirtækjum. Þetta væri sérstaklega varhugavert í orkufyrirtækjum. Grunaði Pútín að ástæða þess að Rússar væru að flytja inn svo mikið af vörum væri að svo margir erlendir sérfræðingar störfuðu hjá rússneskum fyrirtækjum. Á valdatíma Pútíns hafa mörg erlend fyrirtæki misst eignarhlut sinn í fyrirtækjum. Hafa þau komst í hendur ríkisins eða manna sem voru yfirvöldum þóknanlegir og hluti af valdahópnum. Það verð sem erlendu fyrirtækin hafa fengið fyrir hlut sinn hefur oft verið aðeins lítill hluti af raunverulegu virði þess (White 2011, 156). Pútín sem óttaðist svo mikið erlend áhrif hefði hinsvegar kannski átt að einbeita sér frekar að almenningi innanlands. Undir niðri var hægt að greina mikla óánægju ákveðins hóps í rússnesku samfélagi.

Óróatímabilið

Þó að hin mikla efnahagskreppa hafi haft sitt að segja innan Rússlands voru þau mótmæli sem brutust út árið 2011-2012 ekki beint tengd henni. Rússneskur almenningur var, ólíkt evrópskum, ekki að mótmæla harkalegri niðurskurðastefnu sinna stjórnvalda. Ekki hafði áður sést eins mikill fjöldi fólks á götum úti að mótmæla á valdatíma Pútíns. Óhætt er að segja að þetta hafi komið honum og valdahópi hans í opna skjöldu. Ekki höfðu heldur margir erlendir aðila séð þetta fyrir. Margir vestrænir fjölmiðlar voru á þessum tíma fljótir að spá fyrir um endalok Pútíns. Það reyndist ekki rétt en mótmælin höfðu mikil áhrif á Pútín og aðra sem hagsmuni höfðu af því að ástand mála innanlands héldist óbreytt (Hill og Gaddy 2013, 250). Pútín og valdahópur hans óttast ekkert meira en mikinn óróa eða að bylting brjótist út innan Rússlands og jaðrar sá ótti við þráhyggju (Hill og Gaddy 2013, 73).

Með aukinni velmegun á valdatíma Pútíns hafði byrjað að myndast stærri hópur innan rússnesks samfélags sem krafðist að minnsta kosti ákveðins lýðræðis. Það var ekki tilbúið til þess að sætta sig við hvað sem var og vildi að það væri hlustað á rödd þess (Hill og Gaddy 2013, 8). Flestir þeir sem voru að mótmæla voru aðilar sem höfðu það ágætt bæði efnahagslega og félagslega. Þetta var hin nýja þéttbýlis millistétt sem hafði orðið til á valdatíma Pútíns (Hill og Gaddy 2013, 256). Mikið af þeim var ungt fólk, menntafólk og jafnvel fólk í áhrifastöðum innan rússnesks stjórnkerfis (Hill og Gaddy 2013, 8). Margir þeirra höfðu verið ungir að aldri á Jeltsín tímabilinu. Það hafði ekki sömu minningar um stjórnleysið sem þá ríkti. Pútín átti erfitt með að ná til þessa hóps enda byggist lögmæti valds hans að miklu leyti á því að hafa bætt stöðu Rússland eftir hið óvinsæla valdatímabil Jeltsíns (Hill og Gaddy 2013, 257).

Mótmælin brutust út vegna þingkosninga seinni hluta ársins 2011 sem margir upplifðu sem ólýðræðislegar. Þá kallaði það einnig fram neikvæð viðbrögð marga er Pútín tilkynnti að hann ætlaði sér að taka aftur við embætti forseta Rússlands árið 2012 (Larson og Shevchenko 2014, 275). Margir voru óánægðir með að Pútín virtist setja sig og persónu sína ofar ríkinu og samfélaginu í heild sinni. Ekki var vilji hjá öllum að tengja embætti forseta svona mikið við eina manneskju. Persóna Pútíns er hinsvegar svo mikilvæg fyrir lögmæti núverandi valdahafa að það er erfitt fyrir hann að láta af völdum (Hill og Gaddy 2013, 262). Þá virðist hann eins og margir leiðtogar sem hafa verið lengi við völd eiga erfitt með að láta þau frá sér (Hill og Gaddy 2013, 265). Hagsmunir hans eru samtvinnaðir valdakerfi því sem hann hefur byggt

upp (Hill og Gaddy 2013, 267). Pútín brást ekki vel við mótmælunum og minnkandi stuðningi við hann. Leit hann svo á að þessi hópur væri vanþakklátur og var ekki tilbúinn til að koma mikið til móts við hann. Taldi hann að þeir létu stjórnast af erlendum öflum eða aðilum innanlands sem hefðu illt í huga (Hill og Gaddy 2013, 258). Stjórnmalaflokkur valdahópsins og Pútín, sem hafði gert þeim kleift að herða tak sitt á rússnesku samfélagi, var sérstaklega óvinsæll (Hill og Gaddy 2013, 8). Niðurstaða þingkosninganna kom Pútín og valdahópur hans mjög á óvart. Auknar vinsældir kommúnistaflokksins og annarra stjórnarandstöðu flokka var útkoma sem þeir höfðu ekki átt von á. Þeir höfðu enda unnið markvisst að því að gefa þeim ekki mikið svigrúm til að starfa (Hill og Gaddy 2013, 252).

Brutust út mótmæli sem minntu á þau sem brutust höfðu út í litabyltingum fyrrum Sovétlýðveldanna. Þetta var einnig á tíma hins arabíska vors þar sem einræðisherrar féllu í Norður Afríku og Miðausturlöndum. Sumir þeirra sem misstu völdin höfðu nán tengsl við valdhafa í Rússlandi (Hill og Gaddy 2013, 6). Það hlutverk sem samfélagsmiðlar áttu í þeim mótmælum átti einnig við í Rússlandi þar sem almenningur er mjög virkur á samfélagsmiðlum. Þar var hægt að finna vettvang fyrir fólk til þess að skiptast á upplýsingum og gagnarýna Pútín og kerfi hans (Hill og Gaddy 2013, 253). Eins mikið og Pútín vill einfaldlega leiða þennan hóp hjá sér er það honum erfitt. Ef hann vill nútímavæða ríkið, eins og hann hefur talað fyrir þarf hann einmitt á þessu fólki að halda til að framkvæma það. Honum nægir ekki aðeins að treysta á hinn þögla meirihluta sem einkennist af iðnaðarmönnum, lífeyrisþegum og íbúum dreifbýlisins (Hill og Gaddy 2013, 259).

Þessi vandræði Pútíns og valdahóps hans birtust svo í þeim vandræðum sem hann lenti í forsetakosningunum 2012. Þurftu þeir að leggja óvenjulega mikið á sig til þess auka vinsældir hans og koma stuðningsmönnum hans á kjörstað (Hill og Gaddy 2013, 8). Þrátt fyrir hið gríðarlega fjármagn og allra þeirra fjölmiðla sem voru honum hliðhollir fékk hann aðeins 64% atkvæða. Það þykir að sjálfsögðu mikið í vestrænum lýðræðisríkjum en var áfall fyrir Pútín. Hann hafði t.d. fengið 72% atkvæða árið 2004 og Medvedev fengið 71% fjórum árum áður. Þegar tölurnar voru svo skoðaðar nánar kviknuðu viðvörunarbjöllur hjá ýmsum. Átti það við bæði hjá mótmælendum og Pútín sjálfum. Sumar tölur frá héruðum Rússlands, þar sem aðilar nátengdir Pútín réðu, gáfu sterklega til kynna að átt hafi við atkvæðatalninguna. Svo mikill var stuðningur við Pútín að hlutlausir aðilar áttu erfitt með að trúa tölunum. Hinsvegar mátti greina á öðrum stöðum hættulega lítinn stuðning við Pútín, frá hans sjónarhorni. Stuðningur við Pútín reyndist ekki ná 50% í mörgum stórum rússneskum borgum og í sumum náði stuðningur við hann rétt 50%. Aðeins 47% af íbúum Moskvu,

valdamestu og ríkustu borgara landsins studdi hann sem dæmi (Hill og Gaddy 2013, 255). Það var ljóst að Rússland árið 2012 var ekki sama landið og það var þegar Pútín tók við stjórn (Hill og Gaddy 2013, 8).

Pútín, eins og komið hefur fram áður, virðist æ meira óttast erlend áhrif innan landsins. Telur hann að þau muni hafa neikvæð áhrif á samstöðu innan ríkisins og þar með auka óróa innan samfélagsins (White 2011, 156). Síðustu árin hefur verið hægt að greina í orðræðu valdahafa aukna áherslu á mikilvægi hins rússneska tungumáls og sögu Rússlands. Þá virðist vera að aukast sú tilfinning að það sé setið um Rússa. Líta þeir á Rússland sem virki umkringt erlendum öflum sem líta niður á Rússa. Því sé mikilvægt fyrir alla innanlands að standa saman gegn hinum ytri erlendu öflum (March 2011, 193).

Umsetið ríki

Ef Rússland er land sem þarf að þola ákveðið umsátur þá er ESB, en þá sérstaklega NATO í hlutverki umsáturaðilans í augum Rússa (Tsygankov 2013, 179). Uppruna NATO má rekja til seinni heimstyrjaldarinnar og þess andrúmslofts sem þá ríkti (Kaufman 2013, 276). NATO varð formlega til í apríl 1949 er skrifað var undir stofnsáttmála varnarbandalagsins (Kaufman 2013, 276). Í upphafi var tilgangur þess að halda aftur af hernaðarhneigð Þjóðverja og sem mótstaða við áhrifum Sovétríkjanna í Evrópu (Sheehan 2013, 153). Ríki NATO skuldbinda sig til að ráðfæra sig hvert við annað er kemur að öryggismálum sem varða sameiginlega hagsmuni þeirra. Þessi samvinna fer reglulega fram og orðið umfangsmeiri með árunum (Sheehan 2013, 153). Þá skuldbinda ríkin sig til að koma öðrum ríkjum varnarbandalagsins til varnar, ef á þau er ráðist (Karns og Mingst 2010, 155).

Frá upphafi hafa Bandaríkin verið mikilvægasta ríkið innan NATO og í raun það ríki sem hefur ábyrgst varnir Evrópu (Cottey 2013, 63). Bandaríkin voru ákveðin í því að nota tækifærið við hrun Sovétríkjanna og stuðla að aukinni útbreiðslu gilda sem voru þeim þóknanleg. Átti þetta ekki bara við í fyrrum Sovétríkjunum heldur í heiminum öllum (Tsygankov 2013, 179). Var það gert með áherslu á efnahagslega frjálslyndisstefnu og uppbyggingu öryggisstofnanna á grundvelli NATO í Evrópu og Asíu (Tsygankov 2013, 178).

Samband Sovétmanna og NATO hafði verið misgott í gegnum áratugina. Við hrun Sovétríkjanna myndaðist óvissutíma fyrir báða aðila, ekki bara Sovétríkin. Ljóst var að NATO þurfti að endurmeta tilgang sinn og endurskilgreina samband sitt við Rússland, eftir að Sovétríkin liðu undir lok (Schimmelfennig 2008, 183). Vegna þess hve tilvist NATO var bundin tilvist Sovétríkjanna spáðu margir fræðimenn því að NATO myndi leysast upp. Annað átti hinsvegar eftir að koma á daginn (Dannreuther 2013, 116).

Sem réttlætingu fyrir aðgerðum gagnvart nágrannaríkjum sínum minnst Rússa reglulega á að þeim eigi að hafa verið lofað að NATO myndi ekki stækka til austurs. Á seinni hluta níunda áratugarins hafði Mikhail Gorbachev, leiðtogi Sovétríkjanna litið svo á að það væri bein tenging milli innanríkismála og utanríkismála. Hann lagði áherslu á að ná stöðuleika innanlands með því bæta samskipti við Vesturveldin. Þannig fengju Rússar fjárhagslega aðstoð til þess að endurskipuleggja og endurnýja efnahagskerfi landsins. Rússar vildu minnka

spennuna við Vesturveldin og breyta upplifun þeirra á Sovétmönnum sem óvin (Hill og Gaddy 2013, 28). Gorbachev hafði einnig í anda hins nýja tíma stungið upp á sameiginlegum vörnum Evrópu sem Sovétmenn hefðu tilheyrt. Það hefði þá komið í staðinn fyrir NATO (Dannreuther 2013, 121). Rússum hafði verið gefin munnleg loforð um að NATO myndi ekki stækka til austurs, samkvæmt Gorbachev. Ekki var það samt gert með bindandi eða formlegum hætti svo sem í samningi. Þetta loforð átti að hafa verið gefið er samningaviðræður áttu sér stað um sameiningu Þýskalands og aðild þess að NATO.(Berryman 2010, 230).

Svo virðist sem sumir vestrænir og Vestur-Þýskir embættismenn hafi gefið til kynna á ákveðnum tímamarki að NATO myndi ekki stækka til austurs. Það var hinsvegar aldrei formleg stefna Vesturveldanna. Aldrei var gefið loforð um það að NATO myndi ekki stækka til austurs eða að Þýskaland yrði ekki hluti af því (Sarotte 2014, 91). Á þessum tíma voru Sovétmenn einfaldlega svo háðir Vesturveldunum að þeir gátu ekki staðið gegn þeim. Í staðinn fengu þeir mikið fjármagn sem landið þurfti nauðsynlega á að halda (Sarotte 2014, 91). Á þessum tímamarki var glæpatíðni að aukast innan Sovétríkjanna og mótmæli gegn stjórnarfari landsins jukust. Aðskilnaðarsinum óx fiskur um hrygg og efnahagur Rússlands versnaði. Allt voru þetta atriði sem Gorbachev þurfti að eiga við. Erlenda aðstoð þurfti til að ráða við þessi innanlandsvandamál. Því var meiri vilji á þessum tímamarki til málamiðlana en annars (Sarotte 2014, 96).

Þó að Rússar væru aldrei sáttir við stækkun NATO til austurs stöðvaði það ekki aukið samstarf og samvinnu milli þeirra. Með tímanum varð samstarfið mun stofnanabundnara en það hafði áður verið. Stofnaðar voru ýmsar nefndir þar sem samráð og samstarf gat farið fram milli NATO og Rússlands (Schimmelfennig 2008, 183). Rússar vildu engu að síður alltaf hafa neitunarvald um ný aðilaríki að NATO. Þó að það hafi ekki verið veitt af NATO var reynt að koma til móts við áhyggjur þeirra. NATO gaf út skriflega að það myndi aldrei setja kjarnorkuvopn eða mikinn fjölda hermanna á landsvæði nýrra aðildarríkja þess (Tsygankov 2013, 86). Rússar telja að ekki hafi verið staðið við þetta og að NATO hafi í raun ögrað þeim með ýmsum hætti. Sem dæmi um þetta má nefna áætlanir Bandaríkjamanna árið 2007 um að staðsetja varnareldflaugakerfi í Póllandi og Tékklandi. Þó að reynt væri að halda því fram að kerfið væri ekki beint gegn Rússum heldur Íran samþykktu Rússar þetta ekki. Upplifðu þeir

þetta sem takmörkun eða hindruná möguleika sínum til að svara kjarnorkuárás með sama hætti (Larson og Shevchenko 2014, 273).

Rússar drógu tilbaka meira en eina milljón hermanna og mannafla úr löndum mið Evrópu og Eystrasaltslöndum eftir hrun Sovétríkjanna. Það var hinsvegar ekki nóg til að sannfæra þessi ríki um að ekki stafaði hættu af þeim lengur (Berryman 2010, 230). Mörgum íbúum í ríkjum Austur Evrópu fannst það væri eitthvað við menningu Rússa sem gerði það að verkum að þeir væru árásargjörn þjóð sem vildi alltaf hafa áhrif og völd á nágranna sína (Tsygankov 2013, 185). Margir íbúar í Austur Evrópu voru ekki hrifnir af því að vera með Rússum í einhverskonar öryggisbandalagi (Wright 2011, 284). Er Jeltsín var forseti Rússlandi hafði hann stungið upp á því á seinni hluta ársins 1991 að landið yrði meðlimur í NATO. Ekki reyndist nægjanlegur vilji til þess innan NATO. Seinna eða árið 1993, talaði Jeltsíns gegn stækkun NATO til austurs. Í stað þess ættu Rússar og NATO sameiginlega að tryggja varnir ríkja Austur Evrópu. Augljóslega naut þessi hugmynd ekki mikils stuðnings, sérstaklega meðal íbúa í Austur Evrópu (Wright 2011, 282). Ljóst var á þessum tímapunkti að ríki Evrópu myndu halda áfram að líta til NATO til að tryggja öryggi þeirra. Erfitt virtist vera að finna Rússum stað innan sameiginlegra varna Evrópu (Tsygankov 2013, 182).

Samstarf NATO við Mið og Austur Evrópuríkin, þar á meðal Rússland, var augin á sviði öryggismála. Í kringum þetta samstarf var stofnuð áætlun sem heitir „Félagskapur í þágu friðar“ árið 1994 (Schimmelfennig 2008, 183). Markmið þess var að mynda beint samband milli ríkja á þessum svæðum við NATO án þess að þau yrðu aðilar á þessum tímapunkti. Með því ætti að aukast traust og samstarf milli ríkjanna (Wright 2011, 282). Var Rússum boðið að vera hluti af þessu samstarfi þó það hafi verið hugsað sem áfangastaður fyrir ríki sem áttu með tímanum að verða hluti af NATO (Larson og Shevchenko 2014, 272). Jeltsín lagði engu að síður áherslu á það, er hann samþykkti aðild Rússlands að þessu samstarfi, að tekið væri til greina sérstakt hlutverk og staða landsins í heiminum. Það væri stórveldi sem hefði neitunarvald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og hefði kjarnorkuvopnum yfir að ráða. Það hefði því rétt á ákveðinni sérstöðu í öryggismálum Evrópu og heiminum öllum (Wright 2011, 282).

Í maí mánuði árið 1997 skrifuðu svo allir leiðtogar NATO ríkja og Rússland undir samning sem átti að vera rammi utan um samstarf þeirra. Fljótlega kom þó í ljós að ekki

höfðu allir sama skilningin á tilgangi hans. Jeltsín taldi að með honum væri kominn grunnur fyrir samvinnu þeirra þar sem öryggishagmunir allra ríkjanna væri teknir til greina. Rússland og NATO væri jafningjar og myndi samstarf þeirra vera á þeirri forsendu (Wright 2011, 283). Aðrir bentu á að ekki væri neitt í samningnum sem hindraði seinna meir mögulega stækkun NATO til austurs. Þá væri heldur ekkert sem hindraði NATO í því að auka hernaðarviðveru sína nær Rússneskum landamærum. Samningurinn var því birtingarmynd þess hve veikir Rússar væru bæði hernaðarlega og efnahagslega (Wright 2011, 283). Rússar voru að átta sig á að ýmsir hlutir svo sem kjarnorkuvopn og sæti í öryggisráðinu voru ekki eins mikilvæg og á tímum Sovétríkjanna. Með þessu voru að myndast meiri efasemdir innan Rússlands um að það yrði komið fram við þá sem jafningja Vesturveldanna og þá sérstaklega Bandaríkjanna. Vegna algjörra yfirburða Bandaríkjanna í alþjóðamálum gátu þeir ráðist í einhliða aðgerðir án þess að þurfa að taka sérstakt tillit til annarra ríkja. Var þetta raunveruleiki sem ekki aðeins Rússar áttu erfitt með að sætta sig við (Larson og Shevchenko 2014, 273). Þetta kom fram t.d. í málefnum varðandi Írak, bæði á tífunda áratugnum og í upphafi hinnar nýju aldar. Rússar fóru alltaf að finna meira og meira fyrir nærveru NATO nærri sínum landamærum (Wright 2011, 282).

Þrengt að Rússum

Fljótlega eftir fall Sovétríkjanna fór fram umræða um stækkun NATO á flug. Margir mæltu með en aðrir á móti stækkun. Aðilar sem aðhylltust frjálsslyndisstefnu töluðu fyrir mikilvægi þess að stækka NATO. Sáu þeir endalok Kalda stríðsins sem vendipunkt í sögu heimsins. Alþjóðastjórnsmál yrðu aldrei þau sömu og raunhyggju hugmyndir ættu ekki lengur við. Áttu þeir erfitt með að ímynda sér að Rússar gætu litið á Bandaríkin eða vesturveldin sem ógn við sig. Markmiðið var í raun að vinna að því að öll Evrópa myndi verða svipuð og Vestur-Evrópa (Mearsheimer 2014b, 83). Vesturveldin fóru því að vinna að því að breiða út gildi sem voru undirstöður þeirra eigin landa. Lýðræði, efnahagsleg tengsl og aðild að NATO og ESB voru lykilatriði fyrir ríki í Evrópu til að gera þau að meiri þátttakendum í alþjóðasamvinnu (Mearsheimer 2014b, 84).

Rússar óttast að Vesturveldi noti ýmis frjálsslynd gildi sem vopn gegn þeim. Óttast þeir að þau séu að reyna að grafa undan samstöðu innan Rússlands (Tsygankov 2014, 25). Með

afskiptum Vesturvelda af stríðinu á Balkanskaga sem braust út á tíunda áratug síðustu aldar fóru að hringja viðvörunarbjöllur hjá Rússum. Balkanskaginn var landsvæði sem var ekki undir vernd NATO. Ákvörðun NATO um aðgerðir sem ekki féllu undir varnarhlutverk þess var því mjög stór (Mearsheimer 2014b, 78). Fordæmið sem NATO hafði sett með sprengjuárásum í fyrrum Júgóslavíu án samþykkis Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem Rússar hafa neitunarvald, var áfall fyrir þá. Er óhætt að segja að það hafi aukið andúð Rússa á NATO og efasemdir þeirra um tilgang þess. Það að mannréttindi hafi verið notuð sem ástæða aðgerða NATO var eitthvað sem Rússar hafa ekki gleymt (Larson og Shevchenko 2014, 272). Það sem hélt aftur af Rússum árið 1995 var hinsvegar hve veikburða ríkið var á þeim tíma (Mearsheimer 2014b, 78).

Þeir sem aðhylltust raunhyggju voru líklegir til þess að vara við stækkun NATO til austurs. Töldu þeir að ekki væri ástæða til að verja ríkin gagnvart Rússum. Rússar væru einfaldlega ekki stórveldi lengur sem þyrfti að hafa áhyggjur af hernaðarlega. Því væri ekki ástæða til að reita þá til reiði að óþörfu og hvetja þá til vandræða (Mearsheimer 2014b, 83). Þá var bent á að ýmsa sameiginlega hagsmuni Rússa og Vesturveldanna ættu sameiginlegt s.s. ótti við hryðjuverk og uppgangur Kínverja. Í raun ætti að binda Rússa enn sterkari böndum við Vesturveldi á sviðum stjórnmála og öryggismála. Áherslan ætti því að vera á að taka öryggishagsmuni og skoðanir Rússa með í reikninginn við ákvarðanatöku um stækkun NATO (Tsygankov 2013, 182).

Skoðanir raunhyggjumanna náðu ekki eyrum vestrænna ráðamanna jafn vel og sjónarmið frjálslyndismanna gerðu. Stækkunarferill NATO til austurs hófst því á fyrri hluta tíunda áratugarins (Mearsheimer 2014b, 84). Það var mat NATO að ekki væri hægt að neita nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur Evrópu um aðild að varnarbandalaginu. Ríkin litu á það sem mikilvægt skref í átt til meira samstarfs við vestrið. Með þessu væri í raun verið að leggja sterkan grunn að friði og öryggi í Evrópu (Dannreuther 2013, 123). Þá voru margir áhrifamenn sem töldu að það væri Rússum eðlislægt að vilja stækka landsvæðið sitt aftur. Þeir myndu alltaf líta á ákveðin svæði sem sín. Því væri nauðsynlegt að halda og stækka NATO sem framtíðar verndara gegn Rússum (Tsygankov 2013, 182).

Rússar fóru með tímanum að endurskoða þátttöku sína í öryggissamstarfinu við Vesturveldin. Árið 2007 gáfu þeir það út að þeir útilokuðu ekki lengur að færa þungavopn nærri landamærum sínum í suðri og vestri (Spechler 2010, 38). Í nýrri hernaðarstefnu Rússa árið 2010 var NATO svo skilgreint sem þjóðaröryggishætta. Var ástæðan sögð vera stækkun

bandalagsins til austurs (Berryman 2010, 229). Sem svar við stækkun NATO til austurs fóru Rússar að auka áhrif sín í fyrrum ríkjum Sovétríkjanna. Unnið var að því að styrkja samskipti ríkisins við önnur ríki líkt og Kína, Indland og fleiri ríki í hinum íslamska heimi (Tsygankov 2013, 178).

Ólíkt því sem var, er stækkunarstefna NATO hófst á tíunda áratugnum, var Rússland ekki eins veikburða árið 2008. Þá fór fram NATO fundur í Búkarest þar sem frekari stækkun var rædd af alvöru (Mearsheimer 2014b, 78). Innan NATO voru aðilar sem farnir voru að huga að frekari stækkun til austurs. Á fundinum var um það rætt að veita bæði Úkraínu og Georgíu aðild að NATO. Fór þar fremstur í flokki George W. Bush þáverandi forseti Bandaríkjanna. Á öndverðum meiði við hann voru Frakkar og Þjóðverjar. Höfðu þessi ríki áhyggjur af viðbrögðum Rússa við þessari stækkun. Niðurstaðan varð að lokum ákveðin málamiðlun (Mearsheimer 2014b, 78). Fólst hún í því að ríkjunum yrði ekki leyft að gerast aðilar að NATO en gefin var út yfirlýsing af hálfu NATO ríkjanna þar sem kom fram stuðningur við markmið Georgíu og Úkraínu um aðild að NATO. Fullyrt var í henni að þessi ríki myndu að lokum verða aðilar að NATO. Þó að NATO ríkin hafi litið svo á að í þessu fælist ákveðin málamiðlun var það ekki skilningur Rússa (Mearsheimer 2014b, 79). Mörg NATO ríki gerðu sér vel grein fyrir því að það væri ekki þess virði að bjóða þessum ríkjum aðild að bandalaginu. Andstaða Rússa við aðild þeirra var einfaldlega of mikil. Litið var til þess ástands sem var innan Georgíu og áhættunnar á því að til átaka kæmi þar (Berryman 2010, 233). Fljótlega eftir að fundinum lauk var ljóst að Rússar töldu það ekki nóg að ríkin hefðu ekki fengið boð um aðild að NATO (Tsygankov 2013, 186).

ESB og stækkun til austurs

Á sama tímabili og NATO var að stækka til austurs var ESB að gera slíkt hið sama. Lengi vel litu Rússar ESB ekki eins neikvæðum augum og NATO. Töldu þeir ESB ekki fela í sér sérstaka hættu, jafnvel þó að mikið af fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna yrðu meðlimir. Þó að ekki væri litið á ESB sem hættu skapaði það engu að síður ýmis vandamál fyrir Rússa varðandi samskipti þeirra og sambönd við þessi nærsvæði sín. Í maí 2004 urðu átta ný ríki meðlimir að ESB. Voru það m.a. Tékkland, Ungverjaland, Pólland, Slóvakía, og Eystrasaltsríkin þrjú. Öll þessi nýju aðildarríki höfðu áður tilheyrt áhrifasvæði Rússa. Með aðild þeirra mynduðust allt í einu tollmúrar og takmarkanir á hreyfingu fólks sem ekki var í ESB. Mikið af vandamálunum voru hinsvegar leyst á farsælan hátt með tímanum. Nú í dag eru gríðarlega mikil viðskipti milli Rússlands og ESB. Það hafa þó stundum komið upp vandræði þarna á milli sökum þess hve sum af fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna eru neikvæð í garð Rússa (Wright 2011, 284.).

Þó að lengi vel hafi verið gott samband milli ESB og Rússa fór það að breytast aðeins með tímanum. Rússar fóru að óttast efnahagsleg áhrif ESB á sínu nær svæði. Með breyttu andrúmsloft í alþjóðamálum fóru þeir að líta aðeins öðruvísi á vilja ESB og nærsvæðisríki Rússa til að bindast sterkari böndum (Larson og Shevchenko 2014, 276). ESB hefur verið að vinna markvisst að því að auka samband sitt við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna. Var það m.a. með sérstakri áætlun sem leggur áherslu á að auka hagsæld innan ríkja eins og Úkraínu. Helsta markmiðið er binda þau frekar við efnahag ESB ríkja (Mearsheimer 2014b, 79). Rússar hafa sett mikla pressu ekki aðeins á Úkraínu heldur einnig Moldóvu og Armeníu að skrifa ekki undir neina samninga við ESB sem eykur efnahagsleg tengsl ríkjanna við ESB. Pútín vill að þessi ríki séu tengd Rússlandi efnahagslega, ekki ESB. Hefur hann lagt áherslu á sitt eigið tollabandalag sem þessi ríki ættu að tilheyra ásamt Rússum. Væri það bæði efnahagslega og menningarlega aðskilið Vesturlöndum (Larson og Shevchenko 2014, 276).

Áhrifasvæði Rússa

Rússar hafa í langan tíma talið sig eiga sérstakan rétt til áhrifa á nærsvæðum sínum. Við hrun Sovétríkjanna höfðu margir áhyggjur af því hvernig Rússar myndu bregðast við í garð nágranna sinna. Fyrstu árin virtust Rússar einbeita sér meira að innri málefnum ríkisins. Landið var veikt hernaðarlega og efnahagslega. Möguleikar þess til áhrifa í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna voru því takmarkaðir sökum þess hve Rússar voru veikburða á þessum tíma. Þó var viljinn alltaf til staðar til áhrifa á nærsvæði Rússa (Berryman 2010, 229). Andrey Kozyrev utanríkisráðherra Rússlands á fyrri hluta tíunda áratugarins var, ásamt rússneskum embættismönnum, sá fyrsti sem fór að tala sérstaklega um nærsvæði Rússa sem skilgreiningarhugtak. Á það við þau ríki sem tilheyrðu áður Sovétríkjunum og eiga landamæri að Rússlandi (Hill og Gaddy 2013, 29).

Árið 1992 kom fram í ræðu Kozyrev í Stokkhólmi á ráðstefnu Öryggis og samvinnu stofnunar Evrópu, ný áhersla Jeltsín stjórnarinnar og rússneska þingsins. Að baki hennar var óánægja með hvernig komið var fram við Rússa á alþjóðavettvangi. Þá hafði að þeirra mati ekki verið staðið við loforð um fjárhagslegan stuðning til þess að milda neikvæð áhrif efnahagslegra umbóta innan Rússlands (Hill og Gaddy 2013, 29). Rússar sæju ýmsa möguleika á samstarfi við Vesturveldin. Engu að síður kom það skýrt fram í ræðu Kozyrev, og aftur í grundvallarstefnu Rússa í utanríkismálum sem kom út árið 1993, að samvinna væri ekki alltaf möguleg. Grundvallaðist það á því að hagsmunir þeirra og Vesturveldanna færu ekki alltaf saman. Þar kom fram að Rússar litu enn á sig sem stórveldi sem yrði að verja sína hagsmuni. Það ætti ekki að setta sig við að vera annars flokks þegn í samfélagi þjóða. Þá kom fram ákveðin sýn á samband Rússlands og þeirra ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Á Rússlandi hvíldi ákveðin skylda til þess að þróa nýtt samband þar á milli. Rússland hefði sérstakan rétt til áhrifa, bæði efnahagslega og hernaðarlega innan ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Rússland hefði sérstakt hlutverk og skyldu til að grípa inn í ef t.d. óeirðir brytust út innan ríkjanna og að senda inn rússneska hermenn ef á þyrfti að halda (White 2011, 276). Beiting hervalds kæmi til greina ef Rússar teldu t.d. ástæðu til að verja samlanda sína í fyrrum Sovétríkjunum (White 2011, 277). Í reynd hefur þessi réttur til að vernda rússneska minnihlutahópa innan annarra ríkja verið misjafnlega beitt. Hernaðarlega hafa þeir aldrei hafi nein afskipti t.d. af rússneskum minnihlutahópum í Mið-Asíu. Fólk þar

býr oft við mun verri aðstæður en rússneskir minnihlutahópar á svæðum sem ekki eru jafn mikilvæg fyrir Rússa og áhrif Vesturvelda ekki eins mikil (Mankoff 2014, 64).

Er litið er til Eystrasaltsríkjanna kemur sá vandi sem einkennir samskipti Rússa við nágrannasvæði sín skýrt í ljós. Innlimun þeirra í Sovétríkin, sem fram fór með valdi í seinni heimstyrjöldinni, var aðgerð sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu ályktað um að væru ólögmætar. Seinni hluta ársins 1992 höfðu Sameinuðu þjóðirnar svo ályktað um það að rússneskur her ætti að yfirgefa Eystrasaltslöndin sökum þessarar ólögmætu innlimunar landanna. Þau voru strax við hrun Sovétríkjanna ákveðin í því að ganga í NATO og ESB. Innan Eistlands og Lettlands, þar sem minnihlutahópar rússneskumælandi fólks er sérstaklega stór, var hinsvegar uppi ágreiningur um stöðu þess. Bæði þessi ríki höfðu lagt fram frumvörp sem áttu að setja minnihlutahópum ákveðin skilyrði áður en þeir gætu sótt um ríkisborgararétt. Þurftu þeir m.a. að standast tungumálapróf, sem ekki var auðvelt fyrir alla sem áttu rússnesku að móðurmáli. Þá þurftu þeir að uppfylla ákveðin búsetuskilyrði til þess að eiga möguleika á ríkisborgararétti (Hill og Gaddy 2013, 30).

Þetta atvik var birtingarmynd þess vanda sem varð til við hrun Sovétríkjanna. Margir Rússar, eða rússnesku mælandi fólk, var allt í einu orðnir að minnihlutahópi í nýjum ríkjum. Var það engu að síður á landsvæði sem það leit á sem sitt eigið heimili og hafði djúp tilfinningaleg tengsl við (White 2011, 265). Tilfinningar Rússa til fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna eru enn sterk samkvæmt könnun sem framkvæmd var árið 2010. Þó að nokkur ár séu liðin er engu að síður hægt að nota hana sem ákveðna vísbendingu um það tilfinningalega samband sem er enn til staðar þeirra á milli. Á þeim tímapunkti kom í ljós að meira en þriðjungur Rússa átti að minnsta kost einn fjölskyldumeðlim eða fleiri í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Þá höfðu u.þ.b. 41% Rússa farið til Úkraínu að minnsta kosti einu sinni á ævinni og 23% hafði að minnsta kosti einu sinni farið til einhvers Eystrasaltsríkjanna (White 2011, 293).

Árið 1995 blasti við að helsta áhersla Rússa í utanríkismálum væri á samskiptum þeirra við nágrannalönd sín (Hill og Gaddy 2013, 31). Í reynd má greina ákveðna aðferð sem Rússar hafa beitt í meira en tuttugu ár í þessu skyni, ef leiðtogar innan ríkjanna eru þeim ekki þóknanlegir. Þeir reyna þá að auka þjóðernisátök á svæðinu sem um ræðir. Næsta skref þeirra er svo notkun takmarkaðs valds til stuðnings aðskilnaðarsinum. Nýta þeir sér yfirleitt aðstæður þar sem óvissa ríkir innan svæðis sem þeir hafa oft átt þátt í að stuðla að. Rússar lýsa svo yfir stuðningi við sjálfstæðiskröfur aðskilnaðarsinna sem gerir þeim sjálfum kleift að auka áhrif sín á þessi landsvæði. Hafa þeir stutt aðskilnaðarsinna í Transnistria sem er milli

Rúmeníu og Úkraínu, Abkasíu og Suður-Ossetíu í Georgíu og Nagorno-Karabakh í Azerbaidjan. Eru þau oft notuð sem dæmi um frosin átakasvæði þar sem þessi landsvæði lúta ekki stjórn ríkjanna sem þau tilheyra. Þeir aðilar sem stjórna þar gera það með stuðningi Rússa. Nýjasta dæmið með Úkraína, var hinsvegar ákveðin breyting sökum þess hve afgerandi þátt Rússar hafa tekið í hernaðaraðgerðum þar (Mankoff 2014, 60).

Margir Rússar líta á afskipti Vesturvelda sem arfleifð nýlendutímans. Verið sé að neyða ríki til að styðjast við lýðræði og það sé gert með ólýðræðislegum hætti. Bandaríkin og Vesturveldin séu að styðja ákveðin öfl, t.d frjáls félagasamtök innan ríkjanna, til þess að gera þeim auðveldara að steypa ríkjandi stjórnvöldum af stóli. Með þessu sé verið viljandi að auka óstöðuleika innan ríkjanna (White 2011, 311). Á tímabilinu frá 2003 til 2005 var mikill óstöðuleiki í nokkrum nærsvæðis ríkjum Rússlands. Yfirvöldum var stept af stóli í Georgíu árið 2003, í Úkraínu ári seinna og í Kyrgyzstan árið 2005. Þetta voru atburðir sem ollu Rússum miklum áhyggjum. Hafa þessar byltingar verið kallaðar Litabyltingarnar. Rússar upplifðu þessar byltingar ekki sem einangruð tilvik heldur sem hluta af stærri áætlun vestrænna landa um að komast til aukinna áhrifa. Frá þeim átti fjármagnið og skipulagið að hafa komið. Að mati Rússa höfðu þessar byltingar grunsamlega svipaðan undanfara og framkvæmd (White 2011, 280). Hafa Rússar talað um þessi ríki sem ófullvalda ríki í raun vegna þess að þeim á að vera stjórnað að mestu af Vesturlöndum og þá sérstaklega Bandaríkjunum (March 2011, 196). Er hinir nýju valdhafar tóku við völdum í þessum ríkjum töldu Rússar það niðurlægingu fyrir sig (Larson og Shevchenko 2014, 273).

Rússar eru mjög meðvitaðir um að mikilvægi þess að hafa áhrif á orðræðu innan annarra landa og þá sérstaklega á nærsvæði sínu. Þeir vilja að litið sé á Rússland sem aðlaðandi ríki. Rússar reyna að gera rússneska sögu og menningu að raunverulegum valkosti við hinn vestræna heim. Hinum vestræna heimi er lýst sem hnignandi veldi, ólíkt hinu rússneska. Þessi tilraun til að auka vægi rússneskra gilda innan annarra landa er studd til dæmis með hinni enskumælandi sjónvarpstöð Russian Today (March 2011, 193). Sumir fræðimenn líta á þetta sem tilraun til þess undirstrika stöðu Rússlands sem stórveldi á nútímalegri hátt en áður. Með útbreiðslu rússneskra gilda og aukins samstarfs meðal fyrrum lýðvelda Sovétríkjanna séu þeir að undirstrika áhrif sín með mýkri hætti en áður. Þessar aðgerðir Rússa minna á það sem Bandaríkjamenn hafa gert m.a. í Suður-Ameríku (Berryman 2010, 231-232). Stofnanir og samtök sem stofnuð hafa verið í öðrum löndum hafa þann tilgang að breiða út rússneska tungu og menningu (March 2011, 194). Rússar óttast mikið að Vesturlönd reyni að hafa sömu áhrif innan Rússlands og þau gera á svæðum nágrennaríkja þeirra. Ef Úkraína myndi lenda

undir áhrifum Vesturlanda og þeirra gilda sem þar ríkja gæti Rússland verið næst. Myndi þetta hugsanlega leiða til þess að núverandi stjórnvöld misstu völdin (Mearsheimer 2014b, 80).

Vesturveldin telja frekar að það sé réttur ríkjanna sjálfra að taka ákvarðanir um þau sambönd sem þau stofna til. Þar gætir þeirrar skoðunar að þau eigi að geta með fullveldi sínu hafnað því að tilheyra áhrifasvæði Rússa (Morgan 2013, 32). Vesturlönd hafa lengi verið að reyna að fá stjórnvöld í fyrrum ríkjum Sovétríkjanna til þess að halla sér meira til vesturs en austurs. Því eru það ekki eingöngu Rússar sem reyna að auka áhrif sín innan þessara ríkja. Útbreiðsla vestrænna gilda svo sem lýðræðis er gert með ýmsum hætti (Mearsheimer 2014b, 79). Það sem er sennilega áhrifamesta leiðin er að styrkja einstaklinga og samtök sem eru þeim þóknanleg með fjárhagslegum stuðningi. Að mati Vesturvelda er þetta áhrifaríkasta leiðin til að binda ríkin við Vesturlönd. Það má því í raun segja að í töluverðan tíma hafi farið fram barátta milli Vesturvelda og Rússa um huga og hjörtu fyrrum lýðvelda Sovétríkjanna (Mearsheimer 2014b, 80).

Árið 2005 bjuggu Bandaríkjamenn til sérstaka áætlun sem átti eftir að valda Rússum áhyggjur. Með áætluninni var myndaður hópur sérfræðinga sem gátu verið sendir til ríkja sem voru að fara í gegnum stjórnarfars breytingar t.d. er lýðræði var að festa rætur innan ríkis. Átti hópurinn að hafa getu til þess að styðja við hópa sem berðust fyrir auknu lýðræðu innan ríkja sinna. Bush þáverandi forseti Bandaríkjanna lýsti því yfir að hann teldi að þessi hópur myndi hafa mikið af gera næstu ár og benti t.d. á fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna sem líkleg ríki til að njóta aðstoðar hópsins. Pútín taldi víst að Rússland væri meðal þessara ríkja (Spechler 2010, 44).

Sennilega eru bestu dæmin um þessar baráttu milli Rússlands og Vesturvelda um áhrif og völd í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna, Georgía og Úkraína. Af þeim sökum er mikilvægt að skoða þessu nýlegu dæmi betur.

Georgía

Saga Georgíu og Rússlands er löng og flókin. Ekki verður hún rakinn að öllu leiti hér. Rússar hafa lengi stutt aðskilnaðarsinna innan Georgíu. Hafa þeir gert það bæði hernaðarlega og efnahagslega (Tsygankov 2013, 186). Er Sovétríkin voru að leysast upp og Georgía að stefna að sjálfstæði brutust út átök árið 1990. Þá ætluðu yfirvöld í Georgíu að minnka sjálfstæði Suður-Ossetíu, sem er hérað innan Georgíu, með því að auka vald georgískra yfirvalda þar. Var það svar við því að héraðið hafði reynt að stofna sitt eigið þing. Árið 1992 kom til átaka innan annars héraðs innan Georgíu, Abkasíu. Lauk þessum átökum á þann veg að í héruðunum voru rússneskir friðargæsluliðar skildir eftir og með því raunverulegt sjálfstæði þeirra frá Georgíu tryggt. Flestir í valdaelítunni í Abkasíu og Suður-Ossetíu voru ósáttir við hrun Sovétríkjanna. Höfðu þeir stutt herinn er hann reyndi að taka völdin af Gorbachev árið 1991 sem dæmi (Mankoff 2014, 62-63). Rússland á þessum tíma var háð Vesturveldum að miklu leiti varðandi fjármagn og því á yfirborðin lögðu þeir áherslu á friðsæla lausn á ágreiningi um þessi héruð. Opinberlega voru landamæri Georgíu viðurkennd og áhersla lögð á fjölpjódasamstarf um ágreiningsefni. Undir yfirborðinu voru hinsvegar aðskilnaðarsinnar innan Georgíu, í báðum héruðum studdir dyggilega (March 2011, 195).

Ástæða þess að Rússar studdu við aðskilnaðarsinna voru t.d. að á þessum tíma voru áhrifamiklir þjóðernissinnaðir stjórnálamenn í Rússlandi miklir talsmenn þess að Abkasíu og Suður-Ossetíu ætti að segja skilið við Georgíu. Var það á grundvelli sögulegra tengsla við Rússland. Að mati þessara þjóðernissinna hafði Rússland alltaf verið verndari fólksins á þessu svæði. Einnig voru rök færð fyrir því að Georgíumenn hefðu framið þjóðarmorð á þessu svæði á árunum 1992-1993. Því væri þetta fólk í raunverulegri hættu að mati þeirra (March 2011, 194). Samband Rússa og Georgíu frá því að þessi átök brutust út hafa því alltaf verið flókin (Mankoff 2014, 62).

Viðhorf Rússa gagnvart Georgíu stjórnast mikið af því hve landið er opið fyrir rússneskum áhrifum um stjórn landsins. Þegar Mikhail Saakashvili tók við völdum í Georgíu árið 2004, í kjölfar lýðræðisbyltingar þar í landi, lagði hann áherslu á nánara samstarf við Vesturveldin en ekki Rússa. Þetta var áhyggjuefni fyrir Rússa. Þá var persónuleg andúð Pútíns á Saakashvili forseta mikil. Þeim kom ekki vel saman og ekki má gera lítið úr þessari persónulega andúð Pútíns á Saakashvili og áhrif þess á samskipti landanna (March 2011, 195).

Töluverður áhugi var innan Georgíu á því að ganga til liðs við NATO á þessum tíma sem var Rússum áhyggjuefni (Berryman 2010, 233). Það þjónaði ekki hagsmunum Rússa að Georgía myndi verða hluti af vestrænu öryggis og efnahagskerfi (Larson og Shevchenko 2014, 274). Eftir að lýðræðisbyltingin fór fram í landinu voru Rússar fljótir að bregðast við. Veittu þeir aðskilnaðarsinum og íbúum í Suður-Ossetíu og Abkasíu rússnesk vegabréf og þar með litu þeir á þá sem rússneska ríkisborgara, ekki georgíska (Berryman 2010 234). Aðstoð sú sem Rússar veittu aðskilnaðarsinum var að þeirra mati siðferðilega rétt og með mannúðleg sjónamið að leiðarljósi, sérstaklega þar sem um var að ræða rússneska ríkisborgara. Þá var gjarnan vísað í aðgerðir NATO í Kosova til samanburðar (March 2011, 199). Rússar fóru einnig að auka nærveru sína og öryggisveitir þeirra urðu umsvifameiri en áður. Aðstoð við aðskilnaðarsinna var aukinn. Var reynt að veita þeim aukið stjórnómáleggt lögmati með því leggja áherslu á sjálfsákvörðunarrétt þessara svæða og leiðtogum þeirra boðið í opinberar heimsóknir til Moskvu sem voru þjóðhöfðingjum sæmandi (March 2011, 196).

Georgía var að mati Rússa brostið ríki eða leppur Bandaríkjanna sem áttu að hafa falsað úrslit kosninganna er Saakashvili forseti var kosinn. Hann var einnig einstaklega óvinsæll innan Rússlands. Var honum oft lýst sem fasista og strengjabrúðu Vesturvelda. Eins og komið hefur fram var þó óánægja með Georgíu orðin mikil í Rússlandi áður en Saakashvili tók við völdum. Rússar töldu einnig að Georgíumenn hafi verið að vinna gegn samstöðu innan Rússlands. Þeir áttu að hafa verið að styðja við aðskilnaðarsinna í Tsjetsjeníu en Rússar hafa lengi staðið í baráttu við aðskilnaðarsinna þar (March 2011, 195).

Áður en stríðið sem svo síðar skall á milli Rússa og Georgíumanna árið 2008 og á meðan það varði, einkenndist orðræðan innan Rússlands af því að Georgíu var lýst sem árásargjörnu ríki þar sem þjóðernishyggja réði öllu (March 2011, 189). Vinsældir Pútíns sem þá var forsætisráðherra jukust mikið á þessu tímabili. Litu 88% Rússa hann jákvæðum augum í ágúst 2008 (March 2011, 198). Með því að mála þess mynd af Georgíu hafði þetta einnig mikill áhrif á elítuna sjálfa. Allt sem Georgíumenn sögðu og gerðu var litið hornauga og jókst andúðin í garð þeirra innan valdahópsins. Var það afleiðing þess hve vel hafði heppnast að ramma umræðuna um landið sem lepp vesturvelda, árásargjarnt og hættulegt þjóðernishyggjusinnað ríki (March 2011, 194).

Fyrri ásakanir Rússa í garð Georgíumanna um þjóðarmorð komu aftur fram í undandara stríðsins 2008. Fullyrtu bæði Dímítír Medvedev sem þá var forseti og Pútín sem þá var forsætisráðherra að Georgíumenn hefðu framið fjöldamorð í Suður-Ossetíu (March 2011,

198). Orðræðan innan Rússlands á þessu tímabili einkenndist af því að Georgíu var lýst sem árásargjörnu ríki þar sem þjóðernishyggja réði öllu (March 2011, 189). Allt sem Georgíumenn sögðu og gerðu var litið hornauga og jókst andúðin í garð þeirra innan valdahópsins. Var það afleiðing þess hve vel hafði heppnast að ramma umræðuna um landið sem lepp vesturvelda, árásargjarnt og hættulegt þjóðernishyggjusinnað ríki (March 2011, 194).

Mikið hefur verið tekist á um hvorum um er að kenna að stríðið braust út. Rússar höfðu árin á undan verið að hvetja Suður-Ossetíu til að ögra Georgíumönnum með ýmsum hætti. Vildu Rússar geta réttlæta innrás sína inn í Georgíu. Þeir vildu nota Georgíu sem fordæmi örðum ríkjum til varnar (Mankoff 2014, 63). Það er þó ekki nóg að segja að Rússar beri einir ábyrgð á stríðinu (Wright 2011, 285). Saakashvili forseti sendi her inn í Suður-Ossetíu og var hann að vonast eftir því að ná landsvæði aftur til Georgíu með leiftursókn og það fljótt að Rússar næðu ekki að bregðast almennilega við. Hafði hann verið hvattur til þess að standa fast á rétti Georgíu er kom að héruðum undir stjórn aðskilnaðarsinna. Meðal stuðningsmanna hans má nefna George W. Bush þáverandi forseta Bandaríkjanna. Sagði Saakashvili að það væri vegna árása sem ættu rætur að rekja frá héruðunum umdeildu á nálæg þorp í Georgíu. Rússar brugðust harkalega við þessum aðgerðum og tóku aftur stjórn á því svæði sem georgíska herinn hafði unnið. Rússar létu ekki þar við sitja heldur tóku einnig ýmsa georgíska bæi sem aldrei höfðu verið hluti af hinu umdeilda svæði (Larson og Shevchenko 2014, 274).

Stuðningur Rússa þróaðist að lokum til þess að þeir studdu opinberlega sjálfstæði héraðanna tveggja (Berryman 2010, 228). Var þessi ákvörðun þvert á afstöðu flestra ríkja Evrópu og Bandaríkjanna (March 2011, 188). Kom þetta í kjölfar þess að Kosova var viðurkennt sem sjálfstætt ríki sama ár af Vesturveldum. Voru Rússar ekki sáttir með þá ákvörðun (Berryman 2010 234). Þetta gerðu Vesturveldin þó að Sameinuðu þjóðirnar hefðu ekki veitt samþykki sitt. Pútín og margir rússneskir embættismenn höfðu líkt Kosovo við aðskilnaðarhéruðin og töldu að ef veita ætti Kosovo sjálfstæði ætti það sama við héruðin í Georgíu (Larson og Shevchenko 2014, 274).

Í raun má segja að stríðið hafi verið staðgengilsstríð þar sem Bandaríkjamenn og Rússar tókust á. Georgia sem er eitt veikasta ríkið sem á landamæri að Rússlandi, var gert að fordæmi öðrum til viðvörunar (Berryman 2010, 234). NATO og Bandaríkin studdu við Georgíu gegn því sem þau litu á sem ólöglegar aðgerðir gegn fullvalda ríki (Tsygankov 2013, 186). Andstæðingar aðgerða Rússa vildu meina að samkvæmt alþjóðalögum gæti þetta aldrei staðist. Bent var á fullveldi ríkja og að samkvæmt lögum ættu ríki rétt á að taka sínar eigin

ákvarðanir. Þá ættu þau einnig rétt á því að mynda bandalög og samninga eftir sínum eigin ákvörðunum, með sína eigin hagsmuni til grundvallar. Ekki væri lögmætt að hagsmunir annarra landa ættu að ráða (Berryman 2010, 228).

Nokkur ár eru liðinn frá Georgíu stríðinu og því auðveldara að skoða afleiðingar þess en t.d. stríðsins sem er í Úkraínu í dag. Erfitt er að álykta annað en að Rússar hafi með aðgerðum sínum í Georgía endað möguleika Georgíu á því að gerast aðildarríki að NATO. Að minnsta kosti í nánustu framtíð. Það er samt ekki hægt að segja að Rússar hafi ekki einnig tapað miklu á stríðinu (Berryman 2010, 236). Áhrif þess að efnahags landsins voru slæm. Mikið magn af erlendu fjármagni fór úr landi og hlutabréf féllu mikið (Larson og Shevchenko 2014, 274). Áhrifin voru ekki bara á efnahag landsins. Árásarhneigð Rússa framkallaði sterk viðbrögð frá ríkjum NATO sem áður höfðu tilheyrt eða verið undir stjórn Rússa. Eystrasaltsríkin og Pólverjar höfðu lengið varað við Rússum. Fannst mörgum nágrannaríkjum Rússa í raun NATO taka of mikið tillit til Rússa. Radek Sikorski sem síðar varð utanríkisráðherra Póllands hafði árið 2007 kvartað opinberlega yfir því að það væri alltaf sagt við Pólverja að hafa ekki áhyggjur. Ef Rússar myndu ráðast á þá kæmi NATO ríkin þeim til varnar. Sikorski var ekki sannfærður og sagði að ekki væri nóg að segja bara hlutina. Það þyrfti meiri raunverulegar varnir en bara orð til láta Pólverja verða öruggari. Pólverjar væru þess enn minnugir hvernig bandamenn þeirra hefðu leyft Rússum og Þjóðverjum að ráðast á landið 1939. Á þessum tíma höfðu margir áhyggjur af því að NATO væri ekki nægjanlega með hugann við Rússa vegna aðgerða þeirra annars staðar í heiminum. Pólverjar og Eystrasaltsríkin kröfðust þess að NATO einbeitti sér í auknum mæli að Rússum. Ljóst er að með aðgerðum sínum gegn Georgíu þessum áhyggjuröddum aukið vægi. Atburðirnir í Úkraínu nokkrum árum síðar áttu ekki eftir að draga úr þessum áhyggjum (Berryman 2010, 236).

Úkraína

Atburðirnir í Georgíu höfðu mikil áhrif í Úkraínu enda þau skilaboð sem Rússar voru að senda Georgíumönnum einnig ætluð stjórnvöldum í Úkraínu (Tsygankov 2013, 186). Rússar líta Úkraínu sérstökum augum. Landið er þeim mun mikilvægara en Georgía. Þeir hafa því alltaf haft áhyggjur af því að það myndi bindast Vesturveldum og sterkum böndum. Úkraína hefur alveg frá upphafi sjálfstæðis síns verið að glíma við margvísleg vandamál. Þó að sum

þeirra megi tengja við samskipti þeirra við Rússa, er það fjarri lagi að Rússar beri einir ábyrgð á ástandi mála innan landsins. Í mörg ár hafa mjög efnaðir einstaklingar haft óeðlilega mikið vald innan Úkraínu og hefur það leitt til gríðarlegrar spillingar. Hefur þessi staðreynd átt stóran þátt í því að hamla nauðsynlegri nútímavæðingu landsins (Legvold 2014, 81). Rússland hefur alltaf haft mikil völd og áhrif í austurhluta landsins og hefur það flækt samband ríkjanna. Í austurhluta landsins eru mjög mikill fjöldi rússnesku mælandi fólk sem lítur mikið í átt vil Rússlands. Sem tákni um hið erfiða samband ríkjanna var það ekki fyrr en árið 1997 að Jeltsíns forseti Rússlands gat farið í opinbera heimsókn til Úkraínu. Þá var undirritaður vináttusamningur milli ríkjanna. Með honum átti að auka samstarf og samskipti þeirra. Í honum var einnig kveðið á um að löndin myndu virða landamæri hvors annars. Var ætlunin með þessu ákvæði og samningi að Rússar myndu ekki styðja aðskilnaðarsinna innan Úkraínu. Á móti átti það að vera tryggt að réttindi minnihlutahópa innan Úkraínu væri tryggt. Ættu þeir t.d. rétt á því að hafa sína eigin fjölmiðla sem væru á móturmáli þeirra og að réttur þeirra til þess að nota sitt eigið tungumál almennt væri virt (White 2011, 297-298).

Gríðarlega mikil söguleg, menningarleg, þjóðernisleg og efnahagsleg tengsl eru milli Úkraínu og Rússa. eru þessi tengsl búin að vera að myndast að minnsta kosti síðustu þrjú hundruð árin. eru landamæri landanna sem námu fyrir aðskilnaðarstríðið 1.576 kílómetrum (Berryman 2010, 233). Úkraína og Rússland eru því tengt mjög sterkum böndum. Þessi atriði eru hluti skýringa þess að aðild Úkraínu að NATO var alla tíð ólíkleg. Almennur í Úkraínu hefur almennt ekki fundist aðild að NATO vera heillandi valkostur. Stjórnvöld hafa einnig alltaf sagt að ef að landið sækti um aðild myndi endanleg ákvörðun alltaf liggja hjá þjóðinni. Þetta er ólíkt því sem var í Georgíu þar sem meiri almennur stuðningur var við aðild að NATO (White 2011, 285).

Árið 2004 varð lýðræðisbylting innan Úkraínu. Hefur hún verið kölluð Appelsínugulabyltingin. Þá sigraði Viktor Janúkovítsj, frambjóðandi sem var Rússum þóknanlegur forsetakosningar í landinu. Voru þær taldar af mörgum, þar á meðal stjórnandstöðunni og Vesturveldum, ólýðræðislegar. Mikill óánægja var með úrslit kosninganna og fóru fram kröftug mótmæli. Hæstiréttur Úkraínu úrskurðaði svo að kosningararnar hafi verið ólöglegar og voru þær láttnar fara fram aftur. Þar sigraði frambjóðandi sem ekki bara Rússum þóknanlegur. Rússar voru ekki sáttir við það sem þeir töldu afskipti Vesturvelda af kosningunum. Pútín hafði persónulega stutt frambjóðanda þann sem var Rússum þóknanlegur (Larson og Shevchenko 2014, 273). Tók hann þátt í kosningabaráttu Janúkovítsj með beinum hætti með því að fara t.d. í heimsókn skömmu áður

en kosningarnar fóru fram. Fór ekkert á milli mála í þeirri heimsókn hvaða frambjóðandi var honum þóknanlegur (White 2011, 298). Var það því honum persónulegt áfall er sá aðili sem hann hafði barist fyrir komst ekki til valda. Sá sem tók við völdum var Viktor Yushchenko og var hann ekki vel liðinn af rússneskum leiðtogum (Larson og Shevchenko 2014, 273).

Þessi óánægja átti eftir að vaxa og kom fram í Georgíu stríðinu þar sem Rússar gagnrýndu Yushchenko fyrir að vera Rússum fjandsamlegur. Var ásakur um að hafa stutt Georgíu í stríði þeirra gegn Rússum og fyrir að hafa sent vopn til þeirra. Þá taldi Medvedev sem þá var forseti Rússlands að Yushchenko væri að reyna að koma landinu í NATO, þrátt fyrir andstöðu almennings í Úkraínu. Að auki væri hann að reyna að vinna gegn rússnesku sem öðru tungumáli innan landsins (White 2011, 298).

Vandamál voru einnig milli landanna vegna orkuflutnings frá Rússlandi í gegnum Úkraínu til Vestur Evrópu. Var ekki samkomulag um það verð sem Úkraína átti að greiða fyrir gas og eldri skuldir þeirra vegna þess (White 2011, 298). Rússar hækkuðu verðið á gasi sem þeir seldu til Úkraínu gríðarlega mikið á ákveðnu tímabili sem var túlkað sem refsing fyrir stefnu sem Rússum var ekki þóknanleg. Er yfirvöld í Úkraínu sögðust ekki geta greitt fyrir gasið á hinu nýja verði hættu Rússar að senda þeim gas (Spechler 2010, 37). Átti þetta ósætti eftir að leiða til þess að gas skortur varð í Evrópu um tíma vegna þess. Það var því ljóst að afleiðingar þess að frambjóðandi sá sem Rússum var þóknanlegur sigraði ekki forsetakosningar árið 2004, bitnuðu ekki bara á almenningi í Úkraínu heldur einnig almenningi í Evrópu (White 2011, 298).

Það hvernig framkoma Rússa í garð Úkraínu stjórnaðist mikið af því hver væri við stjórn innan landsins sást vel eftir forsetakosningar árið 2010 í Úkraínu. Samband ríkjanna varð mun betra er Janúkovítsj, sá frambjóðandi sem var Rússum þóknanlegur, sigraði þær naumlega (White 2011, 298). Eitt fyrsta verk hans var að fara í opinbera heimsókn til Moskvu. Þar fullyrti hann að Úkraína myndi ekki ganga í NATO, sem var einmitt það sem Rússar vildu heyra. Þá sagði hann einnig að Rússar myndu halda herstöð sinni í Sebastopol á Krímskaga, þar sem Svartahafsfloti Rússa hefur aðsetur, lengur en samningur sá sem var í gildi, en hann átti að renna út 2017 (Berryman 2010, 236). Flotastöð og herinn sem þar var hafði lengi gert samskipti landanna erfið. Eftir hrun Sovétríkjanna var tekist á um hvort hann ætti að tilheyra Rússum eða Úkraínu (White 2011, 297). Í nóvember 2013 hafnaði Janúkovítsj stórum efnahagssamningi við ESB sem hafði verið lengi í undirbúningi. Með honum hefði Úkraína tengst ESB mun sterkari böndum en áður. Í staðinn fyrir þennan samning ákvað hann að taka tilboði frá Rússum um fjárhagsaðstoð (Mearsheimer 2014b, 80).

Rússar höfðu verið að beita hann miklum þrýstingi um að skrifa ekki undir þennan samning. Þeir óttuðust þessi auknu efnahagslegu tengsl við ESB (Larson og Shevchenko 2014, 276). Ef af þeim hefði orðið hefði draumur Pútíns um sitt eigið tollabandalag verið úti. Úkraína var lykilríki í hugmyndum hans um tollabandalag sem átti að svipa til ESB (Mankoff 2014, 66).

Afleiðing þess að hafna efnahagssamningi við ESB voru gríðarlega öflug mótæmi gegn forsetanum og ríkisstjórn hans. Kröfur mótæmenda jukust með tímanum og var tekið hart á þeim. Um miðjan febrúar árið 2014 höfðu að minnsta kosti hundrað mótæmendum látið lífið. Vesturlönd sendu fólk til þess að miðla málum. Endaði það með því að gerður var samningur á milli mótæmenda og yfirvalda, um að forsetinn myndi halda völdum þangað til að nýjar kosningar færu fram. Þetta samkomulag hélt ekki lengi. Forsetinn sá sér þann kost vænstan að flýja til Rússlands. Við völdum tók ríkisstjórn sem var Vesturlöndum mun þóknanlegri og var andsnúin Rússum. Innan nýju ríkisstjórnarinnar var að finna aðila sem voru fasistar, sem Rússar notuðu óspart til að grafa undan lögmæti hinnar nýju ríkisstjórnar (Mearsheimer 2014b, 80). Sumir þessara aðila, sem þó voru ekki margir, höfðu opinberlega lýst yfir stuðningi sínum við nasisma. Fljótlega komu fram hugmyndir sem auðvelt var að tákna sem andstæðar Rússum. Sem dæmi var að banna ætti rússnesku sem annað tungumálið innan Úkraínu. Ljóst er að það hefði verið óvinsælt meðal þeirra fjölmörgu íbúa Úkraínu búa sem höfðu það tungumál sem móðurmál (Larson og Shevchenko 2014, 276).

Nærri því 25% af íbúum Úkraínu höfðu rússnesku sem sitt móðurmál og meirihluti fólks í austur Úkraínu. Þá var gríðarlega mikið af Rússum sem heimsóttu Úkraínu og öfugt. Því voru eins og áður hefur komið fram mikil tengsl á milli landanna (Wright 2011, 297). Þessum hugmyndum um að banna rússnesku sem annað tungumál var hinsvegar hafnað af forseta Úkraínu. Það breytti því ekki að Rússar notuðu allt þetta til þess að dæma hina nýju ríkisstjórn í heild sinni sem öfgafulla fasista ríkisstjórn sem Rússum og rússneskumælandi íbúum Úkraínu myndi stafa ógn af. Þá óttuðust Rússar mikið að hinir nýju valdahafar myndu svíkja samkomulag sem gert hafði verið árið 2010 um áframhaldandi viðveru rússneska flotans í Krím til 2042 (Larson og Shevchenko 2014, 276).

Fljótlega eftir að Janúkóvitsj forseti flúði frá Úkraínu til Rússlands, eftir mótæmin miklu, birtust sérsveitarmenn og almennir hermenn frá Rússum í Krím. Tóku þeir mikið af mikilvægum stjórnarbyggingum og svæðum undir sína stjórn. Í ræðu eftir innlimun Krím lagði Pútín áherslu á að er Sovétríkin hrundu hafi rússneskur almenningur orðið ein dreifðasta og sundraðasta þjóð í heiminum. Lofaði hann því að hann myndi verja réttindi þeirra hvar sem þeir væru. Hann talaði beint til rússnesks almennings og lagði áherslu á sameiginlega

sögu þeirra, hve stolt þau ættu að vera yfir þjóðinni en einnig um mikilvægi þess að Rússland væri stórveldi. Þá kallaði hann hrun Sovétríkjanna sögulegt óréttlæti. Einnig skammaði hann Vesturveldin fyrir að saka Rússa um að brjóta alþjóðalög. Hann sagði að allar þjóðir ættu rétt á sjálfsákvörðunarrétti og að íbúar í Krím hefði lýst yfir sínum vilja (Larson og Shevchenko 2014, 276-277).

Málefni Krím höfðu verið vandamál í samskiptum ríkjanna lengi. Krím hafði árið 1991 í lýðræðislegum kosningum kosið að vera áfram hluti af Úkraínu. Stuðningurinn við það var hinsvegar mun minni en í öðrum héruðum landsins eða 54% (Mankoff 2014, 62). Engu að síður var meirihluti fólksins þar Rússar og vildi almenningur meiri sjálfstjórn frá Úkraínu en önnur héruð. Sumir vildu jafnvel alveg aðskilnað frá Úkraínu. Svæðið hafði ekki verið mjög lengi hluti af Úkraínu. Var það gefið þeim árið 1954 af Nikita Khrushchev, þáverandi leiðtoga Sovétríkjanna, í tilefni þrjú hundruð ára afmælis sameiningar Rússa og Úkraínu. Margir Rússar telja að hann hafi ekki haft lagalega heimild til að gera þetta og því hafi Krím aldrei raunverulega tilheyrt Úkraínu. Rússneska þingið ályktaði sérstaklega um þetta árið 1992 og lýsti því yfir að þetta hafi verið ólöglegt (White 2011, 297).

Þingið í Krím kaus um að lýsa yfir sjálfstæði frá Úkraínu og að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram um það hvort það yrði hluti af Rússland. Þessar kosningar fóru allar fram þar sem vopnaðir hermenn voru í kringum kjósendur. Voru þeir undir stjórn manns sem þekktur var af mafíu tengslum sínum í Rússlandi. Þegar kosningarnar fóru fram um aðild að Rússlandi voru þær ólýðræðislegar og ekki hægt að segja að það hafi verið gildar. Rússar voru hinsvegar fljótir að viðurkenna réttmæti þeirra. Skömmu eftir kosningarnar var Krím formlega innlimað inn í Rússland (Larson og Shevchenko 2014, 276). Rússar hafa ekki látið þar við sitja. Þeir hafa haldið áfram að stuðla að óeiningu innan Úkraínu með stuðningi sínum við aðskilnaðarsinna í austur Úkraínu. Hafa þeir gert það með hernaðarlegum, efnahagslegum og pólitískum stuðningi við þá. Mjög margir ef ekki meirihluta þeirra sem eru aðskilnaðarsinnar og berjast eru rússneskir ríkisborgarar. Voru þeir undir stjórn einstaklinga sem höfðu tilheyrt rússnesku öryggislögreglunni (Larson og Shevchenko 2014, 277).

Rússar hafa alltaf ásakað Vesturveldin um afskipti af innri málefnum Úkraínu. Það er enda rétt að sérstaklega Bandaríkjamenn hafa verið af því. Ljóst er að Bandaríkjamenn höfðu áhrif á mótmælendur, sem voru að mótmæla því að forsetinn skrifað ekki undir samninginn við ESB. Það er þó erfitt sé að fullyrða að hve miklu leyti þeir gerðu það. Það að Janúkóvitsj forseti hafi hrakist frá völdum var þeim að skapi. Yfirvöld í Bandaríkjunum hafa gefið mikið fé til Úkraínu til þess að hafa áhrif á þróun mála innan landsins. Miklir fjármunir renna sem

dæmi til frjálsra félagsamtaka sem heita the National Endowment for Democracy sem hafa það sem markmið að styrkja borgaralegt samfélag innan landsins. Það voru þessi samtök sem studdu stjórnarandstöðuna og uppbyggingu stofnana lýðræðisins eftir að Janúkovitsj forseti tók við völdum 2010 (Mearsheimer 2014b, 80).

Ólík kenningarleg gleraugu

Eins og svo oft í alþjóðastjórnámálum hefur fólk ólíka sýn á hvernig atburðirnir gerast. Þegar ummæli ráðamanna í Rússlandi og Vesturlöndum eru skoðuð er hægt að sjá mismunandi nálganir á atburðunum. Pútín og valdahópur hans virðast styðjast frekar við röksemdir sem eiga rætur sínar í raunhyggju fyrri tíma. Þeir telja sig hafa í krafti valds sín rétt til afskipta innan Úkraínu og vegna hins rússneska minnihluta sem finnst innan landsins. Vesturveldin og Rússar eru ekki að horfa á heiminn í gegnum sömu kenningarlegu gleraugu (Mearsheimer 2014b, 84). Aðrir raunhyggjumenn taka undir þessi sjónarmið og bæta við að henni svipi til nítjándu aldar þar sem áherslan er á að Rússland sé stórveldi í heiminum. Það sé það stórveldi sem á að ráða hvað mestu í sínum hluta heimsins (Berryman 2010, 231).

Barack Obama forseti og John Kerry utanríkisráðherra Bandaríkjanna tala um mikilvægi frjálslyndra sjónarmiða. Obama hefur talað um þau gildi sem stjórna stefnu Vesturvelda. Þessi gildi Vesturvelda þurfi að eiga í hugmyndafræðilegri baráttu við gamaldags hugsunarhátt sem á rætur sínar að rekja til kalda stríðsins. Kerry utanríkisráðherra hefur kvartað yfir því að á tuttugustu og fyrstu öldinni eigi ríki ekki að hegða sér eins og Rússar gera, með því að ráðast inn í önnur ríki á fölskum forsendum (Mearsheimer 2014b, 84). Þá má greina breytingu hjá Rússum með aðgerðum sínum í Úkraínu. Í Úkraínu hefur Rússland með valdi innlimað hluta annars ríkis í sitt eigið. Virðist Pútín og valdahópur hans líta svo á að þeir hafi þrátt fyrir andstöðu Vesturvelda meira að græða en tapa á þessu (Mankoff 2014, 64). Það virðist ekki skipta eins miklu máli fyrir þá hversu mikið þeir þarfnast Vesturveldanna. Á það sérstaklega við það hversu háður efnahagur landsins er nátturauðlindum landsins og treystir of mikið á þær. Ljóst er að Rússland þarf að byggja upp innviði samfélagsins sem eru enn að mörgu leyti arfleifð Sovéttímans. Ef Rússum er alvara með að byggja fleiri stoðir undir efnahaginn og nútímavæða innviði landsins þurfa þeir aðstoð Vesturvelda. Þaðan gætu þeir fengið tæknina og fjármagnið sem til þarf. Með aðgerðum sínum undanfarin ár hafa Rússar dregið úr þessum möguleika. Í staðinn geta þeir aukið samstarf sitt við Kínverja eða önnur minni ríki sem ekki eru jafn rík og Vesturveldin. Því fylgja þó ókostir. Aukið samband þeirra á milli væri ekki byggt á jafningjagrundvelli eins og Rússar myndu óska. Kínverjar eru einfaldlega svo miklu sterkari en Rússar (Legvold 2014, 79).

Skiptar skoðanir

Mjög áhugaverðar rökræður hafa verið milli aðila sem aðhyllast frjálslyndisstefnuna og raunhyggjustefnu um hegðun Rússa. Hefur hún birst í hinu virta tímariti *Foreign Affairs*. Það sem deilt er um er í raun hverjum það er að kenna að ástandið sé orðið jafn slæmt og það er milli Rússlands og Vesturvelda (Mearsheimer 2014b, 77). Þeir sem aðhyllast formgerðarraunhyggju telja almennt að það sem skýrir best aðgerðir Rússa sé stækkunarstefna NATO og ESB. Þetta séu dæmi um breytingar sem hafi orðið í alþjóðakerfinu og að Rússar séu tilbúnir til að gera mikið til að koma í veg fyrir hana. Þá hafi Vesturveldin ekki tekið nægilega til greina hagsmuni og vilja Rússa. Auðvelt sé að tengja þetta við gamlar hugmyndir um rétt stórvelda. Þrátt fyrir aðgerðir þeirra í Krím og Úkraínu telja formgerðarraunhyggjumenn að ekki eigi að gera of mikið úr vilja Rússa til að stækka við landsvæði sitt. Þeir vilji einfaldlega að þeim sé sýnd sú virðing sem þeir telja sig eiga rétt á. Rússar séu tilbúnir til að gera ýmislegt til að framfylgja rétti sínum til áhrifa á sínum nærsvæðum. Þá sé ennþá grundvöllur fyrir betra sambandi milli Vesturvelda og Rússa en þá þurfi til dæmis að taka betur til greina skoðanir og hagsmuni Rússa (Larson og Shevchenko 2014, 270).

John J. Mearsheimer telur að stærsta ábyrgðina á því hvernig komið er fyrir samskiptum Vesturvelda og Rússa, beri Vesturveldin. Í raun séu viðbrögð Rússa að mörgu leyti skiljanleg. Mearheimer bendir á atriði eins og stækkun NATO og ESB til austurs, og áherslu Vesturvelda á útbreiðslu lýðræðis sem ástæður versnandi samskipta. Rússar líti svo á að þessar stefnur séu hluti af því að koma löndum eins og Úkraínu undan áhrifum Rússa og inn á áhrifasvæði Vesturvelda. Sést það í stuðningi Vesturvelda við lýðræðisöfl innan Úkraínu. Rússneskir ráðamenn hafa alltaf verið á móti stækkun NATO og varað við því sem myndi gerast ef nágrannar þeirra myndi nánara samband við Vesturveldin. Mearsheimer segir að framið hafi verið valdarán í Úkraínu þegar lýðræðislegum forseta landsins, sem var hliðhollari Rússum en Vesturvöldum, hafi verið komið frá völdum með valdi. Það hafi verið síðasta stráið fyrir Pútín og hann hafi ekki getað unað við þessa þróun lengur. Sú ákvörðun að innlima Krímskaga inn í Rússland hafi verið viðbrögð Pútíns við þessu (Mearsheimer 2014b, 77).

Mearsheimer telur einnig að valdamenn í Bandaríkjunum og Evrópu hafi vanmetið Pútín og Rússland. Það hafi þeir gert sökum þess að þeir hafi ranga sýn á alþjóðasamskipti. Það

sem hann meinar með því er að þeir hafi treyst of mikið á gildi þau sem frjálslyndisstefnan styðst við. Hafi þeir talið að hún væri áhrifameiri en hún í raun var. Mearsheimer er raunhyggjumaður og telur að Vesturvöldin hafi talið að gildi raunhyggju við greiningu á stöðu alþjóðamála hafi nánast horfið. Þetta hafi verið afdrifarík mistök af þeirra hálfu. Of mikil trú á frjálslyndisstefnu, sem leggur áherslu á lög og reglu, lýðræði og efnahagslega samvinnu ríkja hafi leitt til þess að þau hafi talið að það nægði til þess að halda friðinn í Evrópu. Mearsheimer vill meina að þetta hafi verið misráðið og að staðan í Úkraínu sýni það best (Mearsheimer 2014b, 78).

Rússar líta á landsvæði Úkraínu sem ákveðna vörn gegn Vesturlöndum. Pútín er samkvæmt Mearsheimer ekki eini rússneski leiðtoginn sem myndi ekki setta sig við að missa landið yfir til áhrifasvæðis vestursins. Það ætti ekki að koma neinum á óvart að Rússar líti neikvæðum augum á að áhrifasvæði NATO, sem var mjög lengi helsti andstæðingur landsins, færðist nær landamærum þess. Rússneskir leiðtogar myndu alltaf bregðast illa við ef Vesturlönd beittu áhrifum sínum til þess að koma leiðtogum, sem þeim eru þóknanlegir, til valda. Ríki sem telja sig stórveldi munu alltaf bregðast við því ef þeim finnst hættu vera að aukast í grennd við þau. Mearheimer segir að Bandaríkjamenn myndu, sem dæmi, aldrei setta sig við það ef Kína gerði hernaðarbandalag við Kanada (Mearsheimer 2014b, 82).

Þeir sem aðhyllast raunhyggjukenningar almennt hafa fært fyrir því rök að Rússland sé raunsætt ríki sem lætur ekki hugmyndafræði stjórna aðgerðum sínum. Það séu áhyggjur af öryggismálum og efnahagslegir hagsmunir sem stjórn gjörðum Rússa. Þá geti í raun valdahópurinn sem stjórnar tekið ákvarðanir án þess að taka mikið tillit til hagsmuna og almennra skoðana innan landsins (March 2011, 189-190).

Þeir sem aðhyllast frjálslyndisstefnuna og hafa fylgst náið með málum innanlands í Rússlandi skýra aðgerðir Rússa á annan veg. Útskýra má aukna andvestræna hegðun Rússa með þáttum sem finna má innan Rússlands. Það séu ekki breytingar í alþjóðakerfinu, t.d. stækkun NATO og ESB sérstaklega sem útskýra hegðun Rússa. Fleira þarfnist til að skilja og útskýra hana. Sem dæmi má nefna tilraunir Pútíns og valdahóps hans við að reyna að beina sjónum almennings frá ástandi mála innan Rússlands. Má þar nefna aukna miðstýringu á stjórn mála innanlands og valdboðshneigð Pútíns sem hefur farið vaxandi (Larson og Shevchenko 2014, 270).

Það sé því ekki hægt að kenna Vesturvöldum eða frjálslyndisstefnunni sem slíkri um hegðun Rússa. Má þar nefna álit Michael McFaul fyrrum sendiherra Bandaríkjanna í Rússlandi. Hann er ósammála Mearsheimer og kemur frjálslyndisstefnunni til varnar. Telur

hann að röksemdafærsla Mearsheimer sýni fram á takmarkanir raunhyggjukenninga. Með því að hafa í huga að stækkun NATO sé ekki ný tilkomin, sé erfitt að segja að það sé hún sem útskýri hegðun Rússa. Það að taka bara eina breytu eins og stækkun NATO til austurs nægi ekki til að útskýra hegðun Rússa. Stækkun NATO hafi byrjað árið 1999 og ákvörðun um stækkun þess tekin mun fyrr, en innrás Rússa í Úkraínu hafi hafist 2014. Þá sé ástæðan ekki sú að Rússland hafi verið svo veikt hernaðarlega og efnahagslega áður fyrr. Vill McFaul meina að aðgerðir Rússa í Tsjetsjeníu sýni fram á hernaðarlegan mátt Rússa, á tíma þar sem þeir voru taldir veikir fyrir á tíunda áratuginum. Þær aðgerðir hafi krafist mun meiri hernaðarmáttar en innlimun Krím, sem dæmi. Þá segir hann Mearsheimer líta framhjá bættum samskiptum milli Rússa og Bandaríkjanna árin 2009-2012, löngu eftir að stækkunarstefna NATO og ESB hafi hafist. Á þessum tíma hafi samstarf ríkjanna aukist mjög mikið. Staðreyndin er sú, að mati McFaul, að Rússland hefur frá aldamótum stundum starfað með Vesturveldum og stundum ekki. Það þarf því að taka fleiri breytur en aðeins stækkun NATO til austurs til að skýra hegðun Rússa. Það er einmitt þar sem takmörkun raunhyggjukenninga kemur fram. McFaul telur, líkt og margir frjálslyndir aðilar að það þurfi að skoða innanlandsmál Rússlands til þess að skila hegðun ríkisins (McFaul 2014, 167).

Stephen Sestanovich er annar fræðimaður sem hefur gagnrýnt Mearsheimer og skoðanir hans á framferði Rússa. Vísar hann m.a. til eldri greiningar Mearsheimer um hugsanlegt ágreiningsatriði milli Rússa og Úkraínu sem gætu leitt til átaka. Áður hafði Mearsheimer meiri áhyggjur af þjóðernishyggju sem neistanum sem kveikt gæti ófriðarbál þeirra á milli. Það væri því ekki nein kerfisbreyting sem útskýri hegðun Rússa. Telur Sestanovich að vaxandi þjóðernishyggja hafi meira útskýringargildi en stefna Bandaríkjanna og bandamanna þeirra. Sestanovich segir að möguleiki á aðild Úkraínu að NATO hafi aldrei verið raunhæfur og því sé ekki hægt að nota hana sem afsökun fyrir nýlegum aðgerðum Rússa. Þetta hafi verið vitað í mörg ár og allir hafi vitað það. Lítil stuðningur hafi verið við það innan Úkraínu og fólk hafi áttað sig á að það gæti klofið landið í tvennt ef áhersla væri lögð á inngöngu í NATO. Þó að fáein ríki NATO hafi viljað fá Úkraínu í NATO hafi flest ríkjanna haft mjög takmarkaðan áhuga á aðild landsins. Ekkert hafi breyst varðandi aðild Úkraínu að NATO eftir að hin miklu mótmæli brutust út gegn Janúkovitsj forseta, eða eftir að hann hrökklaðist frá völdum (Sestanovich 2014, 171). Mearsheimer fullyrðir að stjórnarandstaðan hafi framið valdarán, með aðstoð Vesturvelda, er Janúkovitsj hrökklaðist frá völdum. Þetta hafi aukið hræðslu Rússa við það sem gæti gerst í kjölfarið og þar með ýtt undir harkaleg viðbrögð af þeirra völdum. Þetta segir Sestanovich að sé rangt. Vill hann meina að lögmæti forsetans

fyrirverandi hafi horfið fljótlega eftir að hann gaf skipanir um að takast á við mótmælendur með gríðarlegri hörku. Hafi hann í febrúar 2014, eftir að lögreglan myrti fjölda mótmælenda verið búinn að missa allan stuðning innan landsins. Úkraínska þingið kaus sem dæmi einróma um það að fjarlægja Janúkovitsj frá völdum. Hans eigin flokkur greiddi meira að segja atkvæði gegn honum (Sestanovich 2014, 172).

Að mati Sestanovich má útskýra harkaleg viðbrögð Pútíns með því að benda meðal annars á persónulega niðurlægingu hans vegna þess hvernig fór fyrir Janúkovitsj forseta. Yfirvöld í Moskvu hafi talað fyrir því opinberlega að taka harkalega á mótmælendum í Úkraínu. Þegar þau leiddu svo til þess að lögmæti Janúkovitsj hafi horfið vegna hinna harkalegu viðbragða sem Pútín mælti með, hafi það litið illa út fyrir Pútín. Leiddi það síðan til þess að Rússar innlimuðu Krím. Var það í raun aðgerð hjá Pútín til þess að bjarga andlitinu. Sestanovich bendir einnig á hvernig þessi ákvörðun gekk gegn þeirri ímynd sem Pútín hefur viljað gefa af sér. Ákvarðanatakan í kringum Úkraínustríðið hefur að mati Sestanovich afhjúpað Pútín sem stjórnámálamann sem lætur persónulegar tilfinningar sínar og hagsmuni ráða för (Sestanovich 2014, 172).

Mearsheimer hefur svarað gagnrýni Sestanovich og McFaul. Hann segir að þessi gagnrýni þeirra eigi ekki að koma á óvart. Þeir hafi báðir verið málsvarar þeirrar stefnu frjálslyndis sem varð ofan á og hefur mistekist. Segist hann að aldrei hafa meinað að NATO stækkunin hafi verið eina ástæðan þótt að hún hafi verið mjög mikilvæg. Hún hafi hinsvegar verið hluti af stærri áætlun sem hafi haft það markmið að binda Úkraínu sterkari böndum við Vesturveldin. Á hann þar við stækkun ESB til vesturs og útbreiðslu lýðræðis. Þá er hann þeirrar skoðunar að það samkomulag sem Úkraína hafi næstum gert við ESB áður en Janúkovitsj ákvað að taka tilboði Rússa hafi ekki aðeins varðar frjálsa verslun. Þar hafi einnig verið minnst á aukið samstarf og samruna á sviði öryggis og utanríkismála. Mearsheimer telur að þetta hafi í raun verið eins konar hliðaraðild að NATO (Mearsheimer 2014a, 175). Enginn rússneskur leiðtogi myndi að minnsta kosti túlka þetta með öðrum hætti að mati Mearsheimer. Hræðsla sé það sem stjórni aðgerðum Rússa í Úkraínu. Þeir vilji ekki að landið verði útvörður Vesturvelda á svæðinu. Þá hafi þetta neikvæð áhrif á valdajafnvægið á svæðinu. Önnur stórveldi í sömu aðstöðu myndu alltaf hafa sömu áhyggjur og berjast gegn því með svipuðum hætti og Rússar. Þá segir hann að hann hafi einnig talað um hvernig Rússar hafi unnið með Vesturveldum síðustu árin. Hinsvegar hafi stefna Vesturveldanna gert Rússum erfiðara um vik að starfa með þeim. Varðandi valdaránið þá segir hann Janúkovitsj hafi ekki verið settur af með lögmætum hætti. Samkvæmt Mearsheimer var ofbeldið ekki

aðeins af hálfu lögreglu eða öryggisveita á vegum Janúkovitsj heldur einnig af hálfu mótmælenda. Segir hann að margir mótmælendur hafi svikið eða aldrei stutt samkomulagið um að forsetinn myndi sitja áfram og að kosningar færu fram. Vopnaðir mótmælendur, sumir fasistar, hafi ráðist á þinghúsið og skrifstofur forsetans. Þá hafi kosningin sem fram fór í þinginu um að fjarlægja forsetann ekki staðist stjórnarskrá Úkraínu (Mearsheimer 2014a, 176). Að mati Mearsheimer má skýra tímabilið þar sem samtarf Vesturvelda og Rússa var betra, með því að þá hafi hagsmunir og áhyggjur Rússa einmitt verið teknir til greina. Þegar það var ekki gert og Vesturlönd hunsuðu Rússa, eins og gerðist fyrir átökin í Úkraínu, hafi það leitt til þess kulda sem nú ræður ríkjum (Mearsheimer 2014a, 177).

Walter Russell Mead er annar fræðimaður sem hefur blandað sér í þessa umræðu. Er hann að mörgu leyti sammála Mearheimer um að Vesturveldin hafi haft ranglega túlkað hvernig þróunin hefur verið í heiminum. Að mati hans eru ríki eins og Rússland, Íran og Kína ákveðin í því að vinna gegn því hvernig heimurinn þróaðist eftir endalok kaldastríðsins. Þau vilji og ætli sér að breyta alþjóðakerfinu. Þetta séu ófrjálslynd ríki sem líta öðruvísi á heiminn en Vesturveldin. Þá eru þau óánægð með þá forystu sem Bandaríkin hafa í alþjóðamálum. Telur hann að Vesturveldin verði að bera sinn skerf af ábyrgð á sambandi Rússlands og Vesturvelda. Vesturveldin hafi ekki litið nægilega á hvernig hlutirnir litu út frá sjónarhorni Rússa. Þá hafi þau misskilið hverskonar land Rússland er og litið framhjá sögu þess. Þau hafi frekar viljað einbeita sér að hlutum eins og aukinni stjórnun í heiminum, frelsi í viðskiptum, mannréttindum og hlýnun jarðar. Þau hafi litið framhjá atriðum svo sem baráttu um landsvæði og hernaðarvald almennt. Vestræn ríki hafa gengið útfrá því að Rússland myndi verða líkari þeim og nútímavæðast. Þau hafi í raun lesið vitlaust í stöðuna alveg frá hruni Sovétríkjanna. Tími valdastjórn mála í ætt við raunhyggjukenningar hafi ekki verið liðinn og sérstaklega ekki fyrir ríki eins og Rússland (Mead 2014, 69). Rússar séu alltaf í síauknum mæli að leggja áherslu á það, með því að beita sér, meira með afgerandi hætti í þeim ríkjum sem þeir telja til síns áhrifasvæðis (Mead 2014, 70). Alltof margir á Vesturlöndum hafi einfaldlega gengið útfrá því að ef ríki í heiminum ætluðu að lifa af, yrðu þau að taka upp frjálslynt markaðshagkerfi. Lokuð samfélög eins og Sovétríkin voru myndu aldrei geta keppt hernaðarlega og efnahagslega við ríki Vesturvelda. Þau væru ekki jafn skapandi og skilvirk efnahagslega og Vesturveldin. Þá væru undirstöður lokaðra ríkja ekki eins traustar og Vesturveldanna. Innan þeirra skorti á frelsi og virðingu fyrir réttindum einstaklinga. Af þeim sökum yrði alltaf meiri ósamstaða innan ríkja sem virða réttindi einstaklinga. Vesturveldin verði í raun að fara að haga sér eins og heimurinn er, ekki eins og þau vildu að hann væri

(Mead 2014, 69). Samkvæmt Mead þá býr fólk í Vesturveldunum við allt aðrar aðstæður en fólk í til dæmis Rússlandi Þar eru ólík gildi og stofnanir sem ráða ferðinni sem hafa mótað íbúanna (Mead 2014, 79).

G. John Ikenberry er ósammála Mead um þessi atriði. Segir hann að sýn Meads á heiminn og ríki eins og Rússlandi sé röng. Að hans mati er alþjóðakerfið mun stöðugra en Mead vill meina. Ríki eins og Rússland séu ekki fær um það að breyta alþjóðakerfinu þó vilji væri fyrir því sem Ikenberry telur ekki að sé til staðar. Rússland vilji kannski stundum hindra Vesturveldin í því að móta heiminn eftir sínum hætti. Hinsvegar segi það meira um hve veikt ríkið er heldur en um styrkleika þess. Því eigi það ekki að vera of mikið áhyggjuefni fyrir Vesturveldin að Rússlands sé að verða vandamál í alþjóðamálum. Rússland sé enn virkur þátttakandi í alþjóðakerfinu bæði á sviði efnahags og stjórnmála (Ikenberry 2014, 80). Ikenberry er einnig þeirrar skoðunar að þessi lýsing Meads á því hverju Bandaríki og Vesturveldin hafi verið að beita sér sé ekki rétt. Þau hafi ekki gleymt áherslunni á landsvæði og hernaðarmál almennt. Þetta sjáist t.d. með áherslu þeirra á því að vinna gegn útbreiðslu vopna og frjálsrar verslunar. Það sé bestu vopnin til þess að vinna gegn gamaldags valdapólítík með áherslu á samkeppni ríkja. Ólíkt Rússum hafi Vesturveldin hugmyndafræði frjálslyndisstefnunnar á bak við sig sem sé aðlaðandi fyrir fjölmörk ríki í heiminum (Ikenberry 2014, 81). Bendir hann til dæmis ríki sem hafa orðið líkari frjálslyndum lýðræðisríkjum á síðustu áratugum t.d. Brasilíu, Ástralíu, Indland og Suður-Kóreu sem dæmi um miðlungs stór lýðræðisríki. Það sé því ekki hægt að benda á Rússland sem dæmi um hvernig frjálslyndisstefnan hefur mistekist almennt í heiminum. Útbreiðsla lýðræðis í ríkjum fyrrum Sovétríkjanna sé í raun vandamál fyrir Rússland. Aðgerðir Pútíns í Krím eigi að skoða sem veikleikamerki, en ekki sem styrkeika. Þá sé Rússland á engan hátt ógn við heimsfrið. Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra séu með svo gríðarlega yfirburði hernaðarlega að Rússland geti ekki aðhafst mikið hernaðarlega gegn þeim. Þetta séu allt atriði sem hafa eigi í huga er kemur að því að móta stefnu um samskipti við Rússa. Ekki eigi að gera of mikið úr getu Rússlands né vilja til að breyta alþjóðamálum í dag. Rússland Pútíns séu ekki Sovétríkin (Ikenberry 2014, 85-87).

Niðurstöður

Við erfiðum og flóknum spurningum líkt og reynt hefur verið að svara í þessari ritgerð er kannski ekki óeðlilegt að niðurstöður séu ekki alveg einhliða. Alveg eins og raunhyggjumenn gagnrýndu frjálslyndisstefnuna um of mikla bjartsýni eftir endalok fyrri heimstyrjaldar, má segja það sama um Vesturveldin eftir hrun Sovétríkjanna. Frjálslyndisstefnan er ekki eins aðlaðandi í augum allra í heiminum eins og kannski hörðustu stuðningsmenn hennar telja. Fólk fæðist ekki með frjálslyndisgen sem þarf bara að virkja. Mismunandi menning og saga ríkja eiga ekki alltaf samleið með frjálslyndum áherslum. Breytingarnar sem Rússar reyndu að ráðast í við hrun Sovétríkjanna voru einfaldlega of miklar og átti að framkvæma of hratt. Vesturveldin tóku ekki nægilegt tillit til hversu ólíkar undirstöður samfélaganna voru. Það var ekki tekið nægilega tillit til hvernig Rússnesk menning og saga voru og eru öðru vísi en hin Vestræna.

Þetta sést vel þegar rússnesk þjóðernishyggja er skoðuð og hvernig flokkar með þannig áherslur urðu sigursælir í þingskosningum árið 1993. Þá voru Vesturveldin ekki nægilega næm varðandi hve mikið áfall það var fyrir Rússa að missa stórveldis hlutverk sitt og mátt. Allt þetta virðist hafa átt sinn þátt í því að skapa viðbrögð frá Rússum sem enn er hægt að greina í dag. Lögmæti Pútíns og valdahóps hans eru byggð að miklu leyti á því að endurreisa hið rússneska stórveldi og koma meiri stöðugleika á í rússnesku samfélagi en var á tíma Jeltsíns. Ekki er annað hægt annað en að minnast einnig á það slæma fordæmi sem Bandaríkin og ýmis önnur Vestræn ríki hafa sýnt með sínum ákvarðanatökum. Á það sem dæmi við um innrásina í Írak. Bandaríkjamenn hafa með ýmsum aðgerðum sínum grafið undan vægi alþjóðalaga og gilda. Einnig er auðvelt að hafa ákveðna samúð með rússneskum minnihlutahópum sem urðu eftir í löndum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Það hlýtur að vera afskaplega óþægileg tilfinning að vakna upp einn daginn í landi sem þú taldir að værir þitt, en á skömmum tíma breytist það í annað land.

Þá er ljóst að með nýjum áherslum NATO á starfsemi í landsvæðum sem ekki eru hluti af varnarsvæði þess, hefur það gert Rússum auðveldara að lýsa NATO frekar sem hernaðarbandalagi en varnarbandalagi. Það væri heppilegt ef NATO ríkin myndu einbeita sér frekar að upprunalegu hlutverki sínu sem var að verja Evrópu, og ekki ráðast í hernaðaraðgerðir í löndum sem ekki eru í Evrópu. Þó að hér hafi verið talinn upp ákveðin atriði sem maður getur sýnt Rússum skilning varðandi, afsakar það ekki hegðun Rússa.

Þörf Rússa til að teljast vera stórveldi á sér djúpar rætur. Er ekki hægt að tengja hana sérstaklega við kommúnistatímamann né heldur þess tímabils þar sem frjálslyndisstefnan hafði hve mest áhrif innan Rússlands. Erfitt er að kenna frjálslyndisstefnunni of mikið um hvernig komið er fyrir Rússum. Hún náði í raun aldrei að festa almennilegar rætur innan Rússlands til þess að svo sé. Saga og sjálfsmynd Rússa á sér svo miklu lengri og dýpri rætur en frjálslyndisstefnan innan landsins. Rússar telja sig vera stórveldi og að í raun hafi þeir alltaf verið það. Sem slíkir eigi þeir sérstakan rétt til þess að hafa áhrif á nágranna ríki sín. Þessi réttur er eitthvað sem á djúpar rætur í sögu Rússlands.

Rússar virðast vera eins og einstaklingur sem er svo óöruggur með sig að sífelld þarf að segja við viðkomandi hve einstakur hann er. Það er þá spurning sem hver verður að svara fyrir sig hve langt er hægt að koma til móts við þá þannig að þeim finnist þeir njóta þeirrar virðingar sem þeim beri. Þessi þörf á sér lengri og dýpri sögu en stækkun NATO eða ESB til austurs og hefur hegðun Rússa stundum verið skýrð út frá því. Líkja má þessu við viðbrögð Rússa við stækkun NATO og ESB sé frekar einkenni sjúkdómsins heldur en sjúkdómurinn sjálfur, sem er þörfin fyrir að vera stórveldi og komið sé fram við þá sem slíkt.

Upplifun Rússa um að þeir lifi í heim þar sem hættur leynast víða og að þeir séu umsetið ríki á vel við raunhyggjuna almennt. Þeir virðast mjög óöryggir með sig og telja sig ekki geta treyst á aðra en sjálfan sig. Rússar virðast því undir áhrifum hugmynda um að það ríki stjórnleysi í heiminum. Áhersla Rússa á að þeir hafi sérstakan rétt til þess að hafa áhrif á nágranna ríki sín, jafnvel með valdi á vel áhersluna á mikilvægi valds í heiminum. Rússar telja sig eiga þennan rétt vegna sinna eigin öryggismála og í krafti valds síns miðað við nágranna þeirra. Með aðgerðum sínum þeirra garð virðast þeir líta á að þeir séu að auka öryggi sitt. Þetta gera þeir með beinum hernaði eða með því að reyna auka óbein áhrif sín innan nágranna ríkja sinna. Lítil trú þeirra á alþjóðasamvinnu kemur fram í viðhorfi þeirra í garð NATO og ESB. Það ætti því kannski ekki að hafa komið neinum á óvart hvernig Rússar hegðuðu sér í garð Georgíu og Úkraínu þegar þeir töldu að Vesturveldin færu að færast nær sér. Það hefur því ákveðið gildi að styðjast við formgerðarraunhyggju við greiningu á Rússlandi. Að sjálfsögðu hefur það áhrif á hegðun Rússa að NATO og ESB stækka til austurs. Vesturveldin virðast ekki skilja eða standa á sama um hvernig Rússar upplifa þessar stækkanir þeirra. En ef það er ekki kannað hvernig ástandi mála er innan Rússlands fær rannsakandi ekki skýra mynd af hegðun Rússa.

Áhrif þess sem gerist innan Rússlands eru einfaldlega það mikil að það verður að taka það með í greiningu á hegðun Rússa. Þetta sést t.d. á því hvernig á valdatíma Pútíns hann hefur

framfylgt mismunandi utanríkisstefnu. Að mati höfundar hefur það mikið gildi við útskýringu á hegðun Rússa að skoða hluti eins og hvaða hópar innan Rússlands höfðu áhrif á mismunandi utanríkisstefnu Pútíns. Þá telur höfundur að óánægja með störf hans sem lýstu sér í mótmælum þeim sem brutust út gegn hjá honum séu mikilvæg atriði til að hafa í hug. Þetta voru mótmæli sem voru vegna aðstæðna innanlands. Þau kunna að útskýra afhverju þær neikvæðu efnahagslegu áhrif sem aðgerðir Rússa hafa haft á efnahag landsins í dag virðast ekki breyta miklu varðandi hegðun þeirra. Þær benda ekki til þess að við stjórn séu raunsæismenn sem móta hegðun ríkisins eftir beinum hagsmunum þess. Að mínu mati er við stjórn hópur í Rússlandi sem er fyrst og fremst umhugsað um að halda völdum.

Er þetta ákveðin breyting á því hvernig hægt var að sjá að á tímamarkum þar sem rússneskur efnahagur var illa á sig kominn, virtist meiri vilji til samstarfs við Vesturveldin. Átti þetta við t.d. árið 2001 og 2009. Enn er þó von til þess að Rússar hverfi frá þeirri stefnu sem þeir fylgja í dag. Rússar þurfa enn á Vesturlöndum að halda varðandi t.d. fjármagn og tækni til þess að takast á við ýmis vandamál sem ríkið á við. Rússar geta hallað sér að Kínverjum en þar munu þeir vera valdaminni aðilinn. Ekki er hægt að líka valdi Kínverjar og Rússa í heiminum og ekki er víst að Kínverjar muni koma fram við þá sem stórveldið sem þeir telja sig vera.

Þeir sem aðhyllast klassíska raunhyggju gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skoða hvað er að gerast innan ríkja. Einnig leggja þeir áherslu á það að það eru manneskjur sem stjórna ríkjum og hegðun þeirra. Af þeim sökum er það mikilvægt að taka til greina hvaða leiðtogar, eða valdahópar eru við stjórn innan ríkja. Alveg eins og Gorbachev gerði sér grein fyrir mikilvægi þess að taka aðstæður innanlands til greina við mótun utanríkisstefnu Rússlands, hafa innanlands mál mikið að segja varðandi hegðun Rússa. Þó að ekki sé hægt að neita því að alþjóðakerfið sem slíkt, líkt og formgerðarraunhyggjumenn benda á, sé áhrifavaldur í hegðun ríkja. Stækkun NATO og ESB til austurs voru áhrifaþættir í því hvernig Rússa hegða sér og sjá heiminn. Hinsvegar hefur það ekki nægilega mikið um hegðun Rússa að segja til þess að afskrifa útskýringarmátt innanríkismála með þeim hætti sem þeir gera.

Pútín notar sögu Rússlands óspart til þess að réttlæta gjörðir sínar. Ekki er það bara nútímasaga landsins sem hann styðst við heldur notar hann einnig tilvísanir í mun eldri tímabil í sögu landsins, t.d. varðandi þá hefð Rússlands að hafa sterkt ríkisvald. Þá er hann mjög meðvitaður um hvernig Rússar sjá hann sjálfan og leikur hann oft þar hlutverk sem hann telur að þeir vilji sjá hann í, t.d. í hlutverki hins sterka leiðtoga sem stendur fyrir utan leikvang stjórnmalanna eða mann aðgerða en ekki orða. Persóna Pútíns skiptir máli til að

skilja hegðun Rússa. Með honum kom stjórnandi sem ekki var eins og óstöðugur og Jeltsín var. Hann persónulega er líka uppspretta þess valds sem núverandi valdaelíta Rússlands treystir á. Fyrir svo stóran hluta af rússneskum almenningi, sem enn man eftir óróleikatímabili Jeltsíns, var hann maðurinn sem kom aftur á ákveðinni stjórn innan landsins. Ef hann fær frá völdum má fullyrða að skapast myndi mikil óvissa fyrir þessa aðila. Líklega myndi það líka hafa mikil áhrif á hvernig Rússar myndi hegða sér sviði alþjóðastjórnmála.

Aukin þjóðernishyggja innan Rússlands hefur ýtt undir þá skoðum að Rússar sé ólíkir Vesturveldum og kynt undir tilfinninguna að Rússland sé virki sem setið er um. Rússar eru ákveðnir í því að verða aftur stórveldi í alþjóðamálum. Þá hefur þjóðernishyggja reynst hentugt tæki fyrir Pútín og valdahóp hans til þess að auka samstöð innan ríkisins vegna versnandi efnahags og óánægju með störf hans. Mótmælin sem brutust út seinni hluta árs 2011 voru þeim mikið áfall og ætla má að þau hafi haft áhrif á viðbrögð Rússa í garð Úkraínu. Helsta markmið Pútíns er að halda ríkinu saman og er ekkert sem hann óttast meira en almenningur á götum Rússlands mótmæli honum og stjórn hans. Þó að hann og valdahópur hans hafi raunverulega stuðning innan Rússlands þá virðist hann ekki eins öruggur með sig og hann var áður. Því hefur það verið honum áhyggjuefni er hann sá mótmælendur í Kiev takast að koma leiðtoga sem stóð honum nærri frá völdum með eins kröftugum mótmælum og raunin varð.

Vandinn við það að setja sig í spor Rússa og reyna að skilja þeirra sjónarhorn er að lokum rekur maður sig á vegg. Margt af því sem Rússar byggja sína hegðun á er einfaldlega ekki hægt að samþykkja. Hagsmunir og skoðanir þeirra í garð nágranna sinna sem dæmi og varðandi öryggismál í Evrópu er erfitt að samþykkja. Þar gæti þessi vilji raunhyggjumanna komið inn í. Ef taka ætti hagsmuni og skoðanir Rússa alltaf til greina þá voru það væntanlega mistök að stækka ESB eða NATO. Það er þó mikið vafamál, einkum í ljósi þessa að ríkin sem þangað komu inn voru nýfrjáls ríki sem voru að jafna sig á yfirráðum Sovétmanna. Það er ekki hægt að veita Rússum einhverskonar rétt til þess að ráða málum með beinum eða óbeinum hætti innan þessara ríkja sem áður tilheyrðu þeim. Það hefði gengið þvert gegn hinu nýfengna frelsi sem þessi ríki fengu við fall Sovétríkjanna. Þau eiga að hafa sama rétt og aðrir til að ákveða sína eigin stefnu sem varðar borgara þeirra eigin ríkja. Stækkunarstefnur ESB og NATO voru framkvæmdar með vilja lýðræðisríkja sem ákváðu að ganga í ESB og NATO. Það er engum greiði gerður með því að koma fram við Rússa sem stórveldi sem þeir eru ekki. Þó að þeir hafi vissulega meiri áhrif í heiminum en mörg ríki heimsins, þá er enginn ástæða til þess að veita þeim neitunarvald um hvernig önnur ríki hegða sér. Þeir fengu neitunarvaldið

í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á tíma sem þeir voru raunverulegt stórveldi. Í dag eru þeir það hinsvegar ekki. Þó að það sé sjaldan ástæða til að ýta í birni þá er heldur enginn ástæða til þess að taka þá vettlingatökum ef þeir vakna, pirraðir af værum blundi og uppgötva að þeir eru ekki eins máttugir og þeir áður voru.

Heimildaskrá

- Berryman, John. 2010. „Russia, NATO Enlargement, and Regions of Privileged Interests.“ Í *Russian Foreign Policy in the 21st Century*. 1. útg., ritstj. Roger E. Kanet, 228-245. New York: Palgrave Macmillan.
- Cottey, Andrew. 2013. *Security in 21st Century Europe*. 2. útg. New York: Palgrave Macmillan.
- Dannreuther, Roland. 2013. *International Security: The Contemporary Agenda*. 2. útg. Cambridge: Polity Press.
- Dunne, Tim og Brian C. Schmidt. 2008. „Realism.“ Í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. 4. útg., ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 90-106. New York: Oxford University Press.
- Dunne, Tim. 2008. „Liberalism.“ Í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. 4. útg., ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 108-122. New York: Oxford University Press.
- Elman, Colin og Michael A. Jensen. 2013. „Realism.“ Í *Security Studies: An Introduction*. 2.útg., ritstj. Paul D. Williams, 15-31. New York: Routledge.
- Glaser, Charles L. 2013. „Realism.“ Í *Contemporary Security Studies*. 3. útg., ritstj. Alan Collins, 13-27. Oxford: Oxford University Press.
- Hill, Fiona. Clifford G. Gaddy. 2013. *Mr.Putin: Operative in The Kremlin*. Washington: Brookings Institution Press.
- Hollis, Martin og Steve Smith. 2009. *Explaining and Understanding International Relations*. 2.útg. Oxford: Oxford University Press.
- Ikenberry, G. John. 2014. „The Illusion of Geopolitics: The Enduring Power of the Liberal Order .“ *Foreign Affairs* 93(3): 80-90.
- Karns, Margaret P og Karen A.Mingst. 2010. *International Organizations: The Politics and Process of Global Governance*. Boulder: Lynne Rienner Publishers, Inc.
- Kaufman, Stuart J. 2013. „Ethnic Conflict.“ Í *Security Studies: An Introduction*. 2. útg., ritstj. Paul D.Williams, 264-278. New York: Routledge.

- Larson, Deborah Welch og Alexei Shevchenko. 2014. „Russia says no: Power, status, and emotions in foreign policy“ *Communist and Post-Communist Studies* 147: 269-279.
- Legvold, Robert. 2014. „Managing the New Cold War .“ *Foreign Affairs* 93(4): 74-84.
- Mankoff, Jeffrey. 2014. „Russia’s Latest Land Grab: How Putin Won Crimea and Lost Ukraine .“ *Foreign Affairs* 93(3): 60-68.
- March, Luke. 2011. „Is Nationalism Rising in Russian Foreign Policy?.“ *Demokratizatsiya: The Journal of Post-Soviet Democratization* 19(3): 187-208.
- McFaul, Michael. 2014. „Faulty Powers: Who Started the Ukraine Crisis? .“ *Foreign Affairs* 93(6): 167-178.
- Mead, Walter Russell. 2014. „The Revenge of the Revisionist Powers .“ *Foreign Affairs* 93(3): 69-79.
- Mearsheimer, John. 2001. *The Tragedy of Great Power Politics*. New York: W.W. Norton.
- Mearsheimer, John. 2014a. „Mearsheimer Replies.“ *Foreign Affairs* 93(6): 175-178.
- Mearsheimer, John. 2014b. „Why the Ukraine Crisis Is the West’s Fault: The Liberal Delusions That Provoked Putin.“ *Foreign Affairs* 93(5): 77-89.
- Morgan, Patrick. 2013. „Liberalism.“ Í *Contemporary Security Studies* . 3.útg., ritstj. Alan Collins, 28-41. Oxford: Oxford University Press.
- Navari, Cornelia. 2013. „Liberalism.“ Í *Security Studies: An Introduction*. 2.útg., ritstj. Paul D. Williams, 32-47. New York: Routledge.
- Sarotte, Mary Elise. 2014. „A Broken Promise.“ *Foreign Affairs* 93(5): 90-97.
- Sheehan, Michael. 2013. „Military Security.“ Í *Contemporary Security Studies*. 3. útg., ritstj. Alan Collins, 147-160. Oxford: Oxford University Press.
- Spechler, Dina Rome. 2010. „Russian Foreign Policy During the Putin Presidency: The Impact of Competing Approaches.“ *Problems of Post-Communism* 57(5): 35-50.
- Tsygankov, Andrei P. 2013. „The Russia-NATO mistrust: Ethnophobia and the double expansion to contain “the Russian Bear”.“ *Communist and Post-Communist Studies* 46: 179-188.
- Tsygankov, Andrei P. 2014. „Contested Identity and Foreign Policy: Interpreting Russia’s Choices.“ *International Studies Perspectives* 15(1): 19-35.

- Waltz, Kenneth. 1986a. „Anarchic Orders and Balances of Power. “ Í *Neorealism and Its Critics*. 1. Útg., ritstj. Robert O. Keohanes, 98-130. New York: Columbia University Press.
- Waltz, Kenneth. 1986b. „Laws and Theories. “ Í *Neorealism and Its Critics*. 1. Útg., ritstj. Robert O. Keohanes, 27-46. New York: Columbia University Press.
- Waltz, Kenneth. 1986c. „Political Structures. “ Í *Neorealism and Its Critics*. 1. Útg., ritstj. Robert O. Keohanes, 70-97. New York: Columbia University Press.
- Waltz, Kenneth. 1986d. „Reductionist and Systemic Theories. “ Í *Neorealism and Its Critics*. 1. Útg., ritstj. Robert O. Keohanes, 47-69. New York: Columbia University Press.
- Weber, Max. 1946. „Politics as a Vocation. “ Í *Essays in Sociology*. 1. Útg., ritstj. H.H. Gerth og C. Wright Mills, 77-128. New York: Oxford University Press.
- White, Stephen. 2011. *Understanding Russian Politics*. New York: Cambridge University Press.
- Yin, Robert K. 2014. *Case Study Research : Design and Methods*. 5. útg. Thousand Oaks: Sage Publications.